

**SKOÐUN** Mikilvægt er að foreldrar uppfræði börn sín, skrifa stjórnarmenn Blátt áfram. 13



**MENNING** Spilavinir eru fluttir í nýtt húsnæði og fengu hjálp viðskiptavina við flutningana. 26



**SPORT** Kári Kristján Kristjánsson er laus við æxli og spilar með íslenska landsliðinu gegn Slóveníu í dag. 22




FARTÖLVUR
15,6" FARTÖLVUR FRÁ
69.990
tl.is
TÖLVU LISTINN
YFIR 50 GERÐIR Á LAGER



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
3. apríl 2013
77. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# 8.730 breyttu um nafn í fyrra

Um tvö prósent þjóðarinnar breyttu um nafn í þjóðskrá í fyrra. Aldrei hafa breytingar verið jafn tíðar. Margir ósáttir við reglur þjóðskrár um stafafjölda. Rúmlega 13.000 breytingar voru skráðar á árunum 2007 til 2011.

**STJÓRNSÝSLA** Alls voru skráðar 8.730 nafnabreytingar hjá þjóðskrá Íslands á síðasta ári. Þetta er sögulegt met í nafnabreytingum innan kerfisins en til samanburðar má nefna að á fimm ára tímabilinu á undan, frá árinu 2007 til 2011, voru 13.213 breytingar skráðar á nöfnum Íslendinga.

Algengustu breytingar á nöfnum eru á kenninöfnum, sem oftar eru nefnd föðurnöfn. Þá er það að færast í vöxt að Íslendingar vilji kenna sig við bæði móður og föður, en það gengur misvel að fá slíkt í gegn þar sem leyfilegur fjöldi stafa í nafni er einungis 34 samkvæmt kerfi þjóðskrár. Því þurfa sumir að sætta sig við að kenna sig við upphafsstaf annars foreldris á undan kenninafni sínu, sökum stafafjölda.

Samkvæmt reglum þjóðskrár má breyta nafninu sínu aðeins einu sinni nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nafnbreytingar eru í flestum tilvikum gjaldskyldar, til dæmis ef verið er að fella niður eða taka upp eiginnafn, taka á upp eiginnafn foreldris í eignarfalli sem millinafn eða kenna feðrað barn við stjúpforeldri. Gjald vegna nafnabreytinga er 6.600 krónur.

Hafi verið tekið gjald vegna allra nafnabreytinganna árið 2012 þýðir það að Íslendingar greiddu tæpar 58 milljónir króna fyrir að láta breyta nöfnum sínum það ár.

- sv / sjá síðu 10

### ➜ Heiðra minningu móður sinnar

Nafnabreytingar systkinanna Steinars Óla og Lindu gengu í gegn hjá þjóðskrá á mánudaginn síðastliðinn, á afmælisdegi móður þeirra heitinnar. Þau heita nú Steinar Óli Bjarkar Jónsson og Hólmfríður Linda Bjarkar, en móðir þeirra, Björk Dúadóttir, hefði orðið 62 ára þann 1. apríl. „Við gerðum þetta í sameiningu til að heiðra minningu móður okkar og votta henni virðingu," segir Steinar Óli. „Við erum hæstánægð með að okkur sé nú fært að nota nafn móður okkar sem eins konar ættarnafn."



## MARKAÐURINN



**Tækifæri felast í samfélagsábyrgð**

Vitundarvakning hefur átt sér stað í íslensku viðskiptalífi um mikilvægi samfélagsábyrgðar. Fanney Karlsdóttir hjá Símanum segir samfélagsábyrgð snúast um að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

## FRÉTTIR

**Slitastjórn eltir Kristján**

Slitastjórn Kaupþings reynir enn að innheimta tveggja milljarða skuld Kristjáns Arasonar vegna hlutabréfakaupa í bankanum. 2

**Stórvirkur raðmorðingi** Brasilískur læknir er grunaður um að hafa valdið dauða að minnsta kosti 300 sjúklinga. 8



12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | SA | 3 |
| Akureyri | 4° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 3° | SA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | ANA | 2 |
| Reykjavík | 6° | SA | 4 |

**Hægur vindur** víða um land, bjart með köflum vestan og norðan til en lítilsháttar skúrir sunnanlands. Hiti 0 til 8 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk






**BLINDUR HJÓLREIÐAMAÐUR** Halldór Sævar Guðbergsson lætur fötlun sína ekki aftra sér þegar hann þeysist um á reiðhjóli eða skíðum, en hann missti alla sjón í september síðastliðnum. Í gær fór hann í hjólatúr um höfuðborgina með aðstoðarmanni sínum, Guðnýju Einarsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óánægja á Grensásdeild:

# Sjúkraþjálfarar íhuga uppsögn

**KJARAMÁL** Margir sjúkraþjálfarar á Grensásdeild, endurhæfingardeild Landspítala, íhuga að segja upp störfum ef stofnanasamningur fæst ekki endurnýjaður.

Þetta kemur fram í grein Íðu Brögu Ómarsdóttur og Laufeyjar S. Hauksdóttur, sjúkraþjálfara á deildinni, í Fréttablaðinu í dag.

„Eftir yfirlýsingu velferðarráðherra um að kvennastéttir innan Landspítala fengju leiðréttingu launa gætti fyrst nokkurrar bjartsýni meðal sjúkraþjálfara en lítið virðist um efndir og svörin þau að engir peningar séu til," segir meðal annars í grein þeirra.

Þær segja jafnframt að sjúkraþjálfarar hafi dregist aftur úr öðrum sambærilegum háskólastéttum. Uppsagnir sjúkraþjálfara þýði að sjúklingar fái ekki þá sérhæfðu þjónustu sem þar sé í boði. Það hafi alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir sjúklinga og annað starfsfólk, segja þær Íða og Laufey, sem skora á stjórnvöld að veita nú þegar því fjármagni til LSH sem nægir til að leiðrétta misrræmi í launum innan spítalans.

- shá / sjá síðu 12

Fjórar stórar amfetamínsendingar hafa verið teknar í Leifsstöð á árinu:

# Amfetamínbylgja ríður yfir Ísland

**LÖGREGLUMÁL** Amfetamínbylgja gengur nú yfir landið, að sögn yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar á Suðurnesjum. Frá áramótum hefur lögregla og tollgæsla í Leifsstöð fjórum sinnum lagt hald á amfetamínsendingar sem eru tvö kíló eða meira.

Við það bætist risavaxið amfetamínmál sem kom upp í janúar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þá komu tuttugu kíló af amfetamíni og 1,7 lítrar af amfetamínbasa til landsins í póstsendingum.

„Þetta er búið að vera svolítið afbrigðilegt ár og sérstaka athygli vekur þetta magn af amfetamíni," segir Guðmundur Baldursson hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Í gær greindi lögreglan á Suðurnesjum frá því að Íslendingur á fimmtugsaldri hefði setið í gæsluvarðhaldi frá því í janúarlok eftir að 2,4 kíló af amfetamíni fundust falin í töskubotni hans við komuna frá Berlín.

Fyrr í janúar var Pólverji handtekinn með tvö kíló af amfetamíni í Leifsstöð, tveir Pólverjar til viðbótar voru einnig gripnir þar í janúar með samtals þrjú kíló af amfetamíni í fórum sínum og í lok febrúar var Spánverji tekinn við komuna frá París með tæp þrjú kíló af amfetamíni í fórum sínum.

„Við höfum ekki séð svona amfetamínbylgju um nokkurt skeið," segir Guðmundur. Hann kunni ekki á henni einhlíta skýringu en kveðst standa stuggur af henni. „Það er oft sagt að svona amfetamínbylgjum fylgi aukið ofbeldi í samfélaginu þótt það hafi ekki verið rannsakað hér." - sh

**10 kg** af amfetamíni hefur lögreglan á Suðurnesjum gert upptæk í Leifsstöð frá áramótum.


HEILSUFRÉTTIR FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Í DAG
náttúrulega heilsuhúsið



Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk


Actavis

## SPURNING DAGSINS



Guðmundur, ertu ekki að tefla djarft með því að tengja þessa tvo hluti saman?

**„Jú, ég er kannski að tefla á tvær hættur.“**

Guðmundur G. Þórarinsson er fyrrverandi forseti Skáksambands Íslands. Guðmundur telur hina þekktu Lewis-taflmenn úr rostungsbeini eiga uppruna sinn á Íslandi og telur nýlegan fund rostungshausa á Snæfellsnesi renna stoðum undir kenninguna.

Hafró og Biopol ehf., skrá gönguhegðun hrognkelsa með rafeindamerkjum:

# Aldursgreina fisk með litarefni

**HAFRANNSÓKNIR** Hafrannsóknastofnun og BioPol Sjávarlíftæknisetur á Skagaströnd standa nú að tilraunum til að merkja grásleppu til að sannreyna aldur þeirra og að afla upplýsinga um gönguhegðun. Þar er að öllu leyti treyst á samstarf við sjómenn.

Segja má að ekki sé til viðurkennd aðferð til að aldursgreina hrognkelsi sem þó er lykilatriði þegar kemur að mati á stofnstærð og mikilvægur þáttur í skilningi á líffræði tegundarinnar. Árið 2012 voru 464 hrognkelsi sprautuð með efni sem litar beinvef þeirra, meðal annars kvarnir þeirra. Þegar og ef eitthvað af þessum fiskum veiðast aftur verður hægt að sannreyna eiginlegan vöxt kvarna fiskanna út frá litarefninu og þannig ákvarða aldur.

Hafró og BioPol hafa í sameiningu fjárfest í 100 rafeindamerkjum sem verða sett á hrognkelsi. Merki sem endurheimtast munu geta veitt upplýsingar um staðsetningu einstakra fiska og því varpað ljósi á gönguhegðun tegundarinnar. - shá



**GRÁSLEPPUVERTÍÐ** Aðallega eru hrogn tegundarinnar eftirsótt. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Tölur Vegagerðarinnar:

# Meirihluti vegakerfis fáfarinn

**SAMGÖNGUR** Mikill meirihluti íslenska þjóðvegakerfisins, eða 85 prósent, fellur undir alþjóðlegu skilgreininguna fyrir umferðarlitla vegi, þar sem meðalumferð yfir árið er undir 500 bílum á dag. Á vef Vegagerðarinnar er því velt upp hvort þessi staða Íslands sé sérstök miðað við aðrar þjóðir.

Fjölfarnasti vegakaflinn er Nesbraut sem nær yfir Vesturlandsveg, Miklubraut, Hringbraut, Eiðsgranda og Suðurströnd, en þar fara um 75.000 bílar um dag hvern. - þj



**VILHJÁLMUR ÓLI** Lést á laugardag eftir baráttu við krabbamein í rúmt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vilhjálmur Óli Valsson látinn

**Vilhjálmur Óli Valsson, fyrrverandi sigmaður hjá Landhelgisgæslunni, lést síðastliðið laugardagskvöld 41 árs að aldri á Landspítalanum. Hann hafði barist við krabbamein í rúmt ár og vakti þjóðarathygli í tengslum við söfnun Krabbameinsfélags Íslands, Mottumars. Vilhjálmur Óli náði að safna 1,7 milljónum króna fyrir andlát sitt.**

**Í viðtali við Fréttablaðið fimm dögum fyrir andlát sitt sagði Vilhjálmur Óli: „Það er gott að skilja eitthvað svona eftir sig, og geta haldið áfram mínu starfi við að hjálpa fólki. Vonandi verður það mitt síðasta verk að bjarga lífi. Að hjálpa aðeins til.“**

Ofmeta eigin ökuleikni:

# Um 63% segjast yfir meðallagi

**SVÍÞJÓÐ** Nærri tveir af hverjum þremur sænskum ökumönnum telja sjálfa sig betri en meðalökumenn samkvæmt könnun sem hjólbarðakeðjan Vianor hefur látið gera og vitnað er til á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Af þeim sem taka afstöðu og aka bílum segjast rúm 3 prósent vera varasamir ökumenn og rúm 33 prósent segjast undir meðallagi. Þá segjast 53 prósent vera yfir meðallagi og 10 prósent segjast frábærir ökumenn. - bj

Erfitt hjálparstarf í Sýrlandi:

# Matvælaaðstoð ítrekað rænd

**SÝRLAND, AP** Mat hefur verið rænt í að minnsta kosti 20 árásum sem gerðar hafa verið á flutningabíla og vöruhús Matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi frá því að hjálparstarf hófst í landinu í desember 2011.

Talsmaður Matvælaaðstoðarinnar sagði í gær að enginn hefði slasast í árásunum. Hann vildi ekki upplýsa hvar árásirnar hefðu átt sér stað, eða hverjir væru grunaðir um að standa að baki þeim.

Um 2,5 milljónir manna þurfa á aðstoð að halda í Sýrlandi. - bj

# Kristjáni stefnt til að greiða tvo milljarða

Slitastjórn Kaupþings reynir enn að innheimta tveggja milljarða skuld Kristjáns Arasonar vegna hlutabréfakaupa í bankanum. Hann færði skuldina í hlutafélagið 7 hægri ehf. í febrúar 2008 en slitastjórnin telur hafa verið ólöglega að því staðið.

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Kaupþings hefur stefnt Kristjáni Arasyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra einkabankaþjónustu hjá bankanum, til að greiða tveggja milljarða skuld vegna hlutabréfakaupa í bankanum.

Guðni Ásþór Haraldsson, lögmaður slitastjórnarinnar, staðfestir að málið hafi verið höfðað og að það snúist um 1,7 milljarða lán sem Kristján fékk frá Kaupþingi til að kaupa hlutabréf í bankanum misserin fyrir hrun, líkt og margir aðrir starfsmenn bankans.



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON**

Kristján tók lánin í eigin nafni en færði hins vegar skuldina yfir í einkahlutafélagið 7 hægri ehf. í febrúar 2008. Það félag var tekið til gjaldþrotaskipta í desember 2010 og stóð skuldin við Kaupþing þá í rúmum tveimur milljörðum króna. Engar eignir fundust í búinu.

Slitastjórnin hefur frá því fljótlega eftir hrun reynt að innheimta frá fyrrverandi starfsmönnum þær skuldir sem stofnuðust þegar bankinn lánaði þeim fyrir hlutabréfakaupum. Nokkrir dómar hafa fallið á þá leið að rétt hafi verið af slitastjórninni að láta rifta þeirri ákvörðun stjórnar Kaupþings skömmu fyrir hrun að fella niður persónulegar ábyrgðir starfsmanna á þessum lánum. Þeir hafa því verið dæmdir til að greiða skuldirnar, sem í sumum tilfellum hlaupa á milljörðum.

Upphaflega var talið að þeir starfsmenn sem hefðu fært skuldir sínar í eignarhaldsfélög nógu snemma til að ekki væri hægt að rifta gerningnum, til dæmis Kristján og forstjórinn Hreiðar Már Sigurðsson, væru utan seilingar slitastjórnarinnar. Ekki væri hægt að sækja að þeim persónulega vegna skuldanna.

Á þetta ætlar slitastjórnin nú að láta reyna í tilviki Kristjáns. Meginröksemdin er sú að færsla skuldarinnar í einkahlutafélagið hafi verið ólögmæt og hún liggi því enn hjá honum sjálfum.

Kristján hefur sagt að hann hafi fengið samþykki fyrir henni frá Hreiðari og fjármálastjóranum Guðnýju Örnu Sveinsdóttur, en slitastjórnin telur að þau hafi alls ekki haft umboð til að veita slíkt samþykki og því hafi skuldin í raun aldrei færst af honum persónulega með lögformlegum hætti.

Til vara er honum stefnt til að greiða þrotabúi Kaupþings féð í skaðabætur, enda hafi hann bakað bankanum tjón með því að láta færa skuldina í heimildarleysi.

Aðalmeðferð í málinu fer fram 8. maí. stigur@frettabladid.is

## Heill héraðsdómur vanhæfur

Allir átta dómarar við Héraðsdóm Reykjaness lýstu sig vanhæfa til að dæma í máli Kristjáns. Þorgeir Ingi Njálsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness, var fyrstur til að lýsa sig vanhæfan í málinu. Hann er giftur Kristjönu Aradóttur, systur Kristjáns. Í kjölfarið lýstu hinir sjö dómararnir sig einnig vanhæfa vegna tengsla sinna við Þorgeir. Þórður S. Gunnarsson var þá sóttur í Héraðsdóm Reykjavíkur og settur dómari í málinu.



**KEMPA** Kristján er fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta og þjálfaði meistaraflokk FH þangað til í fyrravor.


ALLIR VELKOMNIR

OPNIR STJÓRNMÁLAFUNDIR
Í NORÐAUSTURKJÖRDÆMI Í DAG




**Þér er boðið á opin stjórnmálafund í Norðausturkjördæmi í dag**

**Akureyri,** Brekkugötu 7a kl. 12 **Húsavík,** Kirkjubæ við Baldursbrekku kl. 20 með Steingrími J. Sigfússyni og Álfheiði Ingadóttur.

**Egilsstaðir,** Hótel Héraði kl. 12. **Reyðarfirði,** Fjarðarhótel kl. 20 með Katrínu Jakobsdóttur og Bjarkey Gunnarsdóttur.

**Rjúkandi kaffi og líflegar umræður.**

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU

VINSTRI GRÆN


Kæru vegna Álftanesvegar, umdeilds vegar yfir Gálgahraun, vísað frá:

# Umdeildur vegur verður lagður

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin hefur ákveðið að semja við verktaka um lagningu umdeilds Álftanesvegar um Gálgahraun eftir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vísaði frá kæru nokkurra íbúa við hraunið. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Þar sagði frá því að verkið hefði fyrst verið boðið út fyrir fimm árum en þá verið slegið af vegna hrunsins. Síðastliðið sumar fór Vegagerðin aftur af stað með útboð, með þeim rökum að umferðaröryggi kallaði á nýjan veg út á Álftanes. Síðan hafa tvö óskyld kærumál frestað framkvæmdum; meðal annars frá íbúum í hverfinu sem næst liggur hrauninu, en þeir töldu að framkvæmdaleyfi væri fallið úr gildi. Íbúarnir stóðu ásamt samtökunum Hraunavinum jafnframt fyrir undirskriftasöfnun og mótmælafundum í haust og bentu á að vernda þyrfti hraunið.



**ÁLFTANES** Nýtt vegarstæði hefur verið mjög umdeilt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur nú vísað kæru íbúanna frá og telur þá ekki eiga lögvarða hagsmuni þar sem lóðum þeirra var úthlutað eftir að fyrir lágu upplýsingar um lagningu vegarins.

Fréttastofa Stöðvar 2 fékk þær upplýsingar frá Vegagerðinni í gær að ákveðið hefði verið að hefja viðræður við ÍAV, sem átti næstlægsta tilboðið í verkið, upp á nærri 800 milljónir króna.

Fulltrúar íbúanna sem kærðu íhuga næstu skref, sagði jafnframt í fréttinni. - shá

TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

# Vor útsala

## 3.–9. apríl

Nú rýmum við fyrir nýjum vor- og sumarvörum í Smáralind. Spennandi útsala er hafin með fullt af frábærum tilboðum. Komdu og gerðu góð kaup í Smáralind.



Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18 Finndu okkur á facebook

ENNEMM / SÍA / NM57155

**GENGIÐ**
02.04.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,16 | 123,74 |
| Sterlingspund | 187,2 | 188,12 |
| Evra | 158,06 | 158,94 |
| Dönsk króna | 21,2 | 21,324 |
| Norsk króna | 21,142 | 21,266 |
| Sænsk króna | 18,986 | 19,098 |
| Japanskt jen | 1,3195 | 1,3273 |
| SDR | 184,81 | 185,91 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
217,2335

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna vill að ríki hafi eftirlit með vopnasölu:

# Samþykktu vopnasölusáttmála

**BANDARÍKIN** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gær sögulegan sáttmála um reglur um vopnasölu. Unnið hefur verið að sáttmálanum í tæpan áratug.

154 aðildarríki greiddu atkvæði með tillögunni en þrjú ríki gegn, Sýrland, Íran og Norður-Kórea. 23 ríki sátu hjá í atkvæðagreiðslunni í gær. Samkvæmt sáttmálanum mega ríki ekki flytja út hefðbundin vopn í trássi við vopnasölubönn. Þá mega ríki ekki flytja út vopn þangað sem þau yrðu notuð í þjóðernishreinsunum, glæpum gegn mannkyni, stríðsglæpum eða hryðjuverkum. Ríki eiga samkvæmt sáttmálanum að hafa eftirlit með þessu og koma í veg fyrir að vopn þeirra nái á svartan markað.

„Við skuldum þeim milljónum, oft þeim berskjölduðustu í samfélaginu, sem hafa þurft að lifa í skugga óábyrgrar og ólöglegrar vopnasölu milli landa,“ sagði sendiherra Ástralíu hjá SÞ, Peter Woolcott.

Rússar og Kínverjar voru meðal þeirra sem sátu hjá, en bæði ríkin eru meðal þeirra sem mest flytja út af vopnum. Rússar sögðu vanta bann við því að selja öðrum en ríkjum vopn og fulltrúar Sýrlands voru á sama máli, enda óttast þeir vopnasölu til uppreisnarmanna þar. - þeb

**7.407** milljarðar króna er áætluð upphæð vopnasölu í heiminum

Kreppan á Kýpur:

# Fjármálaráðherrann hættir

**KÝPUR, AP** Fjármálaráðherra Kýpur, Michalis Sarris, sagði af sér embætti í gær. Haris Georgiades atvinnumálaráðherra hefur tekið við ráðuneytinu.

Fyrr í gær var greint frá því að þrír dómarar myndu rannsaka aðdraganda hrunsins á Kýpur. Nikos Anastastiades forseti greindi frá rannsókninni. Hann sagði engan undanskilinn rannsókn, en fram hafa komið ásakanir um að fjölskyldumeðlimir hans hafi komið peningum úr landi - þeb

Múslíma grunar íkveikju:

# Þrettán börn létust í eldsvoða

**MJANMAR, AP** Að minnsta kosti þrettán börn létust í eldsvoða í Rangoon, stærstu borg Mjanmar, í gær. Eldsvoðinn varð í mosku sem hýsti skóla og heimavist og hefur lögreglan sagt að eldurinn hafi kviknað af völdum rafmagnsbilunar. Þrátt fyrir það hafa sjónarvottar sagt alla bygginguna hafa lyktað af dísil og telja að kveikt hafi verið í.

Sextán börn eru sögð hafa sofið á svefnlofti og orðið innlyksa þegar eldurinn náði í stigann að loftinu. Þrír drengir stukku út en hin börnin brunnu inni. Mikil átök hafa verið á milli búddista og múslíma í Mjanmar, ekki síst í Rangoon undanfarið. - þeb

Ungt fólk áfram í vanda:

# Tæpur fjórðungur án vinnu

**EVRÓPUMÁL** Atvinnuleysi í Evrópusambandinu hélt áfram að aukast í febrúar síðastliðnum.

Atvinnuleysið mælist nú 10,9 prósent en var 10,8 prósent í janúar. 1,8 milljónum fleiri eru án vinnu nú en í febrúar í fyrra.

Innan evrusvæðisins hefur fjöldi atvinnulausra haldist stöðugur frá upphafi ársins. Tólf prósent fólks á svæðinu eru án atvinnu og hafa aldrei verið fleiri. Atvinnuvandi ungs fólks í álfunni heldur áfram að aukast og í febrúar voru 23,5 prósent fólks undir 25 ára án vinnu. - þeb

## ÁRÉTTING

Umferðarstofa vill árétta að starfsmaður Umferðarstofu annast ekki skoðun eða úttekt á metanbreytingum bifreiða, sem Jón Jónsson bifvélavirki hélt fram í frétt blaðsins í gær. „Slíkt eftirlit er á hendi faggiltra skoðunarstöðva,“ segir í tilkynningu.



**NETLEIKUR** Varðstaða við Torg hins himneska friðar er væntanlega ekki eitt þeirra verkefna sem spilarar leysa af hendi í tölvuleiknum. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverjar snúa við blaðinu:

# Tölvuleikur frá hernum vinsæll

**KÍNA Kínversk stjórnvöld virðast hafa gefist upp á baráttu sinni gegn tölvuleikjum og hefur skotleikurinn Glorious Mission, sem þróaður var fyrir kínverska herinn, nú náð miklum vinsældum.**

**Í leiknum þarf að takast á við ýmsar aðstæður sem beðið gætu kínverskra hermanna. Í umfjöllun BBC um leikinn kemur fram að óvinahermönnum svipi óneitanlega til bandarískra hermanna og bandamanna þeirra, og að áróður kínverska hersins skíni þar augljóslega í gegn.**

**Leikurinn er spilaður í gegnum netið og hefur verið hlaðið niður meira en milljón sinnum frá því hann var settur á netið fyrir nokkrum mánuðum síðan.** - bj

## STJÓRNSÝSLA

### Nýr ráðuneytisstjóri

Stefán Thors hefur verið skipaður ráðuneytisstjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stefán á að baki áralangt starf í opinberri stjórnsýslu. Hann var skipaður skipulagsstjóri ríkisins árið 1985 og forstjóri Skipulagsstofnunar 1. janúar 2011.

# Blindur rennir sér á skíðum og hjólar

Blindur maður rennir sér á skíðum og stundar hjólreiðar af miklum móð. Hann segir samhæfingu og traust lykilatriði. Ánægjulegt að geta stundað íþróttir með fjölskyldunni. Hann vonast til að fleiri fari á skíði þrátt fyrir sjónleysi.

**FÓLK** Halldór Sævar Guðbergsson vakti athygli annarra skíðaiðkenda á Hlíðarfjalli um páskana enda íklæddur skærgulu vesti þar sem varað var við því að þar væri blindur skíðamaður á ferð. Á eftir Halldóri fór aðstoðarmaður hans einnig klæddur í gult vesti, merktur sem leiðsögumaður.

„Ég var svolítið á skíðum sem krakki þegar ég hafði smá sjón og fékk þá góða þjálfun. Ég byrjaði svo á þessu aftur fyrir um sex árum og var fljótur að ná þessu aftur. Þetta er svona svipað og að læra að hjóla, maður gleymir þessu aldrei.“

Halldór fæddist blindur á vinstra auga en hafði lengst af 10 prósenta sjón á því hægra. Hann missti þó sjónina algjörlega í september á síðasta ári. Halldór lætur sjónleysið ekki aftra sér frá því að stunda útivist en auk þess að fara á skíði stundar hann hjólreiðar af kappi. „Það hvarflaði aldrei annað að mér en að halda þessu áfram þó að sjónin færi alveg. Ég veit af blindu fólki erlendis sem stundar skíði þannig að ég vissi að þetta væri hægt.“

Helgi á mynd af brekkunum í Hlíðarfjalli í höfðinu á sér frá því áður en hann missti sjónina. Hann segir það hjálpa sér þegar hann skíði niður fjallið og veiti ákveðið öryggi. „Þetta gæti orðið erfiðara ef ég fer á staði sem ég hef aldrei komið á áður en ég skíða ekki einn. Ég þarf alltaf að hafa með mér aðstoðarmann sem stýrir mér í rauninni með orðum. Aðstoðarmenn mínir þurfa að vera mjög vanir skíðamenn. Þeir skíða eins nálægt mér og þeir geta, oftast fyrir aftan mig, og reyna að hafa sem minnst bil á milli okkar. Svo fæ ég bara fyrirmæli um hvað ég á að gera. Fara til hægri, vinstri, stoppa eða renna. Það tekur tíma bæði fyrir aðstoðarmanninn að þjálfa sig upp og fyrir mig að læra að treysta aðstoðarmanninum og fyrir hann að treysta mér.“



**HALLDÓR Á HJÓLI** Hann lætur sjónleysið ekki aftra sér frá því að stunda útivist á borð við skíðamennsku og hjólreiðar. Hér er hann með aðstoðarmanni sínum, Guðnýju Einarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Halldórs hefur allt gengið stórslysalaust fyrir sig í brekkunum þótt það hafi komið fyrir að hann reki sig í aðra eða lendi í „smápústrum“, eins og Halldór orðar það. Hann vonast til vera hvatning fyrir aðra sem hafa áhuga á að stunda skíði.

„Það er svo gaman að vera úti í náttúrunni með fjölskyldunni. Að sitja ekki bara heima á meðan dóttirin og konan fara á skíði heldur vera með og taka þátt.“

hanna@frettabladid.is

➜ Svo fæ ég bara fyrirmæli um hvað ég á að gera. Fara til hægri, vinstri, stoppa eða renna.


# HAFBERG
*fiskbúð sælkerans*

LÍNUÝSA
FISKIBOLLUR
PLOKKFISKUR
FISKRÉTTIR

**Heitur matur í hádeginu**
Opið laugardaga kl. 11–14

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HELDUR KÓLNAR** á landinu næstu daga og frystir norðan- og austanlands seinnipart vikunnar. Hæglætisveður verður víða um land og lítilsháttar úrkoma en bjart með köflum vestan og norðanlands í dag og birtir heldur sunnan til á morgun.




**Á morgun**
Hæg breytileg átt um allt land.




**Föstudagur**
Fremur hægur vindur um allt land.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 4° | Friedrichshafen | 10° | Las Palmas | 23° | New York | 6° | París | 7° |
| Aþena | 21° | Billund | 4° | Gautaborg | 4° | London | 5° | Orlando | 27° | San Francisco | 17° |
| Basel | 15° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 19° | Ósló | 2° | Stokkhólmur | 5° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# GÆÐARÚM Á GÓÐU VERÐI
## Tilboð á heilsurúmum

30% AFSLÁTTUR AF DRAUMEY - DÖGUN - DRAUMFARA HEILSURÚMUM

## ROYAL OG CLASSIC
**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott

**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einstaklings: **70.224**
Hjónarúm: **129.336**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

## TILBOÐ Á HJÓNARÚMUM
### FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað plagar slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu þessa dagana?
**2.** Hvað styrkir kenningar um íslenskan uppruna Lewis-taflmannanna?
**3.** Hvað hét Mammút upphaflega?

**SVÖR**

**1.** Áhyggjur af þurrki og sinueldavá. **2.** Fundur rostungshausa á Snæfellsnesi. **3.** ROK.

Frambjóðandi kærði kosningu þar sem einu atkvæði munaði í formannskjöri hjúkrunarfræðinga:

# Kjörnefndin hefur fengið álit lögmanns

**STÉTTARFÉLÖG** Einn frambjóðenda til formanns í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur kært kosninguna sem fram fór í mars. Niðurstaðan var kynnt 14. síðasta mánaðar, en þá kom í ljós að Ólafur G. Skúlason hjúkrunarfræðingur hafði verið hlutskarpastur sex frambjóðenda. Einu atkvæði munaði á honum og næsta manni.

Elsa Björk Friðfinnsdóttir, fráfarandi formaður félagsins, segir að kjörnefnd félagsins fjalli um kæruna sem kom fram fimmtudaginn 21. mars. Á þriðjudeginum þar á undan hafði stjórn félagsins þegar óskað eftir áliti lögmanns á lögmæti kosningarinnar vegna meintra ágalla á skriflegum hluta hennar. Kosningin var bæði skrifleg og rafræn.

Álit lögmannsins liggur fyrir en stjórn félagsins ákvað að gera það ekki opinbert fyrr en kjörnefnd hefði lokið skoðun sinni. Hún hefur þó fengið álitið til að styðjast við. Elsa segist búast við að kjörnefnd kveði í þessari viku upp úrskurð um lögmæti formannskosningarinnar.



ÓLAFUR G. SKÚLASON

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga fjallaði um málið á fundi sínum í gær. „Auðvitað er ekki gott þegar svona aðstæður koma upp og verður að vera ljóst að formaður í svona félagi sé rétt kjörinn, sér í lagi þegar munar bara einu atkvæði,“ segir Elsa.

Ólafur G. Skúlason segist ekkert hafa heyrt, fremur en aðrir frambjóðendur, um hvar málið standi eftir að ákveðið var að kalla eftir lögmannsáliti og kæra kom fram. Hann segir nokkra óánægju meðal hjúkrunarfræðinga vegna þess hve langan tíma þessi skoðun hafi tekið. Formannsskipti í félaginu eru fyrirhuguð í byrjun maí.

- óká




**JARÐSKJÁLFTAHRINA AUSTUR AF GRÍMSEY**




# Jarðskjálftahrina í snarpari kantinum

**Jarðskjálftahrina stendur nú yfir austur af Grímsey. Stærsti skjálftinn mældist 5,5 á Richter en engar skemmdir urðu vegna hans svo vitað sé. Hrinur af þessu tagi verða með reglulegu millibili og fylgjast verður vel með framhaldinu.**

**NÁTTÚRA** „Þetta er hrina í snarpari kantinum,“ segir Benedikt Ófeigsson, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, um jarðskjálftahrinu sem nú stendur yfir austur af Grímsey.

Skjálfti af stærðinni 5,5 varð klukkan eitt í fyrrinótt og í kjölfarið mældust mjög margir eftirskjálftar. Sá stærsti var 4,3 að stærð en stór skjálfti upp á 4,7 varð á svipuðum slóðum í gærmorgun.

Stærsti skjálftinn fannst vel víða á Norðurlandi og fékk Veðurstofan tilkynningar frá Grímsey, Húsavík, Raufarhöfn, Mývatnssveit, Akureyri og Sauðárkróki.

Almannavarnir lýstu yfir óvissustigi á svæðinu vegna skjálftanna í gær.

„Upptök skjálftans eru á brotabelti sem er hluti af flekaskilum sem tengja norðurgosbeltið við Kolbeinseyjarhrygginn. Þarna verða hrinur og þarna verða stórskjálftar annað slagið. Hrina af þessari stærðargráðu verður kannski á tíu til fimmtán ára fresti, þetta er bara það sem við er að búast,“ segir Benedikt.

Erfitt er að spá fyrir um einhvers konar framhald á skjálftahrinunni, en hrinur geta varað allt frá nokkrum dögum til nokkurra vikna. „Það geta alltaf komið stærri skjálftar og þetta getur færst. Flekaskilin liggja suðaustur í Axarfjörð og menn geta búist við skjálftum sunnar og austar en þar sem þessi varð. Hvort þessi hrina kemur af stað einhverri atburðarás eða ekki höfum við hreinlega ekki forsendur til að meta. Við þurfum bara að fylgjast vel með því.“

thorunn@frettabladid.is

## Ráðstefna um framtíð húsnæðislána á Íslandi

Ráðstefna Alþýðusamband Íslands, Íbúðalánasjóðs og Samtaka fjármálafyrirtækja um fasteignalán. Ráðstefnan fer fram á Hilton Nordica þann **4. apríl 2013**. Ráðstefnan hefst **8:30** og stendur til **11:15**.



Setning
*Höskuldur Ólafsson, formaður SFF.*

Danska húsnæðislánakerfið
*Karsten Beltoft, framkvæmdastjóri Realkreditforeningen.*

Sjónarhorn ASÍ
*Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.*

Vandamál og valkostir á íslenska fasteignalánamarkaðnum
*Ásgeir Jónsson, hagfræðingur, kynnir meginniðurstöður skýrslunnar Nauðsyn eða val – verðtrygging, vextir og verðbólga á Íslandi.*

Sjónarhorn ÍLS
*Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs.*

Umbætur á íslenska fasteignalánamarkaðnum
*Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur SFF.*

Pallborðsumræður
*Pallborðsumræður með formönnum stjórnmálaflokkana sem eiga sæti á Alþingi. Auðbjörg Ólafsdóttir, hagfræðingur, stjórnar umræðum.*

Fundarstjóri: *Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ.*

Skráning á ráðstefnuna fer fram á vef Samtaka fjármálafyrirtækja www.sff.is

Íbúðalánasjóður SFF




Síldarvinnslan framleiddi 53 þúsund tonn af afurðum á loðnuvertíðinni:

# Tóku á móti 160.000 tonnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Síldarvinnslan tók á móti rúmlega 160 þúsund tonnum af loðnu á nýliðinni vertíð. Afurðir loðnuvertíðarinnar hjá fyrirtækinu námu rúmlega 53 þúsund tonnum, þar af voru rúmlega 21 þúsund tonn frystar afurðir.

Vertíðinni lauk skömmu fyrir páska. Heildarkvóti á vertíðinni var um 570 þúsund tonn og komu liðlega 463 þúsund tonn í hlut íslenskra skipa.

Öll þrjú loðnuveiðiskip Síldarvinnslunnar öfluðu vel á vertíðinni. Börkur NK landaði 28.746 tonnum og Beitir litlu minna, eða 27.914 tonnum. Birtingur NK landaði 15.134 tonnum en hóf ekki veiðar fyrr en í byrjun febrúar þegar ákveðið var að bæta við þann kvóta sem áður hafði verið gefinn út.

Alls voru fryst 19.264 tonn af heilli loðnu fyrir ýmsa markaði í fiskiðjuverinu í Neskaupstað, auk 909 tonna af loðnuhrognum. Þá voru unnin 1.120 tonn af loðnuhrognum í Helguvík í samvinnu við Saltver ehf.

Fiskimjölsverksmiða Síldarvinnslunnar á Neskaupstað tók á móti 69.400 tonnum; á Seyðisfirði var tekið á móti 31.500 tonnum og 28.155 tonnum í verksmiðju fyrirtækisins í Helguvík.

- shá



**NESKAUPSTAÐUR** Tugir þúsunda tonna berast að landi á vertíðinni.
MYND/KRISTÍN SVANHVÍT HÁVARÐSDÓTTIR


ÚT AÐ HJÓLA
JAMIS MISS DAISY
39.990 KR.
16" BARNAHJÓL ÁN GÍRA MEÐ STÁLSTELLI OG HJÁLPARDEKKJUM.
JAMIS X1
69.990 KR.
26" FJALLAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI, FRAMDEMPARA OG 21 GÍR.
JAMIS XR
59.990 KR.
26" FJALLAHJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.
JAMIS X24
55.990 KR.
24" KRAKKAHJÓL MEÐ ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.
JAMIS EXPLORER 1
69.990 KR.
26" ÞÆGILEGT ALHLIÐA HJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR.
HOT ROD
33.990 KR.
12" BARNAHJÓL ÁN GÍRA MEÐ STÁLSTELLI OG HJÁLPARDEKKJUM.
JAMIS CITIZEN 1
64.990 KR.
28" ÞÆGILEGT DÖMU GÖTUHJÓL MEÐ STÁLSTELLI OG 21 GÍR. EINNIG TIL Í HERRA.
JAMIS EXPLORER 2
79.990 KR.
ÞÆGILEGT ALHLIÐA HJÓL MEÐ ÁLSTELLI OG 21 GÍR. DEMPARI Í SÆTISPÓSTI OG FRAMGAFFLI. EINNIG TIL Í DÖMU.
Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ARNASYNIR

# Læknir sagður hafa rekið „dauðagengi“

Brasilískur læknir er grunaður um að hafa myrt að minnsta kosti 300 sjúklinga. Læknirinn og samstarfsmenn neita sök. Einn stórvirkasti morðingi sögunnar.

**BRASILÍA** Brasilískur læknir er grunaður um að hafa valdið dauða að minnsta kosti 300 sjúklinga. Læknirinn er sakaður um að hafa rekið „dauðagengi“ starfsmanna sem hafi myrt sjúklinga sem ekki höfðu keypt sjúkratryggingar til að koma að sjúklingum sem höfðu slíkar tryggingar.

Virginia Helena Soares de Souza, 56 ára læknir á gjörgæsludeild spítala í borginni Curitiba, hefur þegar verið ákærð fyrir morð á sjö sjúklingum. Hún og samstarfsmenn hennar hafa frá upphafi haldið fram sakleysi sínu.

Lögregluyfirvöld ætla að rannsaka andlát 1.800 sjúklinga á spítalanum til að kanna hvort de Souza hafi átt þar hlut að máli.

Komi í ljós að hún hafi átt hlut að máli við andlát 300 sjúklinga sem nú verða rannsökuð yrði hún einn stórvirkasti fjöldamorðingi sögunnar. Breski læknirinn Harold Shipman hefur vermt efsta sætið á þeim lista, en talið er að hann hafi myrt yfir 250 sjúklinga.

De Souza og samstarfsmenn hennar eru grunaðir um að hafa gefið sjúklingum vöðvaslakandi lyf sem dró þá til dauða. Í einhverjum tilvikum leikur grunur á að slökkt hafi verið á öndunarvélum sem héldu sjúklingum á lífi.

Brasilískir fjölmiðlar hafa spilað símtal de Sousa, sem er meðal annars notað sem sönnunargagn, þar sem hún segir: „Mig klæjar í puttana að rýma gjörgæsluna. Það er því miður þannig að okkar verkefni er að vera milliliðir á stökkbrettinu yfir í næsta líf.“

Rannsókn málsins hefur staðið yfir mánuðum saman en de Souza og sjö samstarfsmenn hennar voru handteknir í febrúar. Þeim var sleppt úr haldi í lok mars en lögreglan hefur nú hug á að fara fram á gæsluvarðhald yfir de Souza að nýju á þeim grundvelli að hún hafi verið forsprakki glæpagengis.

brjann@frettabladid.is



**SLEPPT** De Souza sat í gæsluvarðhaldi í rúman mánuð en var sleppt 20. mars. Lögregla vill nú fá heimild til að halda henni í gæsluvarðhaldi á ný. NORDICPHOTOS/AFP

## Bað um lesgleraugu rétt fyrir andlátið

**Dr. Mario Lobato, sem stýrir rannsókn málsins, vitnaði til sjúklinga í sjónvarpsviðtali nýverið:**

- „Einn sjúklinganna var með meðvitund. Hann fékk lyf í æð en var ekki í öndunarvél. Hann hafði beðið fjölskyldumeðlim um að koma með lesgleraugun sín svo hann gæti lesið á meðan hann dvaldist á gjörgæslunni.“
- „Annar sjúklingur bað hjúkrunarfræðing um vatnsglas. Hjúkrunarfræðingurinn er vitni í málinu. Hún sagðist aldrei munu gleyma því að hún hafi ekki náð að koma með vatnið til sjúklingsins því hann lést í millitíðinni.“


B|L

MINNA ELDSNEYTI

NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

VINSÆLASTI SPORTJEPPINN
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4
Dísil, beinskiptur. Verð 5.090 þús. kr.
Eyðsla: 4,6 l/100 km*

SKYNSAMLEG KAUP
Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4
Dísil, beinskiptur. Verð 4.090 þús. kr.
Eyðsla: 5,1 l/100 km*



GLÆSILEGUR AUKABÚNAÐUR
Ma. íslenskur leiðsögubúnaður

RENAULT CLIO Expression ECO
1,5 dísil, beinskiptur. Verð 2.890 þús. kr.
Eyðsla: 3,4 l/100 km*

SPARNEYTINN SUBARU
Ný vél, aukinn bensínsparnaður



SUBARU XV – 4x4
Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.
Eyðsla: 6,6 l/100 km*

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000



Ársfundur 2013

Veðurstofa Íslands

# Veðurstofa Íslands – rannsóknastofnunin

**Dagskrá**

Staður: Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 7

Tími: Fimmtudagur 4. apríl kl. 08:15–10:45

Tími gefst fyrir spurningar milli erinda og í lok fundarins

Ársfundurinn er opinn öllum, en óskað er eftir skráningu í síma 522 6000 (móttaka) eða í tölvupósti vidburdir@vedur.is

| | |
|---|---|
| 08:15 | **Morgunverður í boði Veðurstofunnar** |
| 08:50 | **Ávarp ráðherra**<br>**Svandís Svavarsdóttir** umhverfis- og auðlindaráðherra |
| 09:00 | **Veðurstofan: Brú yfir Heljargjá**<br>**Árni Snorrason** forstjóri Veðurstofu Íslands<br>*Veðurstofan er sívakandi yfir náttúruöflunum og leitast er við með rannsóknum að skilja eðli þeirra enn betur. Árni mun kynna það sem helst stóð upp úr á síðasta ári í starfi stofnunarinnar, hvernig til tókst með reksturinn og horfur á næsta ári.* |
| 09:30 | **Rannsóknainnviðir Veðurstofu Íslands – efling innviða í jarðvísindum**<br>**Kristín S. Vogfjörð** rannsóknastjóri<br>*Veðurstofan rekur fjölþætt mælanet til vöktunar og rannsókna á náttúru Íslands og hefur á undanförnum árum fjárfest fyrir nær 600 milljónir króna í innviðum. Kristín mun kynna uppbyggingu jarðvísindalegra innviða Veðurstofunnar. Sú uppbygging stendur á grunni eftirlitskerfa stofnunarinnar með eldgosa- og jarðskjálftavá og byggist á fjárfestingu innlendra og erlendra rannsóknasjóða og hagsmunaaðila í mælitækjum og gagnaþjónustu til uppbyggingar Evrópunets rannsóknainnviða í jarðvísindum.* |
| 09:50 | **Snjór og samgöngur á norðurslóðum**<br>**Harpa Grímsdóttir** útibússtjóri Snjóflóðaseturs Veðurstofunnar á Ísafirði<br>*SNAPS (Snow, Ice and Avalanche Applications) er samnorrænt verkefni um samgöngur á norðurslóðum og vandamál sem skapast vegna snævar. Veðurstofan stýrir verkefninu. Vestfirðir eru tilraunasvæðið á Íslandi. Vegirnir sem unnið er með eru Súðavíkurhlíð vegna snjóflóðahættu og Steingrímsfjarðarheiði vegna skafrennings. Harpa kynnir markmið verkefnisins og helstu afurðir hingað til.* |
| 10:10 | **ICEWIND: Rannsóknir á vindauðlindinni**<br>**Guðrún Nína Petersen** sérfræðingur í veðurfræðirannsóknum<br>*Þó að vindur hafir verið nýttur frá rafvæðingu til að knýja litlar vindrafstöðvar þá hefur vindorka í raun verið lítið nýtt til raforkuframleiðslu á Íslandi. Skriður komst ekki á rannsóknir á íslensku vindauðlindinni fyrr en eftir aldamótin. Guðrún Nína mun kynna samnorrænt rannsóknarverkefni þar sem þekkingu á sviði vindorku á köldum svæðum er miðlað og kannaðir þeir þættir sem hafa takmarkandi áhrif á vindorkunýtingu á Norðurlöndunum.* |
| 10:30 | **Lokaorð** |
| 10:45 | **Fundarslit** |
| | Fundarstjóri: **Ingvar Kristinsson** |

**www.vedur.is** **vedur@vedur.is**

DEBENHAMS

# Útsala

Taktu

# 30-70% AF

miðaverði

Gerðu lífið skemmtilegra

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Ótrúlegt tilboð!

2 fyrir 1 til Prag

25. apríl

Verð frá kr. 39.900

Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin

Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Prag 25. apríl í 4 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.

Verð kr. 39.900
Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 25. apríl í 4 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr.79.800.

Verðdæmi fyrir gistingu:

Kr. 17.900 í tvíbýli á hótel ILF ***
í 4 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 30.300

Kr. 31.600 í tvíbýli á hótel Park INN ****
í 4 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 60.400

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Þurfti að sanna nafn sitt með kirkjubókum

Fjölskyldutengsl eru aðalástæða þess að fólk breytir nafni sínu í þjóðskrá. Ungur maður þurfti að leita í kirkjubækur til að fá nafn sitt leiðrétt. Kona þurfti að láta upphafsstaf móður sinnar nægja og er ósátt við hámarksstafafjölda kerfisins.

**STJÓRNSÝSLA** Ólafur Steinar missti ættarnafn sitt á pappírum þegar þjóðskrá var tölvuvædd, þar sem nafnið var of langt fyrir kerfið.

„Þegar ég varð átján ára sóttist ég eftir því að fá þetta leiðrétt,“ segir Ólafur, sem þurfti að lokum að leita í gamlar kirkjubækur til að sýna fram á að hann hefði verið skírður upprunalega nafninu sínu. Hann var skírður Ólafur Steinar Kristjánsson Þorvaldz en ættarnafnið strokaðist út árið 1986 sökum tæknilegra annmarka þjóðskrár.

„Ég sannaði að ég er skírður þessu nafni og þeir enduðu á því að leiðrétta það, sem var vesen því seta er ekki lengur viðurkenndur stafur í íslenska stafrófinu. Ég fékk þetta í gegn að lokum og nú heita báðir strákarnir mínir nafninu og bróðir minn ætti að geta þetta ef hann drattaðist til þess eftir allt erfiðið sem ég hef gengið í gegnum,“ segir Ólafur á léttum nótum.

Ninna Karla Katrínardóttir bar áður nafnið Ása Ninna Katrínardóttir. „Ég notaði Ásunafnið lítið sem ekkert og það fór í raun í taugarnar á mér að hafa það þarna,“ segir Ninna. „Fólk greip yfirleitt fyrra nafnið og ég var því yfirleitt kölluð Ása, sem mér fannst leiðinlegt því Ninna er að mínu mati afskaplega fallegt nafn og ég fékk það í höfuðið á ömmu minni.“ Ninna lét því verða af breytingunni og lét í leiðinni kenna sig við stjúpföður sinn, Karl.



**BREYTINGAR Í NÁND?** Fjölskylduheiður er ein aðalástæða þess að fullorðnir Íslendingar ákveða að breyta nöfnum sínum. Þó heita langflestir sama nafninu allt sitt líf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sólveig Ása B. Tryggvadóttir vildi láta kenna sig við móður sína, Björgu. Hún fékk þó þau svör frá þjóðskrá að þar sem nafnið væri orðið of langt þyrfti hún að segja skilið við Ásunafnið til að passa inn í kerfið.

„Upphaflega ætlaði ég að vera Bjargar-Tryggvadóttir, en þar sem þetta varð svo mikið vesen endaði ég á einu litlu B-i,“ segir Sólveig. „Það er ansi fúlt að stafafjöldinn sé svona takmarkaður.“

sunna@frettabladid.is

> **Ég fékk þetta í gegn að lokum og nú heita báðir strákarnir mínir nafninu og bróðir minn ætti að geta þetta ef hann drattaðist til þess eftir allt erfiðið sem ég hef gengið í gegnum.**
>
> *Ólafur S.K. Þorvaldz*




BL Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

Verðlækkun á nauðsynjavörum er kjarabót:

# Fjórar leiðir að lægra vöruverði

Vöruverð í landinu var til umræðu á aðalfundi Samtaka verzlunar og þjónustu (SVÞ) fyrir páska, enda standa mörg spjót á verzluninni í landinu, nú þegar verðbólgan lætur enn og aftur á sér kræla.

Margrét Kristmannsdóttir, formaður SVÞ, kveinkaði sér á fundinum undan verðlagseftirlitsátaki Alþýðusambandsins, Vertu á verði, sem ætlað er til að vekja athygli á verðhækkunum og veita verzlunar- og þjónustufyrirtækjum aðhald. Slíkt aðhald er af hinu góða, en hitt er rétt sem Margrét benti á, að það er ákveðinn tvískinnungur í því fólginn af hálfu ASÍ að skamma verzlunarfyrirtæki fyrir að velta út í verðlagið óraunhæfum launahækkunum síðustu kjarasamninga, sem þau sögðust strax í upphafi ekki hafa efni á. Ein leið til að halda verðbólgunni í skefjum er klárlega sú að gera skynsamlega kjarasamninga.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Aðra leið til að tryggja verðstöðugleika til lengri tíma kom formaður SVÞ líka inn á; að skipta um gjaldmiðil og losna við krónuna sem „heldur verðgildi sínu verr en Matadorpeningur". Lækkun gengis krónunnar á drjúgan hluta í verðhækkunum, sem dunið hafa á landsmönnum að undanförnu. Þeir sem dásama sveigjanleika krónunnar eru um leið að segja að þeir vilji viðhalda þessum verðbólguvaka.

Þriðja leiðin sem Margrét gerði að umtalsefni er lækkun á tollum á landbúnaðarvörur, sem eru talsverður hluti af innkaupum heimilanna. Hún hefur rétt fyrir sér í því að tilraunir til að hrófla við ofurtollunum, sem lagðir eru á innfluttar búvörur, rekast iðulega á varnarmúr, sem er samsettur úr vel skipulögðum hagsmunasamtökum og að því er virðist öllum stjórnmálaflokkum.

Það má gera athugasemdir við þá útreikninga sem formaður SVÞ kastaði fram, eins og fulltrúar landbúnaðarins hafa gert undanfarna daga, en enginn vafi leikur á að afnám tollanna myndi auka samkeppni við innlendan landbúnað og lækka verðið – annars væru hagsmunahóparnir ekki á móti því.

Það væri góð byrjun að afnema tolla á kjúklinga- og svínakjöti, því að eins og Margrét benti á er sú framleiðsla tollvernduð þrátt fyrir að hún eigi fátt sameiginlegt með hefðbundnum landbúnaði hér á landi. Það eru engin rök fyrir að vernda verksmiðjuframleiðslu fyrir erlendri samkeppni. Ef svína- og kjúklingaframleiðendur hafa rétt fyrir sér í því að vara þeirra sé betri og hollari en sú innflutta, hafa þeir varla miklar áhyggjur af að tollarnir fari.

Í grein hér í blaðinu á skírdag dró Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna, í efa að afnám tolla myndi lækka vöruverð mikið. „Spyrja má hvort verslunin eigi ekki aðra og nærtækari möguleika til að færa heimilunum slíkan sparnað. Afgreiðslutími verslana er t.d. óvíða jafnlangur og þekkist hér á landi og fjárfesting í verslunarhúsnæði er mikil," skrifaði Erna.

Nú útilokar það að sjálfsögðu ekki afnám tollverndarinnar þótt verzlunin eigi aðra möguleika á að hagræða og lækka þannig verð. Bezt er að sjálfsögðu að gera hvort tveggja. En Erna vekur athygli á fjórðu leiðinni sem á að fara að því að lækka vöruverð. Í McKinsey-skýrslunni á dögunum var vakin athygli á því að framleiðni í verzlun og þjónustu á Íslandi er afleit og verzlunarhúsnæði alltof stórt. Ein leið til að halda niðri vöruverði er að taka á þeim vanda – og þar þurfa samtök eins og SVÞ að horfa í eigin barm.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Superkaup.is

Canon myndavélar

á tilboði til kl. 24:00, 8. apríl.



Takmarkað magn í boði. 2ja ára ábyrgð.

Sendingarkostnaður innifalinn. Borgarís ehf S:5646700

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekkert málþóf ... núna

Forystufólk stjórnmálaflokkanna mættist í fyrsta sinn í sjónvarpskappræðum á RÚV í gærkvöldi. Þar komu stjórnarskrármál að vonum nokkuð við sögu. Stjórnarandstæðingar áréttuðu að þeir hefðu viljað gjarnan viljað að málið fengi eðlilegan framgang – þeir hafi ekki einu sinni haldið uppi málþófi um það nú á lokasprettinum. Vandamálið hafi bara verið hve ófullburða þetta hafi allt saman verið, málið hafi ekki verið nógsamlega rætt og unnið. Þeir eru þó varla búnir að gleyma að þeir héldu uppi málþófi í umræðum um þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða forsetakosningunum fyrir ári. Ætli málið hefði verið komið lengra nú í þinglok ef þeir hefðu sleppt því?

### Smá skekkja

Guðmundur Franklín Jónsson, hægrigræningi, talaði líka um stjórnarskrármálið. Hann sagði að það ferli allt hefði kostað skattborgara tvo og hálfan milljarð. Það er nálægt sannleikanum, en samt svo víðsfjarri. Þjóðfundur kostaði 63 milljónir, stjórnlagaþingskosningarnar 322 milljónir, starf stjórnlagaráðs 300 milljónir og þjóðaratkvæðagreiðsla í fyrrahaust 260 milljónir. Samtals er það tæpur milljarður.





### Framsóknarflokki allt

Annars leggst allt á sveif með Framsóknarflokknum þessa dagana. Hann mælist langstærsti flokkur landsins og nú er bent á að Ríkisútvarpið hafi kannski ekki gætt allrar hlutlægni þegar umgjörð miðilsins fyrir kosningaumfjöllunina þetta árið var hönnuð. Ekki þurfi mjög frjótt ímyndunarafl til að lesa út úr einkennismerki umfjöllunarinnar, X13, hvatningu til fólks um að kjósa Framsóknarflokk – merkja X við B. Kvörtunum hlýtur að fara að rigna yfir Pál Magnússon.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR





# Sjúkraþjálfarar ósáttir

KJARAMÁL



Ída Braga Ómarsdóttir
sjúkraþjálfari á Grensásdeild



Laufey S. Hauksdóttir
sjúkraþjálfari á Grensásdeild

Sjúkraþjálfarar á Landspítala hafa farið fram á endurskoðun á stofnanasamningi við spítalann eins og kjarasamningar kveða á um. Eftir yfirlýsingu velferðarráðherra um að kvennastéttir innan Landspítala fengju leiðréttingu launa gætti fyrst nokkurrar bjartsýni meðal sjúkraþjálfara en lítið virðist um efndir og svörin þau að engir peningar séu til. Álag á sjúkraþjálfara Landspítala hefur aukist mikið á síðustu árum eins og á aðrar heilbrigðisstéttir. Sjúkraþjálfarar, sem lokið hafa fjögurra ára háskólanámi, búa við sífellt lakari kjör og hafa dregist aftur úr öðrum sambærilegum háskólastéttum. Þeir hafa fram til þessa sýnt langlundargeð en nú er svo komið að margir sjúkraþjálfarar á Grensásdeild íhuga alvarlega að segja upp ef stofnanasamningurinn fæst ekki endurskoðaður.

Á Grensásdeild Landspítala er veitt sérhæfð þverfagleg endurhæfing. Flestir sjúklinganna koma frá öðrum deildum Landspítala og þurfa langvarandi endurhæfingu m.a. vegna heilablóðfalls, heilaskaða, mænuskaða, fjöláverka, missis útlims eða alvarlegra veikinda.

Sjúkraþjálfun er afar mikilvægur þáttur í starfsemi Grensásdeildar og hafa sjúkraþjálfararnir lagt áherslu á að veita faglega og einstaklingsmiðaða þjónustu, auk þess að sinna kennslu og rannsóknum.

Þjálfun hreyfigetu er að stórum hluta á ábyrgð sjúkraþjálfara. Ljóst er að ef sjúklingar á Grensásdeild fengju ekki sérhæfða sjúkraþjálfun hefði það alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þá og lífsgæði þeirra myndu skerðast. Álag á annað starfsfólk ykist þar sem sjúklingarnir næðu ekki eins mikilli sjálfsbjargargetu, dvöl á deildinni lengdist og fleiri þyrftu vistun á hjúkrunarheimili. Sjúklingar á bráðadeildum spítalans sem þurfa þverfaglega endurhæfingu þyrftu að dvelja lengur á bráðadeild með þeim aukna kostnaði sem það hefði í för með sér. Auk þessa ykist kostnaður samfélagsins þar sem færri yrðu sjálfbjarga og færri kæmust aftur út í atvinnulífið.

**➜ Nú er svo komið að margir sjúkraþjálfarar á Grensásdeild íhuga alvarlega að segja upp ...**

Það virðist staðreynd í okkar samfélagi að þeir sem vinna með fólk fá mun lægri laun en þeir sem vinna innan fjármálageirans. Allir starfsmenn spítalans gegna mikilvægu hlutverki við að veita sjúklingum spítalans sem besta þjónustu. Hver hlekkur í keðjunni er mikilvægur til að starfsemi spítalans gangi vel.

Við skorum á stjórnvöld að veita nú þegar því fjármagni til Landspítalans sem nægir til að leiðrétta misræmi í launum heilbrigðisstétta innan spítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Af hverju speglun (flipp)?

Spurningunni í ofangreindri fyrirsögn má svara með orðum bandarísks kennara: Hvort viltu vinna með nemendum í tíma eða tala við nemendur í tíma? Hefðbundin kennsla, eins og flestir hafa kynnst, er byggð upp þannig að kennarinn er sá virki í tímunum og stjórnar virkninni. Skipulagið byggir að mestu á einni flík fyrir alla. Nemendur eru þiggjendur. Sumir passa í flíkina, öðrum er hún of stór og enn öðrum of lítil. Þess vegna hefur orðið til sá skólaleiði sem tröllríður menntakerfinu. Eftir tímana eiga nemendur að taka með sér heimaverkefni. Sumir gripu ekki efnið og hafa ekki þær aðstæður heima að fá aðstoð. Þetta er hópurinn sem er líklegur til að detta út úr skóla með tilheyrandi sársauka og kostnaði samfélagsins.

MENNTUN



**Hjálmar Árnason**
framkvæmdastjóri Keilis

### Bætir skólastarf!

Spegluð kennsla (e. flipped classroom) getur verið svarið við þessu kæfandi ástandi. Reynsla þeirra sem reynt hafa ýtir undir þá skoðun. Árangur á samræmdum prófum hefur stórbatnað, virkni nemenda snaraukist, ánægja nemenda vaxið og foreldrar eru almennt jákvæðari gagnvart námi barna sinna.

Fjölmörg dæmi um jákvæðar breytingar í einstökum skólum styðja þessa tölfræði. Skal engan undra því virkur nemandi er auðvitað lykill að árangri. Í skólakerfinu í dag eru allt of margir nemendur lítið virkir. Þess vegna þekkjum við of mikinn námsleiða, of hátt brottfall og allt of þekkt agavandamál. Speglunin (flippið) getur verið ein leið út úr þeim ógöngum.

### Hvernig virkar flippið?

Í raun er spegluð kennsla mjög einföld: Kennari tekur upp „fyrirlestra“ sína eða nýtir betri fyrirlestra frá öðrum með eigin tali, glærum, myndböndum og öðru því sem að efni dagsins fellur. Í stað þess að mala í tímum vistar kennarinn efnið á netinu. „Heimaverkefni“ nemandans er að horfa á kynninguna heima við – eins oft og nemandinn vill og þegar hann hefur tíma.

Þarna liggur grundvallarmunur. Í stað þess að vera skammtaður takmarkaður tími með öllum hinum í kennslustund fær nemandinn þann tíma sem hann þarf fyrir námsefnið. Getur hlustað aftur og aftur á fyrirlesturinn og farið yfir glósur (meira að segja foreldrar geta fylgst með). Í tímana kemur sem sagt nemandinn undirbúinn og fer beint í að sinna verkefnum, tengdum fyrirlestrunum að heiman. Nemendum er skipt í hópa eftir því hvar þeir eru staddir í náminu en kennarinn gengur á milli og aðstoðar við verkefnin. Þannig fá allir nemendur tækifæri og aðstoð til að grípa efnið. Í því er fólgið mikið jafnræði til náms. Hver nemandi fær verkefni miðuð við sínar þarfir í stað „ein flík fyrir alla“.

**ÁRANGUR BANDARÍSKRA SKÓLA SEM INNLEITT HAFA SPEGLAÐA KENNSLU?**

| Námsgrein | Fall fyrir speglun | Fall eftir speglun: |
|---|---|---|
| Stærðfræði: | 50% | 19% |
| Enska: | 44% | 13% |

### Hvað vinnum við?

Ávinningurinn er margþættur:

- kennslustundir einkennast af virkum nemendum og kennari hefur færi á að aðstoða einstaklinga í námi
- nemandinn lærir á eigin hraða – getur spólað til baka ef hann náði ekki í fyrstu atrennu
- nemandinn fær kynninguna þó að hann sé fjarverandi frá skóla (vegna veikinda, félagslífs eða annars)
- skólatíminn einkennist af virkri samvinnu nemenda um námsmarkmið
- foreldrar geta auðveldlega sett sig inn í námsferlið
- einkunnir hækka?
- minni agavandamál (vegna virkra nemenda)
- ýtir undir Mastery learning (nemendur haldi áfram þegar þeir hafa náð einu markmiði í stað þess að allir séu látnir haldast í hendur – hvort sem þeir hafa náð efni eða ekki)
- léttara að fylgjast með stöðu nemenda við einstök markmið námsefnis
- meira gegnsæi í náminu
- kennari kynnist nemendum sínum betur
- nemendur ábyrgari fyrir námi sínu

Vegna þess að kennari hefur færi á að vinna nánar með nemanda innan kennslustofu verður lærdómsferlið dýpra. Í stað utanbókarlærdóms kemur aukinn skilningur. Nemandinn stýrir að nokkru leyti sjálfur námshraða sínum í stað þess að allir fylgi öllum. Orka nemenda í tímum fer í lærdóm í stað „kjaftagangs“ um allt annað en námsefnið.

### Jafnræði til náms?

Líklega geta flestir verið sammála um að nokkur þreyta sé komin í skólakerfið okkar. Veldur þar margt – ekki síst breyttur veruleiki hvað varðar aðgengi að upplýsingum. Bregðist skólar ekki við þeim veruleika munu þeir einfaldlega verða langt á eftir nemendum sínum með tilheyrandi vandamálum. Spegluð kennsla getur verið ein af þeim lausnum. Til að koma henni á þarf fyrst og fremst nýja hugsun um það hvernig skipuleggja eigi námið.

Mikilvægi kennarans verður síst minna en í hefðbundinni kennslu en hlutverkið breytist – eðli málsins samkvæmt. Við svo róttækar breytingar þarf að leysa úr alls kyns úrlausnarefnum. Sé hins vegar vilji til staðar er málið létt. Þetta snýst ekki um tækjabúnað (sem er að mestu leyti þegar til staðar í skólunum) heldur nýja hugsun um það hvernig best sé fyrir nemendur okkar að læra námsefni sitt. Spegluð kennsla felur í sér tækifæri til að ýta hressilega undir aukið jafnræði allra til náms, efla virkni og árangur nemenda – m.ö.o. að gera menntakerfið skilvirkara.

# Sæstrengur og lækkað raforkuverð

ORKUMÁL



**Guðlaugur Ingi Hauksson**
áhugamaður um vistvæna orku

**➜ Fjármögnun sæstrengs er kannski stór tala en miðað við ávinninginn er hún lítil.**

Það sem veldur því meðal annars að raforkuverð til heimila er hærra en raforkuverð til stóriðju er þörf heimila fyrir breytilega notkun. Verðið byggir á hámarksnotkun, en ekki á mismunandi notkun. Við borgum þess vegna gjarnan um fimmtán krónur fyrir kílóvattsstund en stóriðjan borgar iðulega í kringum þrjár krónur.

Ef hægt væri að selja rafmagnið um sæstreng þegar við erum ekki að nota það, þá gæti verðið lækkað. Það eina sem þarf að gera er að breyta samningum milli framleiðanda raforkunnar og smásöluaðila. Sæstrengurinn gerir annars konar samning mögulegan, þ.e. samning sem leyfir breytilega notkun. Þannig gefur sæstrengur tilefni til lækkunar raforkuverðs til heimilanna, en ekki til hækkunar.

Fjármögnun sæstrengs er kannski stór tala en miðað við ávinninginn er hún lítil. Þegar einstaklingar kaupa sér húsnæði er greiðslubyrði af hverri milljón gjarnan 4-5 þúsund krónur á mánuði, til 40 ára. 600 megavatta sæstrengur kostar u.þ.b. 350 milljarða. Ef tekið væri lán fyrir sæstreng til Bretlands fyrir 350 milljarða til 40 ára væri greiðslubyrðin 350*4 milljónir = 1,4 milljarðar á mánuði, miðað við íslenska húsnæðislánavexti. Vel má gera ráð fyrir að selja 500 gígavattsstundir á mánuði (miðað við 70% meðal lestun strengsins) svo flutningskostnaðurinn yrði tvær krónur og 80 aurar á kílóvattsstundina. Þar sem verð á raforku í Bretlandi er að jafnaði tvöfalt hærra en hérna getur þetta verið fundið fé.

Svo fáum við arðinn af orkusölunni og mætti þá bæta heilbrigðisþjónustuna og/eða lækka skatta sem því nemur. Svo er ekki verra að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda í leiðinni.

**Aðalfundur Landsbankans fyrir árið 2012**

Aðalfundur Landsbankans verður haldinn miðvikudaginn 17. apríl kl. 16:00 í Silfurbergi í Hörpu. Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

**Dagskrá**

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Forvarnir og fræðsla fyrir börn um kynferðislegt ofbeldi

KYNFERÐISLEGT OFBELDI



**Sigríður Björnsdóttir**
framkvæmdastjóri Blátt áfram



**Ragna Björg Guðbrandsdóttir**
félagsráðgjafi og fyrrv. stjórnarmaður í Blátt áfram

Í grein sem birtist í Fréttablaðinu þann 28. febrúar sl. eftir Sæunni Kjartansdóttur var fyrirsögn sem kom okkur sem störfum við fræðslu og forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á óvart. Fyrirsögnin var „Fræðsla barna er ekki málið“ í grein sem kom annars inn á marga góða þætti í umræðunni um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi.

Þegar rætt er um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi er megináherslan á að ná til foreldra og benda á leiðir til að vernda börn fyrir kynferðislegu ofbeldi. En fræðsla er ekki síður mikilvæg og að hún beinist jafnt til foreldra og barna. Góð tengsl foreldra og barna eru grunnur að svo mörgu, ekki síst þegar kemur að því að börn þurfa að biðja foreldra um hjálp.

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er flókið mál. Forvarnir og fræðsla um málaflokkinn eru ekki síður flókið mál og skiptir þar mestu máli að okkar mati að til komi heildstæð nálgun. Mikilvægt er að foreldrar fái hvatningu og stuðning til að vera í góðum tengslum við barnið sitt og uppfræða það um hættur kynferðislegs ofbeldis eins og börnum eru kenndar umferðarreglurnar.

### Sterkasta vopnið

Ábyrgð samfélags og skóla að viðhalda fræðslu og upplýsingum um kynferðislegt ofbeldi skiptir líka máli. Börn þurfa að fá færi á að fræðast á mismunandi þroskastigum um kynferðislegt ofbeldi, hvað það sé og hvað sé hægt að gera ef maður veit um einhvern sem hefur orðið fyrir slíku ofbeldi eða barnið sjálft hefur sætt kynferðislegu ofbeldi. Það sem flestum ber saman um sem vinna að þessum málaflokki er að sterkasta vopn barna gegn kynferðislegu ofbeldi sé öflugt sjálfstraust. Við vitum að það er til mikils ætlast af barni að koma í veg fyrir það ef einhver hefur ákveðið að beita það kynferðislegu ofbeldi og það fyrsta sem brotnar hjá barninu er trú þess á eigið ágæti og það koma brestir í sjálfstraustið. Þess vegna er það enn þá mikilvægara að sjálfstraustið sé sterkt og börn þekki mörk sín og annarra.

**➜ Mikilvægt er að foreldrar fái hvatningu og stuðning til að vera í góðum tengslum við barnið sitt og uppfræða það um hættur kynferðislegs ofbeldis …**

Samtökin Blátt áfram hafa tekið mið af þessari heildstæðu nálgun í vinnu sinni að forvörnum og fræðslu gegn kynferðislegu ofbeldi. Blátt áfram gaf út fræðslubæklinginn „7 skref til verndar börnum“, sem er ætlaður til að styðja foreldra í að vernda börn sín fyrir kynferðislegu ofbeldi. Samtökin bjóða líka upp á námskeiðið „Verndarar barna“ sem ætlað er fólki sem vill fræðast og verða öruggara í umræðunni um kynferðislegt ofbeldi. Fræðsla fyrir börn fer fram innan veggja skólanna. Þar er boðið upp á brúðuleikhúsið „Krakkarnir í hverfinu“ og teiknimyndina „Leyndarmálið“. Frásögn barna um kynferðislegt ofbeldi er viðkvæmt ferli þar sem börn fara í gegnum margar innri hindranir til þess að ákveða hvort þeim sé óhætt að segja frá og þá hverjum. Það er trú okkar að með fræðslu sé hægt að stytta þetta ferli hjá börnum þannig að þau treysti sér og umhverfi sínu til að taka við þeim erfiðu upplýsingum sem kynferðislegt ofbeldi felur í sér.



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI HÓLM ÓSKARSSON**
**frá Þúfum,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki mánudaginn 25. mars sl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 5. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

**Erla E. Steingrímsdóttir**
**Óskar Stefán Gíslason** **Adela Y. Magno**
**Gísli Guðberg Gíslason** **María Þóra Sigurðardóttir**
**Á. Rúnar Hólm Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg móðir okkar,

**ÁRNÝ SIGRÍÐUR ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Digranesvegi 18, Kópavogi,**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 23. mars. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 5. apríl kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kolbrún Hilmarsdóttir**
**Jón Hilmarsson**
**Sigrún Hilmarsdóttir**
**Katrín Hilmarsdóttir**
**Þórey Hilmarsdóttir**
**Steinunn Hilmarsdóttir**
**Þorsteinn Hilmarsson**
**Hilmar Hilmarsson**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR**
**forvörður,**
**Austurbrún 2,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 22. mars sl., verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 3. apríl kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið.

**Sigurjón Þ. Ásgeirsson**
**Hlynur V. Ásgeirsson** **Patricia Bono**
**Þórunn H. Óskarsdóttir** **Sigurður A. Jónsson**
**Hrafnkell S. Óskarsson** **Arndís B. Hulduðóttir**
**Margrét L. Óskarsdóttir** **Rúnar Salvarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Okkar elskulega

**ÞÓRHILDUR JÓNSDÓTTIR**
**TÓTA**
**leikskólakennari,**

lést á líknardeild LSH í Kópavogi föstudaginn 29. mars sl. Hún verður kvödd í Fossvogskirkju föstudaginn 5. apríl klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á reikning til styrktar börnum hennar í Arion banka, 0372-13-111075 kt. 071189-2449.

**Steinn Skaptason**
**Erla Rún Þórhildardóttir** **Jóhann Páll Kulp**
**Urður Mist Þórhildardóttir**
**Björn Máni Björnsson**
**Jóhanna Björnsdóttir**
**systkini og fjölskyldur.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

**VILHJÁLMUR ÓLI VALSSON**
**stýrimaður/sigmaður,**
**Furugrund 54,**

lést laugardaginn 30. mars á Krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 12. apríl kl. 11.00.

**Berglind Jónsdóttir**
**Kristberg Óli Vilhjálmsson** **Dagný Heiða Vilhjálmsdóttir**
**Bjarki Freyr Vilhjálmsson** **Guðný Sunna Vilhjálmsdóttir**
**Valur Heiðar Einarsson** **Dagný Heiða Vilhjálmsdóttir**
**Margrét Viðarsdóttir**
**Einar Heiðar Valsson** **Magdalena Ólafsdóttir**
**Halldóra Sigrún Valsdóttir**
**Birgir Snær Valsson** **Erla Heiðveigardóttir**

**ÞETTA GERÐIST:** 3. APRÍL 1948

## Marshall-aðstoðin var grundvölluð

Harry S Truman, þáverandi forseti Bandaríkjanna, skrifaði undir áætlun um aðstoð við stríðshrjáð lönd Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina. Áætlunin var skipulögð af bandaríska utanríkisráðuneytinu og nefnd eftir þáverandi utanríkisráðherra, George Marshall, sem átti hugmyndina. Sjóðnum sem stofnaður var í þessu skyni var ætlað að efla efnahagslegan uppgang í löndum Evrópu og að vera liður í því að auka samvinnu milli Evrópu og Bandaríkjanna.

Alls þáðu sextán þjóðir boð Bandaríkjanna um aðstoð, þar á meðal Íslendingar. Miðað við höfðatölu högnuðust Íslendingar líklega mest á aðstoðinni því uppbyggingin hér á landi eftir stríð var henni mikið að þakka. Hjól atvinnulífsins fóru að snúast, innflutningur og útflutningur hófst að nýju og líf manna féll í réttar skorður.






**ÞÓRARINN ELDJÁRN** *Hér gægist skáldið upp úr eigin barnabókahrúgu. Svo er að minnst kosti ein í smíðum.* FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sum orðin sem ég bý til eru bull og þvæla

**Þórarinn Eldjárn rithöfundur tók við verðlaununum Sögusteini í gær fyrir framlag sitt til barnabókmennta. Vigdís Finnbogadóttir afhenti þau fyrir hönd IBBY.**

„Ég hef gaman af þegar börn fara með heilu bálkana eftir mig utan að og segjast hafa lært þá óvart,“ segir listaskáldið Þórarinn Eldjárn, en eftir hann liggja margar bækur með bundnu máli fyrir börn. Í gær, á degi barnabókarinnar, var hann heiðraður fyrir þau höfundarverk með hálfri milljón króna og verðlaunagripnum Sögusteini. Samtökin IBBY á Íslandi veita verðlaunin árlega og að þessu sinni var það Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, sem afhenti þau. Valnefndina skipuðu þær Brynja Baldursdóttir, íslenskufræðingur og kennari, Dagný Kristjánsdóttir prófessor og Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður.

Af verkum Þórarins fyrir börn má nefna Stafrófskver og ljóðabækurnar Óðfluga, Heimskringla, Halastjarna, Grannmeti og átvextir, Gælur, fælur og þvælur og Árstíðirnar. Þrjár þær fyrstnefndu komu út á tíunda áratug síðustu aldar og hafa síðan verið gefnar út í einni bók sem heitir Óðhalaringla, en nafnið gefur góða mynd af orðasmíð skáldsins. „Sum orðin sem ég bý til eru nytjaorð en önnur eru bara bull og þvæla sem er alveg bráðnauðsynlegt að hafa með,“ útskýrir hann.

Eftir Þórarin liggur líka nútímaútgáfa af Völuspá á aðgengilegu máli fyrir börn og talvert af barnabókaþýðingum. Hann kveðst hafa gaman af að skrifa fyrir börn, enda séu þau þakklátir lesendur. Ekki síst sé gaman að yrkja fyrir þau, þar sem hljóðstafir og rím eigi yfirleitt greiðan aðgang að þeim.

Þórarinn kveðst hafa prófað efni bókanna á eigin börnum og barnabörnunum. „Svo koma alltaf ný börn,“ bendir hann á og kveðst aðspurður með enn eina barnabók í undirbúningi en útgáfuárið er ekki ákveðið.

gun@frettabladid.is

## Úr bókinni Grannmeti og átvextir

Í ávaxtadeildinni er úrvalið mest
af öllu því gómsæti er mér þykir best.
Þar finn ég sviðaldin, sæfíkjur, nöldrur,
sigurber, fríðaldin, lítrónur, sköldrur.
Síaldin, flatber og ofurepli,
umsínur grænar með bleikum depli.
Goðdalíettur og grammófínur,
groddur og snjóþrúgur, andrésínur.
Brimsætar hnuðlur og beiska tota,
biðlistasúrur og útúrsprota.
Gammsínur mjúkar og meðalónur,
menningarfíkjur og aðaltrónur.
Úlfaldinkjarna, ráðber og reskjur,
ritepli, myndber og granatsveskjur.
Veimiltítur og vitsmuníerur,
viðloður, æsiber, sýndarperur.



†

Útför elskulegrar systur okkar og mágkonu,

**KRISTÍNAR BRAGADÓTTUR**
**Efstalandi 4, Reykjavík,**

sem lést á heimili sínu 16. mars, fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, miðvikudaginn 3. apríl, kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Geðhjálp.

**Angela Baldvins** **Stefán Valur Pálsson**
**Grímhildur Bragadóttir** **Haukur Guðlaugsson**
**Baldur B. Bragason** **Esmat Paimani**
**Halldór Bragason**
**Steingrímur Bragason** **Sesselja Einarsdóttir**
**Kormákur Bragason** **Þórdís Pálsdóttir**
**Matthías Bragason** **Gréta Gunnarsdóttir**
**Þorvaldur Bragason** **Ólöf Sighvatsdóttir**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLVEIG MARÍA BJÖRNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði 26. mars síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 4. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Hjúkrunarheimilið Ás í Hveragerði.

**Lúðvík Duke Wdowiak**
**Barbara Wdowiak** **Einar Pálmi Jóhannsson**
**Terry Wdowiak** **Juan Marquez**
**Gunnar Bill Björnsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Þorgeir Sigurður Þorgeirsson** **Karina (Chaika) Þorgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. apríl 2013 | 7. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



# MIKIL TÆKIFÆRI Í NÝSKÖPUN TENGD **SAMFÉLAGSÁBYRGÐ**

→ **Viðtal við Ketil B. Magnússon, framkvæmdastjóra Festu.**

→ **Sex stór íslensk fyrirtæki að baki Festu**

→ **Samfélagsábyrgð snýst um langtímahugsun**

SÍÐA 4

## Stjórn Eimskips breytist mikið

Stjórn Eimskips mun taka miklum breytingum á aðalfundi félagsins sem fram fer í dag. Frestur til að gefa kost á sér í stjórnina er runninn út en einungis einn af fimm stjórnarmönnum er í kjöri á aðalfundinum í dag, Richard Winston Mark d'Abo. Sjálfkjörið verður í stjórnina í dag en auk d'Abo eru í kjöri Gunnar Karl Guðmundsson, stjórnarformaður AFL sparisjóðs og fyrrverandi forstjóri Skeljungs og MP banka, Helga Melkorka Óttarsdóttir, hæstaréttarlögmaður hjá Logos, Hrund Rúdólfsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Marel, og Víglundur Þorsteinsson, fyrrverandi stjórnarformaður BM Vallár. Stærstu eigendur Eimskips eru sjóðir á vegum bandaríska fjárfestingarfyrirtækisins Yucaipa með samanlagt 25,3%, Lífeyrissjóður verzlunarmanna 14,57% og LBI hf. með 10,4%.

## AGS lokar sjoppunni í Riga

Í sumar lokar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) fastaskrifstofu sinni í Riga í Lettlandi. Fram kemur í tilkynningu að lokunin haldist í hendur við lok skipunartíma Davids Moore, fulltrúa sjóðsins ytra. „Skrifstofan opnaði um mitt ár 2009 eftir að framkvæmdastjórn AGS samþykkti síðla árs 2008 efnahagsáætlun í samstarfi við Lettland," segir í tilkynningu. „Lettland stóð með sóma við áætlunina og lauk henni árið 2011 og endurgreiddi á undan áætlun allar skuldbindingar sínar árið 2012."

## Framtakssjóðurinn seldi allt sitt hlutafé í Vodafone í gær

Framtakssjóður Íslands seldi í gær allt sitt hlutafé í Vodafone. Fyrir söluna var Framtakssjóðurinn stærsti einstaki hluthafinn í félaginu með 19,397% hlut en markaðsvirði hlutarins er tæplega 2,3 milljarðar króna. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins keypti um 8% í félaginu í viðskiptunum og er eftir viðskiptin með samanlagt 12,49% hlut og er þá sennilega orðinn stærsti einstaki hluthafinn. Í janúar var Lífeyrissjóður verzlunarmanna næststærstur á eftir Framtakssjóðnum með 12,3% eignarhlut. Vodafone var skráð á markað í desember og hefur hlutabréfaverð félagsins hækkað um 10,2% síðan.



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

# Fjöldi ákærumála hjá héraðsdómstólunum

### Eftir dómstólum

Á heimasíðu Dómstóláráðs, domstolar.is, má finna ýmsa tölfræði um þróun yfir fjölda dómsmála hjá héraðsdómstólunum. Þær tölur ná til áranna 2000-2012. Sé litið til heildarfjölda ákærumála á þessu tímabili kemur í ljós að þeim málum hefur fækkað umtalsvert undanfarin þrjú ár. Á árinu 2012 voru þau til dæmis 2.091 sem er talsvert minna en árið 2008 þegar þau voru 3.660.




http://data.is/10rJGqi

Heimild: Dómstólaráð

### Eftir ákæruaðila

Tölur um fjölda mála þurfa auðvitað ekki að segja alla söguna, þar sem dómsmál geta verið mjög ólík að eðli og umfangi. Ef til vill kann ein skýringin á þessari breytingu að vera sú að ákæruvaldið hafi þurft að leggja meiri vinnu í færri en flóknari mál. Í því ljósi er forvitnilegt að skoða frekari sundurliðun ákærumála hjá héraðsdómstólum. Stærsti undirflokkurinn í þeim hópi er ákærumál frá lögregluembættum og sýslumönnum. Svo virðist sem heildarfjöldi þeirra mála hafi lækkað umtalsvert eftir 2008. Sé rýnt í tölurnar kemur raunar á daginn að þeim málum sem ríkissaksóknari höfðar hefur einnig fækkað (frá 255 árið 2000 í 180 árið 2012) en tilkoma embættis sérstaks saksóknara skýrir það væntanlega að einhverju leyti.




Heimild: Dómstólaráð

http://data.is/10rBKFy

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 3. apríl**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Aðalfundur Eimskips

**Fimmtudagur 4. apríl**
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í febrúar 2013
- Vöruskipti við útlönd janúar-febrúar 2013
- Verðbréfaviðskipti á netinu – fræðslufundur VÍB

**Föstudagur 5. apríl**
- Vöruskipti við útlönd mars 2013 bráðabirgðatölur
- Útboð ríkisbréfa

**Þriðjudagur 9. apríl**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
- Mannfjöldinn 2012
- Efnahagslegar skammtímatölur í apríl 2013

**Fimmtudagur 11. apríl**
- Útboð ríkisvíxla
- Aðalfundur Vodafone

**Föstudagur 12. apríl**
- Trúfélagsbreytingar

**Mánudagur 15. apríl**
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs í febrúar 2013

**Þriðjudagur 16. apríl**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Mannfjöldinn á 1. ársfjórðungi 2013
- Fiskafli í mars 2013

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




# Fólk notar sparifé til hlutabréfakaupa

***Sjóðir sem fjárfesta í hlutabréfum bólgnuðu út fyrstu tvo mánuði ársins. Eign þeirra í skráðum hlutabréfum óx um 40% á tímabilinu en hafði áður vaxið um 17% í desember. Á sama tíma lækka innlán.***

**FJÁRFESTINGAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Hlutabréfaeign hinna ýmsu fjárfestingarsjóða bólgnaði út á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Á sama tíma lækkuðu innlán heimilanna sem bendir til þess að Íslendingar hafi á undanförnu fært hluta af sparnaði sínum yfir í hlutabréf.

Fréttablaðið greindi frá því í janúar að áhugi væri farinn að glæðast á ný á innlendum hlutabréfamarkaði eftir tíðindalítil ár. Þannig voru fyrstu tvær vikur ársins 2013 þær æsilegustu á markaðnum frá bankahruni.

Frá áramótum hefur OMXI6-hlutabréfavísitalan enda hækkað um 14,4% en til samanburðar hækkaði hún um 16,37% allt árið í fyrra, sem var hið besta á markaðnum frá bankahruni. Þá hækkaði vísitalan um 5,6% bara í desember, 10,7% í janúar.

Í þessum tveimur mánuðum stækkaði eign verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða í skráðum hlutabréfum hins vegar umtalsvert meira. Í desember jókst hún um tæplega 4,4 milljarða, eða 16,7%, og í janúar um ríflega 9,2 milljarða, eða 30,3%.

Þróunin hélt svo áfram í febrúar þegar úrvalsvísitalan hækkaði um 3,5% en hlutabréfaeign ýmissa sjóða um 7,7%.

Á þessu tímabili hafa innlán heimilanna hjá innlánsstofnunum dregist saman. Í desember, janúar og febrúar lækkuðu þau um ríflega átta milljarða króna en á sama tíma hafa hlutabréfasjóðir stækkað um ríflega ellefu milljarða sé tekið tillit til ávöxtunar hlutabréfa á sama tímabili.

Þetta bendir til þess að heimili landsins hafi að undanförnu fært sparifé inn á hlutabréfamarkaðinn í leit að betri ávöxtun en finna má á innlánsreikningum. Spilar þar án efa inn í sú góða ávöxtun sem verið hefur á markaðnum upp á síðkastið.

Þá voru þrjú ný félög; Reginn, Eimskip og Vodafone, skráð í Kauphöllina á síðasta ári, en þau fylgdu í kjölfar Haga, sem urðu í desember 2011 fyrsta félagið til að vera skráð á markað eftir bankahrun.

Fjölgun fjárfestingarkosta er yfirleitt nefnd sem ein helsta skýring þess að áhugi á hlutabréfamarkaðnum hefur glæðst en markaðsvirði þessara fjögurra félaga er um þriðjungur af markaðsvirði allra félaga í Kauphöllinni.

### Hlutabréfaeign sjóða og innlán




Heimild: Seðlabanki Íslands

### OMXI6 hlutabréfavísitalan









Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó við kunnum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við um hvað starfið snýst.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að mikilli reynslu á sviði orku og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi og þörfum fyrirtækja í orkugeiranum. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

**Hjörtur Þór Steindórsson hefur margra ára reynslu á sviði orkumála, bæði innanlands og erlendis.**

**Hjörtur er viðskiptastjóri Orkuteymis Íslandsbanka.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Tækifæri fólgin í samfélagsábyrgð

*Sex fyrirtæki stofnuðu síðla árs 2011 Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Hugtakið hefur orðið æ meira áberandi í viðskiptalífinu að undanförnu. Markaðurinn ræddi við nokkra sérfræðinga um samfélagsábyrgð fyrirtækja.*

FRÉTTASKÝRING/FYRIRTÆKJAÁBYRGÐ
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is

Vitundarvakning hefur verið að eiga sér í stað í íslensku viðskiptalífi á síðustu árum um mikilvægi samfélagsábyrgðar í rekstri fyrirtækja. Sífellt fleiri fyrirtæki veita þessari hugmyndafræði athygli og stofnuðu sex stór íslensk fyrirtæki Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, árið 2011. Að undanförnu hefur Festa boðið fleiri fyrirtækjum að taka þátt í starfi sínu og ræddi Markaðurinn við nokkra af þeim frumkvöðlum sem rutt hafa brautina.

**MARGÞÆTT STARFSEMI FESTU**

Ketill B. Magnússon var nýverið ráðinn framkvæmdastjóri Festu en miðstöðin verður tveggja ára gömul á árinu. Festa er sjálfstæð stofnun með samstarfssamning við Háskólann í Reykjavík sem er fjármögnuð með félagsgjöldum aðildarfyrirtækja.

Festa var stofnsett af sex íslenskum fyrirtækjum; Alcan á Íslandi, Íslandsbanka, Landsbankanum, Landsvirkjun, Símanum og Össuri. Í síðasta mánuði var svo opnað fyrir félagsaðild fleiri fyrirtækja og varð Ölgerðin fyrsta nýja aðildarfyrirtækið undir lok mars.

„Festa hefur það markmið í fyrsta lagi að hvetja til aukinnar umræðu um samfélagsábyrgð í samfélaginu þannig að það skapist meiri þekking um hugmyndafræðina og að hún komist enn frekar á dagskrá hjá bæði fyrirtækjum, yfirvöldum og fjölmiðlum," segir Ketill. „Við stefnum auk þess að því að vera þekkingarmiðstöð um hugmyndafræðina og stöndum í þeim tilgangi fyrir fræðslufundum og námskeiðum um samfélagsábyrgð þar sem meðal annars erlendir sérfræðingar hafa komið og talað."

Ketill segir að Festa styðji auk þess með ýmsum hætti við fyrirtæki sem vilja innleiða starfshætti í anda hugmyndafræðinnar um samfélagsábyrgð. „Við bjóðum þessum fyrirtækjum upp á vinnustofur, fundi, tengslanet og ráðgjöf auk þess að gefa þeim tækifæri til að taka beinan þátt í mótun þessarar tiltölulega ungu hugmyndafræði á Íslandi," segir Ketill.

**SAMFÉLAGSÁBYRGÐ SNÝST EKKI BARA UM STYRKI**

Spurður hvernig íslensk fyrirtæki hafi breytt starfsemi sinni með það fyrir augum að gera hana samfélagslega ábyrgari svarar Ketill: „Fyrirtæki gera það með mjög fjölbreyttum hætti. Yfirleitt byrjar það með stefnumótun þar sem gerð er tilraun til þess að svara þeirri grundvallarspurningu hvert framlag fyrirtækisins er til samfélagsins. Því næst fara fyrirtæki að spyrja sig hvort vörur þeirra séu öruggar, hvort hráefni og aðföng séu nýtt með réttum og ábyrgum hætti og svo framvegis."

Þá segir Ketill að í allri slíkri vinnu sé langtímahugsun rauður þráður þótt nákvæma nálgunin geti verið ólík eftir geirum. „Best er þegar hún tengist kjarnastarfseminni. Fyrir nokkrum árum snerist samfélagsábyrgð á Íslandi einungis um að gefa styrki til góðra málefna. Það er hið besta mál og mikilvægt að fyrirtæki leggi sitt af mörkum. Það er hins vegar mikill og útbreiddur misskilningur að samfélagsábyrgð snúist einungis um slíkt. Það er vel hægt að hugsa sér fyrirtæki sem er alls ekki ábyrgt þó það gefi fullt af peningum til góðgerðarmála."



**KETILL B. MAGNÚSSON** Ketill var nýverið ráðinn framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð. Festa var stofnuð í lok árs 2011 af sex íslenskum fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Fleiri og fleiri fyrirtæki hafa áttað sig á því að sífellt stærri hópur neytenda vill kaupa vörur og þjónustu sem hann er sáttur við út frá ábyrgðarsjónarmiðum.

**TÆKIFÆRI Í SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGUM REKSTRI**

Áhersla fyrirtækja á eigin samfélagsábyrgð er stundum gagnrýnd á þeim forsendum að slík áhersla færi athyglina frá því sem mestu máli skipti; rekstri og arðsemi fyrirtækjanna.

„Við teljum þetta tvennt mjög vel geta farið saman og raunar fjölmörg tækifæri í því fólgin fyrir fyrirtæki að beita þeirri langtímahugsun sem samfélagsábyrgð krefur. Því má segja að það séu viðskiptaleg rök fyrir því að fyrirtæki leggi áherslu á samfélagsábyrgð ekki síður en siðferðisleg rök," segir Ketill. „Erlendar rannsóknir hafa sýnt að mjög margir neytendur vilja frekar eiga í viðskiptum við samfélagslega ábyrg fyrirtæki og að starfsmenn sem starfa hjá slíkum fyrirtækjum séu stoltari og ánægðari með starf sitt. Þá getur traust á fyrirtækjum sem beita þessari hugmyndafræði aukist. Þessir þættir ættu allir að vera til þess fallnir að bæta afkomu fyrirtækjanna."

Ketill segir auk þess að tækifæri felist í nýsköpun sem tengist samfélagsábyrgð. „Við höfum séð að fleiri og fleiri fyrirtæki hafa áttað sig á því að sífellt stærri hópur neytenda vill kaupa vörur og þjónustu sem hann er sáttur við út frá ábyrgðarsjónarmiðum. Matvælaiðnaðurinn hefur í síauknum mæli verið að bjóða upp á matvörur sem eru framleiddar á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Í ferðaþjónustunni vilja fjölmargir koma hingað til lands til þess að njóta sjálfbærrar og ósnortinnar náttúru," segir Ketill og bendir á verslunina Frú Laugu sem dæmi um fyrirtæki sem hafi sprottið upp úr þessum jarðvegi.

Áherslur á samfélagsábyrgð fyrirtækja hafa einnig verið gagnrýndar á þeim forsendum að oft sé lítið að marka digurbarkalegar yfirlýsingar um fyrirtækjaábyrgð heldur séu þær settar fram í markaðslegum tilgangi án þess að endilega sé mikið þar að baki. Ketill segir slíka markaðssetningu ekki ganga til lengdar.

„Það er alveg rétt að þetta er hætta. Fyrirtæki geta auðvitað misnotað hugmyndafræðina til að fegra eigið útlit en slíkt gengur sjaldnast lengi. Almenningur sér að lokum í gegnum innantóma markaðsstarfsemi þar sem efndir fylgja ekki orðum. Þannig að slík nálgun er eins og að pissa í skóinn sinn."

## SAMFÉLAGSÁBYRGÐ?

Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu, segir að allur gangur sé á því hvort fólk í atvinnulífinu þekki til hugmyndafræðinnar um samfélagsábyrgð. Því liggur beint við að biðja framkvæmdastjórann um að skilgreina hugtakið: „Í stuttu máli snýst samfélagsábyrgð fyrirtækja um að fyrirtæki axli ábyrgð á þeim áhrifum sem þau hafa á samfélagið. Það er, að þau bjóði upp á ábyrga þjónustu og vörur en taki einnig tillit til aukaáhrifa sem kunna að hljótast af starfseminni. Ég get í þessu samhengi nefnt mengun eða þætti eins og samgöngumál. Þá snýst þetta líka um ýmsa mannlega þætti; að fyrirtæki bjóði starfsfólki góðan aðbúnað og tryggi öryggi viðskiptavina. Sú hugmyndafræði sem við erum að vinna að er því í raun eins konar aðferðafræði fyrir fyrirtæki sem hjálpar þeim að vinna markvisst í þessum málum undir einum hatti."

Ketill bætir þó við að samfélagsábyrgð þýði ekki það sama fyrir öll fyrirtæki. „Þetta er ekki bara spurning um eitthvað box sem fyrirtæki getur hakað við til að teljast ábyrgt. Þetta þarf að laga að starfsemi hvers fyrirtækis. Rétt eins og þú ljósritar ekki bara viðskiptaáætlun frá öðru fyrirtæki í kannski allt öðrum geira þá gerirðu það ekki heldur við stefnu um samfélagsábyrgð."

## GAGNAST BÆÐI SAMFÉLAGSLEGA OG VIÐSKIPTALEGA

Landsbankinn var eitt þeirra fyrirtækja sem stóðu að stofnun Festu árið 2011. Skömmu áður hafði fyrirtækið ráðið Finn Sveinsson í stöðu sérfræðings í samfélagsábyrgð en hann hefur síðan leitt stefnumótun fyrirtækisins í málaflokknum. Finnur segir að fyrirtækið nálgist samfélagsábyrgð á þrennan hátt. „Í fyrsta lagi má segja að Landsbankinn hafi ákveðið samfélagslegt hlutverk. Við erum fjármálastofnun og vinnum með inn- og útlán, auðveldum greiðsluflæði og greiðslumiðlun. Þetta er okkar hlutverk og okkur ber að rækta það vel. Í öðru lagi er bankinn verið þátttakandi í samfélaginu. Það gerum við með því að starfsmenn okkar taki þátt í hinum ýmsu verkefnum, erum með samfélagssjóð sem styrkir góð málefni og svo framvegis. Í þriðja lagi er það hin eiginlega samfélagsábyrgð sem er þarna mitt á milli og hún fjallar í raun um það hvernig við hegðum okkur í eigin starfsemi. Það er, hvernig við vinnum að mannauðsmálum og umhverfismálum og hvernig við tökum tillit til ýmissa samfélagslegra atriða í okkar útlánum og fjárfestingum svo eitthvað sé nefnt," segir Finnur.



Spurður um hvernig Landsbankinn hafi breytt sinni starfsemi með það fyrir augum að gera bankann samfélagslega ábyrgari svarar Finnur: „Við byrjuðum á tiltölulega einföldum og skemmtilegum verkefnum til að vekja starfsfólkið til umhugsunar um þessi mál. Til dæmis fórum við í gang með svokallaðan samgöngusamning sem 350 manns hafa skrifað undir en í honum felst að viðkomandi starfsfólk skuldbindur sig til að ferðast í og úr vinnu með strætó eða á hjóli ef möguleiki er á. Þá skiptum við út bílunum okkar í umhverfisvæna bíla og gáfum í fyrra út svokallaða GRI-samfélagsskýrslu [Global Reporting Intiative] fyrst íslenskra fyrirtækja. Á sama tíma stofnuðum við sex starfshópa sem hafa verið að móta og innleiða stefnu bankans í samfélagsábyrgð á ólíkum sviðum. Við höfum litið á þetta sem svo að þetta sé nokkurra ára ferli því það snýst um að breyta menningunni innan bankans. Þannig að það er ýmislegt í gangi og við vonumst til þess að til lengri tíma muni þetta gagnast bankanum bæði samfélagslega og viðskiptalega með aukinni starfsánægju og auknu trausti á bankanum."

## VEL ÚTFÆRÐ STEFNA GETUR AUKIÐ ARÐSEMI

Landsvirkjun hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á að gera fyrirtækið samfélagslega meðvitaðra og tók þátt í stofnun Festu. Í nóvember í fyrra réði fyrirtækið svo Rögnu Söru Jónsdóttir í starf forstöðumanns samfélagsábyrgðar. Ragna Sara hefur síðan leitt vinnu fyrirtækisins við að innleiða samfélagsábyrgðarstefnu þess. „Það var árið 2011 sem starfshópur skipaður starfsfólki innan Landsvirkjunar skilgreindi samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins. Hún felst í því að skapa arð, fara vel með auðlindir og umhverfi og stuðla að því að þekking og jákvæð áhrif af starfsemi fyrirtækisins skili sér til samfélagsins," segir Ragna Sara og heldur áfram: „Til þess að tryggja að þessari stefnumörkun sé framfylgt var ákveðið að leggja sérstaka áherslu á sex þætti í starfsemi fyrirtækisins og miða að umbótum á þeim sviðum. Það eru þættir sem snúa að ábyrgum stjórnarháttum, umhverfismálum, samfélagsmálum, heilsu-, öryggis- og starfsmannamálum, virðiskeðjunni og miðlun þekkingar. Fjölmargt starfsfólk fyrirtækisins er nú og hefur á undanförnu ári komið að markmiðasetningu á þessum sviðum og það starf stendur yfir."



Loks segir Ragna Sara að Landsvirkjun þurfi sem orku- og auðlindafyrirtæki að taka umhverfislega og samfélagslega þætti með í reikninginn við ákvarðanatöku. „Ef stefna á þessu sviði er vel útfærð og samofin fyrirtækinu þá á hún jafnframt að bæta möguleika fyrirtækisins á að skila auknum arði til eigenda sinna, sérstaklega til langs tíma."

## SAMFÉLAGSÁBYRGÐ ER SAMEIGINLEGT VERKEFNI

Fanney Karlsdóttir er sérfræðingur Símans í samfélagsábyrgð, en fyrirtækið hefur gegnt formennsku í Festu frá stofnun. Fanney segir samfélagsábyrgð fyrirtækja fyrst og fremst snúast um að hafa jákvæð áhrif á samfélagið í gegnum bæði innra og ytra starf. „Við erum núna að móta heildræna stefnu um ábyrga starfshætti sem við viljum að endurspeglist í allri starfseminni. Við viljum sjá ábyrgan rekstur, ábyrga mannauðsstefnu og ábyrgð gagnvart viðskiptavinum, birgjum, fjárfestum og lánardrottnum. Enn fremur viljum við hlúa vel að samfélaginu og umhverfinu og sú ríka áhersla birtist í því að samfélagið er eitt af fjórum meginvíddum í stefnu Símans. Hugmyndin er sú að setja okkur síðan mælanleg markmið til að gera okkur kleift að fylgjast með því hver árangurinn verður," segir Fanney.



Fanney bætir við að þessi vinna hafi þegar skilað sér í innleiðingu ákveðinna verkferla auk þess sem skerpt hafi verið á öðrum. „Þá höfum við sett okkur siðareglur sem öllum starfsmönnum ber að þekkja og fara eftir. Þá höfum við búið til samkeppnisréttaráætlun sem við erum að leggja mikla áherslu á núna. Við ætlum að vera með markvissa fræðslu og endurmenntun fyrir alla starfsmenn með tilliti til samkeppnismála. En þetta kemur líka inn á það að það er alls ekki svo að einhver einn starfsmaður sjái um samfélagsábyrgð heldur þarf þetta að vera sameiginlegt verkefni allra starfsmanna."

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

grænn apríl


**Sérblaðið Fólk tekur þátt í átakinu Grænn apríl. Markmiðið er að kynna vöru, þekkingu og þjónustu sem er græn og umhverfisvæn og styður við sjálfbæra framtíð á Íslandi. Lumar þú á grænni þjónustu, vöru og/eða þekkingu sem allt of fáir vita um? Þá er Grænn apríl eitthvað fyrir þig.**


NÝ SENDING AF YFIRHÖFNUM!
15% AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM ÞESSA VIKUNA
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot
- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.




**UMHVERFIÐ** Þær Ingibjörg Gréta Gísladóttir og Guðrún Bergmann eru verkefnastjórar fyrir Grænan apríl.
MYND/PJETUR

# GRÆNN APRÍL FER AF STAÐ

**ÁTAK GRÆNN APRÍL** *er umhverfisátak sem hefur vaxið og þróast undanfarin ár og er nú ýtt úr vör í þriðja sinn. Því er fyrst og fremst beint að því að auka meðvitund fólks um hvað það getur gert til að draga úr umhverfisáhrifum.*

Aðaláherslan hefur því verið á að hvetja alla þá sem eru með vöru, þekkingu eða þjónustu sem er græn og umhverfisvæn að kynna sig í þessum mánuði.

„Í ár erum við í samstarfi við 365 miðla um þessa kynningu og mun FÓLK, sem er í miðju Fréttablaðsins, til dæmis vera „grænt" allan mánuðinn," segir Guðrún Bergmann, annar verkefnisstjóra Græns apríl. Auk umfjöllunar um verkefnið í miðlum 365, munu verkefnisstjórar Græns apríl halda úti Facebook-síðu og vefsíðu til að færa fólki fréttir af því sem er grænt og umhverfisvænt.

„Í samstarfi við Reykjavíkurborg verður einnig sérstakt hreinsunarátak 20. apríl undir heitinu „Einn svartur ruslapoki" en í fyrra tókst slíkt átak sérlega vel og bætti ásýnd borgarinnar," segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, sem er hinn verkefnisstjóri Græns Apríl. „Olís, sem er einn af samstarfsaðilum Græns apríl, mun gefa öllum sem vilja poka til að fylla og borgaryfirvöld munu síðan sjá um að sækja þá."

**BIRTING LOFTSLAGSBREYTINGANNA**

Sá dagur sem Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint sem Dag Jarðar er 22. apríl. Meginþemað tengt honum í ár er birting loftslagsbreytinganna. Grænn apríl mun standa fyrir viðburði sem tengist þessum degi í Háskólabíói 21. apríl frá 15-17 þar sem fjallað verður um það hvar þessi birting kemur fram hér á landi. „Þar verður bæði fræðsla og skemmtun því við blöndum saman stuttum erindum, tónlist og skemmtiatriðum," segir Guðrún.

## STEFNAN

Ein besta leiðin til að binda koltvísýringsmengun er í gegnum trjágróður. Þess vegna ákváðum við að hrinda af stað söfnuninni **APRÍLSKÓGAR 2013.** Stefnan er að safna fjármunum fyrir bændaskóga á Austurlandi en jafnframt að safna fyrir trjáplöntum til að planta í sérstakan Aprílskóg í Skorradal. Söfnin verður í gangi allan aprílmánuð inni á **www.visir.is**," segir Ingibjörg Gréta.


vísir keldan.is
30,5% 15,2% 6,7% 21,3% 7,2%
Ert þú í hópi fjárfesta framtíðarinnar?
NÝTT
Stofnaðu lið í Ávöxtunarleik Keldunnar

Nú er hægt að stofna lið í Ávöxtunarleiknum og bjóða vinum á Facebook með í keppnina.

Það lið vinnur sem nær bestu heildarávöxtun að teknu tilliti til fjölda liðsmanna.

Vinningsliðið fær gjafabréf fyrir allt að 10 manns á Sjávargrillinu.

Keppnin er opin öllum, 15 ára og eldri, og fer skráning fram á vefnum visir.is. Hver þátttakandi fær 10 milljónir Keldukróna til þess að fjárfesta í mismunandi flokkum.

Þeir þátttakendur sem skila bestu ávöxtuninni þegar keppnin verður gerð upp næsta vor eiga kost á veglegum verðlaunum. **Meðal vinninga er flug fyrir 2 til New York með Icelandair og 200 þúsund kr. inneign í sjóði VÍB.**

Skráðu þig á visir.is

Ávöxtunarleikurinn
keldan NASDAQ OMX vísir Libra víb




## FLUGVENJUR

**Niðurstöður könnunar sem ferðavefurinn Expedia.se stóð fyrir á flugvenjum Skandinava gefa til kynna að Svíar drekki á flugferðum, Norðmenn borði nesti og að Danir séu sparir á aurinn. Samkvæmt könnuninni eru Svíar einnig flughræddastir en fjórði hver Svíi sagðist flughræddur. Danir eru í öðru sæti hvað varðar flughræðslu en Norðmenn eru harðastir af sér. Það sem fer mest í taugarnar á öllum burtséð frá þjóðerninu var lítið fótarými í en barnsgrátur var í öðru sæti. Þegar kemur að matarvenjum sögðust 30 prósent Norðmanna taka með sér nesti, sautján prósent Svía og sextán prósent Dana. Annar hver Svíi sagðist fá sér drykk í loftinu, 41 prósent Dana og 45 prósent Norðmanna. Norðmenn eru duglegastir að versla en þrír af hverjum tíu sögðust versla fyrir 500 til 1.000 sænskar krónur í flugi. Danirnir voru hins vegar nískastir en aðeins einn af hverjum tíu sagðist versla fyrir meira en 1.000 krónur.**








# SKILVIRKARA LEITARKERFI

*ÖRYGGI Leitartími styttist og öryggi ferðamanna eykst með nýju kerfi Landsbjargar og Neyðarlínunnar sem nýlega var tekið í notkun.*

Nýlega tóku Slysavarnarfélagið Landsbjörg og Neyðarlínan í notkun nýtt kerfi sem gerir ferðamönnum kleift að skrá ferðatilhögun sína á vefnum og vaktar ferðir þeirra. Með notkun þess mun öryggi ferðamanna aukast til muna og leitartími björgunarsveitarmanna styttast mjög mikið. Kerfið er að sögn Jónasar Guðmundssonar, verkefnastjóra slysavarna ferðamanna hjá Landsbjörg, bæði ætlað innlendum og erlendum ferðamönnum. „Við væntum þess að sem flestir nýti þetta og ekki síður í styttri ferðir en lengri. Kvöldferð á Esjuna á líka heima þarna inni svo dæmi séu tekin.“

Kerfið er mjög einfalt að sögn Jónasar. Notendur skrá sig inn á www.safetravel.is í nokkrum einföldum skrefum. „Flipinn Ferðaáætlunin er valinn þar sem finna má skráningarformið. Þar eru skráðar inn persónuupplýsingar, ferðatilhögun og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Í lok skráningar gefst ferðamanni kostur á að velja svokallaða Ferðavöktun og tímasetningu á heimkomu. Hann fær sent SMS og tölvupóst og í lok ferðar notar hann annað hvort til að láta vita að ferðinni sé lokið. Ef ekkert svar berst fær stjórnborð Neyðarlínunnar þær upplýsingar og starfsmenn hennar hringja í viðkomandi. Ef ekki næst í ferðamann er brugðist við á viðeigandi hátt, til dæmis með því að hafa samband við björgunarsveit eða lögreglu.“

Til viðbótar er þjónustan tengd við smáforritið (appið) 112 Iceland þannig að ef viðkomandi hefur notað það má auðveldlega sjá síðustu staðsetningu ferðamannsins að sögn Jónasar. „Í raun virkar þetta svipað og ef ferðamaður væri að skilja eftir brauðmola handa leitarmönnum. Hann getur ýtt á grænan takka í forritinu sem skynjar staðsetningar hverju sinni og þannig sjáum við fimm síðustu staðsetningar hans.“

Nýja kerfið mun spara mikla fjármuni að sögn Jónasar en það er þó ekki aðalatriðið. „Það sem skiptir mestu máli er að öll leit að fólki verður svo miklu skilvirkari og vonandi árangursríkari líka. Ef ferðamenn nota bæði Ferðaáætlunina og smáforritið minnkar leitarsvæðið margfalt, sem er sérstaklega mikilvægt því stundum höfum við engar upplýsingar um ferðir fólks. Með nýja kerfinu getum við því staðsett fólk betur en áður og þrengt leitarsvæðið mikið. Í raun er þetta risaskref fram á við fyrir okkur og ég held ég fari með rétt mál þegar ég segi að við séum fyrsta þjóðin til að taka svona kerfi í notkun.“

■ starri@365.is

**LEITARTÍMI STYTTIST**
„Ef ferðamenn nota bæði Ferðaáætlunina og smáforritið minnkar leitarsvæðið margfalt, sem er sérstaklega mikilvægt,“ segir Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri slysavarna ferðamanna hjá Landsbjörg.
MYND/VILHELM



**EINFALT**
Ferðamenn skrá sig inn á vefinn www.safetravel.is. Skráningin er einföld og er í nokkrum fljótlegum skrefum.




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



M.Benz ML 420 CDI 4MATIC DIESEL 9/2008 ek.64þús km. Dráttarbeisli. Xenon. Umboðsbíll. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 9.490.000.-



Honda CR-V Panorama 11/2007 ek.79þús. Sjálfskiptur. Glerþak. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 3.290.000.- Rnr.103927



Toyota Previa 7 manna 2/2006 ek.88 þús. Sjálfskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 2.590.000.- Rnr.103991



Toyota Corolla W/G Sol 10/2005 ek.72þús. Sjálfskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.490.000.- Tilboðsverð 1.250.000.- Rnr.285613



Honda HR-V 5/2003 ek.148þús. Beinskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 990.000.- Rnr.285699

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**




VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bílar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

## Bílar til sölu



Grand Cherokee LTD árg. 2000. sk 2014 ný vetrardekk ekinn 125 mílur. Verð 750þús. Uppl. s. 846 8321



Toyota Avensis árg. ,01. ssk. 1.6 bensín. Keyrður 130þ.km. Verð 530þús. S. 616 2597



Grand Cherokee Laredo 2001 árg. Ekinn 118 þm. 14 skoðun. Leður og hlaðinn aukabúnaði. Verð 750 þ. S. 690 0206

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS**
LANDROVER FREELANDER 4X4 árg'2001 ek.175 þús, 1,8 120 hö beinskiptur, toppluga ofl góð heilsársdekk, verð 590 þús TILBOÐ 390 ÞÚS! er í góðu standi s.841 8955

## 500-999 þús.



**FLOTTUR PT CRUISER**
**TILBOÐ 650 ÞÚS**
CHRYSLER PT CRUISER LIMITED EDITION 2,4 2001 sjálfskiptur, hvítur, krómfelgur, spoiler, topplúga, angeleyes kastarar, leður/ruskins sæti, ljúfur og góður í akstri og eyðir ekki miklu, ásett verð 890 þús tilboð 650 þús möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST**
**Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**0-200 Í PENING STRAX!**
óska eftir bíl fyrir allt að 200 þús. stgr., helst ekki eldri en ,98 fólksbíl,smábíl eða jeppling skoða allt! má þarfnast lagfæringa, er með pening og pappíra klára og get gengið frá því strax ef mér líst á S. 691 9374.

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




## Vinnuvélar



Til sölu skotbómulyftarar. www.netvelar.is

## Lyftarar




**KÖRFUBÍLALEIGA**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Bátar





Handvirkar Færavindur til sölu. Léttar í vinnslu, 250 fm línupláss.Henta vel Til strandveiða. Verð aðeins 85.000.- m/vsk. SENSON EHF. Sími 511-1616.



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alglugginn.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Strandveiðibátur 2,35 btr. (2.rúllur) + ehf kennitala. V. 3.490þ. S. 840 3011

## Bílaþjónusta




## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
Vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta
Róbert S. 866 9767
www.gardathjonustaislands.is

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
Alhliða garðaþjónusta
20% afsláttur eldri borgara
S. 774-5775

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2013**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 / 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**ÓLI SMIÐUR**
Smíða allt inni sem úti, mikil reynsla, vönduð vinna. Sími 698 9608 Óli.

## Nudd

Klassískt slökunarnudd rvk 101, s: 841 6795 Júlija.

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 694 7881 Zanna Volkova.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
566 7311
Tímapantanir í síma 8694650

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Smiður getur bætt við sig verkefnum inni sem úti. Reynsla, þekking og fagmenska. Sími: 862 1156

## KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum til á lager lok í stærðum, 217x217, 217x235, 235x235, 217x174, 8 hyrndlok á Unaðskel og Blómaskel frá Trefjum. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

www.stolpiehf.is
Geymslugámar til sölu og leigu
Stólpi Gámar ehf
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18,**
**Kringlan - 3. hæð**
**( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**

**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**

Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**

FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

Hef flutt stofuna mína í nýtt umhverfi. Nudd fyrir heilsuna. Einn reyndasti nuddari bæjarins. Gerður Benediktsdóttir, nuddari. Uppl. í S. 698 2260

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**UM 80FM SALUR Í LÍKAMSRÆKTARSTÖÐ TIL LEIGU.**

Salurinn er staðsettur í Crossfit Krafti á Suðurlandsbraut 6B og getur hentað undir ýmsa tíma og starfsemi, td. jóga,leikfimi, dans, líkamsrækt og svo framvegis.

Möguleiki að fá aðgang að lóðum og fl.

Mjög góð búningsaðstaða er á staðnum með sturtu og saunu.

Salurinn leigist á 3500 kr/klst.

**Fyrir frekari upplýsingar : 771 9489 eða valur@crossfitkraftur.is**

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

70 fm 2ja herb. íb. í kj. í einbýli 200 Kóp. Laus, sér inng. M/ hita. Langtímaleiga, reglusemi áskilin. Uppl. 895 1281 milli kl 18-21

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

Fyrst.is

**HÖFUM TIL LEIGU MARGSKONAR ATVINNUHÚSNÆÐI.**

Verslunarhúsnæði - 50 til 1500 fermetra Skrifstofurými - 20 til 2500 fermetra, stakar eða heil hús. Iðnaðarhúsnæði - Allar mögulegar stærðir Lagerhúsnæði - Sendu fyrirspurn, mikið úrval.

**Ef þú ert að leita að leiguhúsnæði eða vilt leigja út, sendu okkur upplýsingar á: jonvikingur@fyrst.is**

**Símar 533 1316 - 892 1316 - Alltaf opið.**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**RÚMFATALAGERINN Í SMÁRATORGI**

óskar eftir að ráða góðan sölumann / deildarstjóra í sængur- og koddadeild og einnig duglegan starfskraft á lager. Góð íslenskukunnátta er skilyrði.

**Áhugasamir hafi samband við Ívar Halldórsson verslunarstjóra í síma 820-8003.**

N1

Á næstunni opnar N1 endurgerða og stórglæsilega þjónustustöð í Borgarnesi. Því getum við bætt við okkur öflugum og áreiðanlegum liðsmönnum í störf vaktstjóra, umsjónarmanns verslunar, grillara, almenna afgreiðslu, í eldhús, þrif og uppvask.

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Sigurður Guðmundsson, stöðvarstjóri N1 í Borgarnesi í síma 660 3437. Áhugasamir sæki um störfin á www.n1.is**

**MÁLARAR ATHUGIÐ!**

Óskum eftir málurum eða vönum mönnum í fullt starf. íslenskukunnátta nauðsynleg.

**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: „málari"**

Skipsstjóra vantar á 70t rækjubát. Uppl. í s. 866 9874

Starfsmaður í sumartörn óskast hjá Sólningu Rauðhellu (Siggi 568-2035) og Hjallahraun (Beggi 565-2121). Getur verið framtíðarstarf.

Full time grill chef or experienced kitchen workers wanted to work in a busy downtown bistro.must be positive ,hard working and have an ability to work in a team environment. please forward cv to glennmoyle@ gmail.com to arrange an interview

## tilkynningar

### Auglýsing um styrki

# Auglýsing um styrki Hagþenkis 2013.

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um eftirtalda styrki:

**Starfsstyrkir til ritstarfa**
Til úthlutunar eru 14.000.000.- kr.

**Starfsstyrkir vegna handritsgerðar fræðslu- og heimildar-mynda**
Til úthlutunar eru 600.000.- kr.

**Ferða- og menntunarstyrkir fyrir félagsmenn Hagþenkis**
Til úthlutunar á vorönn eru 2.500.000.- kr.

**Umsóknarfrestur 2. apríl – 16. apríl kl. 15**

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur, rafræn eyðublöð og eyðblöð fyrir skilagreinar eru á heimasíðu félagsins: **www.hagthenkir.is**
Umsækjendur fá rafræna staðfestingum um að umsókn hafi borist og gildir hún sem kvittun.
Fylgiskjöl með umsókn skulu send í póst og eru þau geymd í eitt ár en síðan fargað ef þau eru ekki sótt.
Skrifstofa félagsins er á Hringbraut 121, 4. hæð, sími 551-9599, netfang hagthenkir@hagthenkir.is

## atvinna

# Framkvæmdastjóri Vesturlandsskóga

**Starf framkvæmdastjóra Vesturlandsskóga er laust til umsóknar.**

Starfið fellst í umsjón og rekstri Vesturlandsskóga sem er landshlutaverkefni á sviði nytjaskógræktar sem starfrækt hefur verið frá ársbyrjun 2000. Starfssvæði Vesturlandsskóga er allt Vesturland, frá Kjósarsýslu að Gilsfjarðarbotni.

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í skógfræði.
- Reynsla af vinnu í skógrækt og stjórnun.
- Þekking á stjórnsýslu og meðferð fjármuna.
- Agi til að vinna sjálfstætt, skipulagshæfileikar og lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra náttúru-fræðinga.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2013.**
Umsókn þarf að fylgja náms- og starfsferilsskrá.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og gengið verður frá ráðningu fljótlega eftir að umsóknarfrestur er liðinn.
Ráðið verður í starfið til tveggja ára með möguleika á ótímabundinni ráðningu að þeim tíma liðnum.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar veita:** formaður stjórnar Guðbrandur Brynjúlfsson s- 844 0429, buvangur@emax.is og starfsmaður Vesturlandsskóga Guðmundur Sigurðsson s- 862 6361 gudmundur@vestskogar.is.

Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt fylgigögnum til Vestur-landsskóga á rafrænu formi:
vestskogar@vestskogar.is
eða á pappírsformi:
Vesturlandsskógar
Hvanneyrargötu 3, Hvanneyri.
311 Borgarnes.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta S. 661 7000.**

**Proventus.is**

## fasteignir




# REYNIMELUR 82

**ÍBÚÐ 202**

Miðvikudag. 3. apríl

**frá kl. 17-18**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

- Glæsileg 3ja herbergja íbúð
- Önnur hæð
- Suðursvalir
- Vel um gengin
- Frábær staðsetning

Allar upplýsingar um eignina veitir Jórunn í síma 845-8958 sem einnig verður á staðnum.

**VERIÐ VELKOMIN**

Verð: **26,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## uppboð

### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

**Einnig birt á www.naudungarsolur.is.**

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Lautavegur 11, fnr. 230-9396, 650 Laugar, Þingeyjar-sveit, þingl. eig. Crumena ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 8. apríl 2013 kl. 10:00.

Birkihraun 5, fnr. 228-7500, 660 Mývatni, þingl. eig. Crumena ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 8. apríl 2013 kl. 11:45.

Birkihraun 7, fnr. 228-7776, 660 Mývatni, þingl. eig. Crumena ehf, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 8. apríl 2013 kl. 12:00.

Sólbrekka 23, fnr. 215-3275, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Gunnar Ómar Gunnarsson, gerðarbeiðendur Íslandsbanki hf. og Sýslumaðurinn á Blönduósi, þriðjudaginn 9. apríl 2013 kl. 10:00.

Brúnagerði 3, fnr. 230-1766, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Héðinn Helgason, gerðar-beiðandi Sjóvá-Almennar tryggingar hf, þriðjudaginn 9. apríl 2013 kl. 10:30.

Heiðargerði 2b, 215-2867, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Norðurþing, þriðjudaginn 9. apríl 2013 kl. 11:30.

Laugarbrekka 9, 215-3099, 640 Húsavík, Norður-þingi, þingl. eig. Elías Frímann Elvarsson og Kristjana Lilja Einarsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sýslumaðurinn á Blönduósi, þriðjudaginn 9. apríl 2013 kl. 13:00.

Duggugerði 5, fnr. 216-6883, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Garðar Birgisson og Friðný Sigurðardóttir, gerðarbeiðandi Vátryggingafélag Íslands hf., miðvikudaginn 10. apríl 2013 kl. 11:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík
2. apríl 2013.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Borgfirðingafélagsins í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 6 Apríl 2013 kl. 14:00 í Rimaskóla Grafarvogi.

# Rót vandræðanna rakin til 2004

**Íbúðalánasjóður er fastur í gildru verðtryggðrar skuldabréfaútgáfu á meðan þeim sem tekið hafa lán hjá sjóðnum er frjálst að greiða þau upp og færa sig annað. Tölur sýna að vanskil minnka enn hjá sjóðnum. Reynt er að leigja út eða selja húsnæði sem sjóðurinn hefur eignast.**

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR
Óli Kristján Ármannsson | olikr@frettabladid.is

Starfshópur á vegum velferðarráðuneytisins um framtíðarhorfur og framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs skilar áfangaskýrslu 12. þessa mánaðar. „Við ákváðum að setja bara dagsetningu á þetta,“ segir Gunnar Tryggvason, formaður starfshópsins, en til stóð að skila skýrslunni fyrir lok marsmánaðar.

Með áfangaskýrslunni ætti að skýrast hvaða breytingar verða gerðar á rekstri Íbúðalánasjóðs til þess að renna stoðum undir rekstur hans.



SIGURÐUR ERLINGSSON

Lengi hefur verið vitað að í óefni stefndi í rekstri sjóðsins sem situr uppi með fjölda eigna á sama tíma og lántakendur leita á önnur mið eftir íbúðalánum.

Þannig eru það bæði greiðsluerfiðleikar fólks og samkeppni við aðrar lánastofnanir sem valda slæmri stöðu Íbúðalánasjóðs. Vandi sjóðsins er að vera sjálfur bundinn af verðtryggðum lánaskilmálum skuldabréfa á sama tíma og fólk greiðir í stórum stíl upp lán hjá sjóðnum. Sjóðurinn þarf því bæði að „koma í vinnu“ peningum vegna uppgreiðslna og fá arð af íbúðum sem færst hafa í hans eigu.

Til marks um stöðuna er að ríkið hefur í tvígang þurft að hlaupa undir bagga með sjóðnum síðustu ár, síðast fyrir áramót með því að samþykkt var að ríkissjóður styrkti sjóðinn um allt að 13 milljarða. Þar áður hafði sjóðurinn fengið 33 milljarða króna styrk árið 2010.

Engu að síður færði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's lánshæfiseinkunn Íbúðalánasjóðs í ruslflokk fyrr á þessu ári. Moody's sagði eignasafn sjóðsins veikara en úttekt sem gerð var í fyrrahaust hefði gefið til kynna.

Segja má að grunnurinn að óhamingju sjóðsins hafi verið lagður með breytingum árið 2004 sem opnuðu fyrir uppgreiðslur fólks á fasteignalánum þótt sjóðurinn væri sjálfur bundinn af lánasamningum til áratuga. Þá hófst líka innreið banka og sparisjóða á markað fasteignalána. Þegar fólk færði lán sín í stórum stíl urðu uppgreiðslur lána hjá sjóðnum margfalt meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Þegar bankarnir tóku síðla árs 2011 að bjóða óverðtryggð lán, sem í það minnsta tímabundið voru með hagstæða vexti miðað við verðbólguna í landinu, jók það enn á vanda Íbúðalánasjóðs. Íbúðakaupendur virðast í stórum stíl, að minnsta kosti í bili, hafa hafnað verðtryggðum lánum. Sjóðurinn hefur lagaheimild til að bjóða óverðtryggð lán en hefur til þessa ekki nýtt sér hana.

Á fundi með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 25. febrúar sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri viðskiptalíkan Íbúðalánasjóðs ekki ganga upp í núverandi umhverfi. Undir þetta hafa stjórn og stjórnendur Íbúðalánasjóðs tekið.

Svartnættið er þó ekki algjört hjá sjóðnum. Síðustu tölur sýna að vanskil einstaklinga minnkuðu í febrúar, áttunda mánuðinn í röð. (Og þá voru „ekki nema“ tæpir 4,7 milljarðar króna í vanskilum vegna þeirra, eða 13,2 prósent útlána sjóðsins.) Þá hefur sjóðurinn sett leigumál í farveg með því að stofna sérstakt félag um útleigu eigna. Leigufélagið Klettur fékk undir sinn hatt 524 eignir af þeim rúmlega 2.200 sem komnar voru í eigu sjóðsins.



**MIÐBÆR REYKJAVÍKUR** Í þessum mánuði á starfshópur að skila áfangaskýrslu um „framtíðarhorfur og hlutverk Íbúðalánasjóðs“ og í maí er þess að vænta að rannsóknarnefnd þingsins um málefni Íbúðalánasjóðs skili skýrslu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÍBÚÐIR ÍBÚÐALÁNASJÓÐS Í JANÚARLOK 2013

| Landshluti | Í leigu | Alls |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 284 | 500 |
| Suðurnes | 263 | 748 |
| Vesturland | 84 | 267 |
| Vestfirðir | 14 | 69 |
| Norðurland vestra | 7 | 16 |
| Norðurland eystra | 77 | 130 |
| Austurland | 75 | 229 |
| Suðurland | 119 | 302 |
| **Samtals** | **923*** | **2.261** |

*524 hafa verið færðar í Leigufélagið Klett.
Heimild: Mánaðarskýrsla Íbúðalánasjóðs 15. febrúar 2013

Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir ástæður þess að sjóðurinn setti ekki allar eignir sem voru í útleigu í leigufélagið vera nokkrar.

„Í fyrsta lagi hefur sú stefna verið mörkuð í leigustarfsemi Íbúðalánasjóðs að fara ekki í miklar viðhaldsfjárfestingar á íbúðarhúsnæði í eigu hans og því fóru aðeins eignir sem ekki þurftu mikið viðhald í Leigufélagið Klett ehf. Í annan stað var horft til þess að eignir leigufélagsins hentuðu vel í leigustarfsemi til dæmis er varðar staðsetningu, staðbundna eftirspurn og stærð,“ segir Sigurður.

Í þriðja lagi segir hann val á fasteignum hafa snúið að því að ná ákveðinni hagkvæmni í rekstri, svo sem með því að eiga ekki stakar eignir í mjög strjálbýlum svæðum heldur eiga alltaf ákveðinn lágmarksfjölda á tilteknum stað.

„Síðast en ekki síst er leigufélaginu ætlað að vera fjárhagslega sjálfbært og leigutekjur einstakra eigna félagsins verða að standa undir rekstri og hóflegri skuldsetningu,“ segir hann.

Ekki er því loku fyrir það skotið að sjóðurinn nái vopnum sínum en árangurinn ræðst af þeim tillögum að framtíðarskipulagi sem í megindráttum liggja fyrir hjá sjóðnum. Stjórnendur hans bíða þó með að kynna tillögurnar þar til helstu eftirlits- og umsagnaraðilar hafa fjallað um þær, þar á meðal starfshópurinn sem skilar áfangaskýrslu í mánuðinum. Ætla má að tillögurnar feli líka í sér drög að breyttu útlánafyrirkomulagi hjá sjóðnum, svo sem varðandi óverðtryggð lán.

## AFDRIFARÍKAR ÁKVARÐANIR OG VIÐBURÐIR

**Línan lýsir meðalfermetraverði íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu***

*Uppreiknað miðað við vísitölu ársins 2012.
Heimild: Þjóðskrá Íslands




**Nóvember 2012**
Ríkisstjórnin ákveður að afla heimilda í fjárlögum næsta árs til að auka stofnfé Íbúðalánasjóðs um allt að 13 milljarða króna.

**Janúar 2013**
524 fasteignir Íbúðalánasjóðs sem eru í leigu eru færðar yfir í Leigufélagið Klett ehf. Af þeim 1.700 eignum sem eftir eru í eigu sjóðsins eru 400 í útleigu.

**Mars 2013**
Starfshópur sem greina á „framtíðarhorfur og framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs“ á að skila áfangaskýrslu fyrir lok mánaðarins.

**Aprillok 2013**
Kosningar til Alþingis.

**Maí 2013**
Birta á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem komið var á fót í árslok 2010 um málefni Íbúðalánasjóðs. Áætlun um skil sumarið 2012 stóðst ekki.

# Komandi samninga ber hæst

*Þorsteinn Víglundsson, nýr framkvæmdastjóri SA, segir það mikilvægan þátt í aukningu hagvaxtar og baráttu við verðbólgu að skynsemin ráði ríkjum við gerð kjarasamninga. Segir að fyrstu dagarnir í starfi hafi verið skemmtilegir.*

**ATVINNULÍFIÐ**
**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is

Nýr forystumaður kom inn fram á sjónarsviðið í atvinnulífinu þegar Þorsteinn Víglundsson tók við starfi framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins (SA) um miðjan síðasta mánuð. Hann tók við af Vilhjálmi Egilssyni, sem var ráðinn rektor Háskólans á Bifröst.

Þorsteinn hefur lengi verið í fararbroddi í viðskiptum en hóf starfsferilinn sem viðskiptablaðamaður á Morgunblaðinu árið 1995, eftir að hafa lokið námi í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hann færði sig svo um set til Kaupþings þar sem hann stýrði fyrst greiningardeild bankans og varð svo forstöðumaður hjá eignastýringarsviði í Lúxemborg.

Árið 2002 settist Þorsteinn í forstjórastól BM Vallár, en Víglundur Þorsteinsson, faðir hans, var um árabil stjórnarformaður og aðaleigandi fyrirtækisins. Þar var Þorsteinn til ársins 2010 þegar hann gerðist framkvæmdastjóri SAMÁLs, Samtaka álframleiðenda á Íslandi.

Þorsteinn hefur einnig stundað stjórnunarnám, bæði við HÍ og á Spáni, og var varaformaður Samtaka iðnaðarins, eins aðildarfélags SA, frá 2007 til 2010.

Hann býr í Garðabæ með eiginkonu sinni og þremur dætrum þeirra.

Í samtali við Markaðinn segir Þorsteinn að fyrstu dagarnir í nýju starfi hafi verið skemmtilegir.

„Mér líst vel á þetta. Þetta hafa verið annasamir dagar þar sem að mörgu er að hyggja þar sem hæst ber að sjálfsögðu undirbúning fyrir komandi kjarasamninga. Það er afar mikilvægt að það náist að semja um skynsamlegar launabreytingar sem innstæða er fyrir á komandi árum, ólíkt því sem hefur viðgengist lengi. Það er mikilvægur þáttur í að auka hagvöxt og berjast gegn verðbólgu hér á landi.“



**ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON** Um miðjan síðasta mánuð urðu mannaskipti í stóli framkvæmdastjóra hjá Samtökum atvinnulífsins þegar Þorsteinn Víglundsson tók við af Vilhjálmi Egilssyni. MYND/SA

## YFIRSAMTÖK 2.000 FYRIRTÆKJA

Samtök atvinnulífsins (SA) eru heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Innan vébanda SA eru sjö aðildarfélög; Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samorka, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fiskvinnslustöðva og Samtök fjármálafyrirtækja. Undir þau falla um 2.000 fyrirtæki af öllum stærðum og hjá þeim starfa um 55.000 starfsmenn.



**ERNA INDRIÐADÓTTIR, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls**

„Það sem ég sá einna fyrst í hans störfum fyrir SAMÁL var að hann hefur mikla forystuhæfileika, enda hélt hann afar vel utan um starfsemi samtakanna. Ég sá fyrir mér að hann væri framtíðarmaður í SA þannig að það kom mér ekki óvart að hann var valinn í þetta starf.“

Varðandi aðra kosti Þorsteins segir Erna að það sé þægilegt og skemmtilegt að vinna með honum. „Hann er klár, yfirvegaður og málefnalegur, strangheiðarlegur og góður drengur. Ég á hreinlega erfitt með að finna nokkurn löst eða galla á honum. Ef ég ætti að lýsa Þorsteini í einu orði er það frábær!“



**VILHJÁLMUR EGILSSON, rektor Háskólans á Bifröst**

„Ég hafði svo sem ekkert um hans ráðningu að segja en líst vel á hann. Ég hef unnið nokkuð með Þorsteini í gegnum tíðina og hef ekkert nema gott um hann að segja. Hann er yfirvegaður, skynsamur og vel meinandi og hann á eflaust eftir að reynast samtökunum vel.“



**RANNVEIG RIST, forstjóri Rio Tinto Alcan í Straumsvík**

„Vilhjálmur er þægilegur í samskiptum og gefur sér tíma til að setja sig vel inn í hlutina. Og vinnur svo í málunum af rökfestu og sanngirni.“




Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ford Transit Custom 2,2TDCi dísil, 100 hö, beinskiptur 6 gíra. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,7 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 178 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.




## VÖNDUÐ EIGNASTÝRING
STJÓRNAST AF MARKMIÐUM VIÐSKIPTAVINARINS

**Einkabankaþjónusta Arion banka** veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- Þinn eigin viðskiptastjóri sem mótar með þér fjárfestingarstefnu og sér um þitt eignasafn.
- Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum sé þess óskað.
- Ítarlegt yfirlit um stöðu og ávöxtun á þriggja mánaða fresti.
- Öll almenn bankaþjónusta á hagstæðum kjörum.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í síma 444 7410 eða sendu póst á einkabankathjonusta@arionbanki.is og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.

ARION EINKABANKAÞJÓNUSTA

Arion banki




**SÍMINN** Skipti eru móðurfélag Símans, Skjásins og Mílu. Fréttablaðið/Vilhelm

Endurskipulagning Skipta:

# Kröfuhafar fá hlutafé

Skipti, móðurfélag Símans, Skjásins og Mílu, hafa lagt fram tillögu um hvernig staðið skuli að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins sem boðuð var í janúar. Samkvæmt tillögunni mun endurskipulagningin engin áhrif hafa á almenna viðskiptamenn og birgja heldur einungis Arion banka, lánveitanda Skipta, og eigendur skuldabréfa félagsins.

Samkvæmt tillögunni munu Skipti endurgreiða hverjum kröfuhafa tvær milljónir króna í reiðufé og kemur greiðslan til lækkunar höfuðstóls viðkomandi kröfu. Þá verður þeim kröfum sem út af standa breytt í eða skipt fyrir hlutafé í Skiptum.

Loks verða forgangslán félagsins endurfjármögnuð með annars vegar láni frá Arion banka og hins vegar útgáfu nýs skuldabréfaflokks. - mþl



**SKJÁSKOT** Fyrirtæki á borð við Amazon.com og Apple hafa fylgst grannt með máli ReDigi og hafa hannað kerfi til endursölu á stafrænu efni.

Úrskurður í ReDigi-máli:

# Bannað að endurselja

Samkvæmt úrskurði dómara í Bandaríkjunum hefur fyrirtækinu ReDigi verið meinað að miðla stafrænni tónlist viðskiptavina sinna í endursölu. Fram kemur á vef BBC að dómarinn, Richard Sullivan, segi „notaða“ stafræna tónlist brjóta á höfundarrétti.

ReDigi sagðist fyrsta löglega leiðin til að endurselja tónlist sem keypt hefði verið á netinu. Tónlistarframleiðendur voru á önd-verðum meiði og Capitol Records höfðaði mál á hendur fyrirtækinu í janúar í fyrra. Í fyrradag úrskurðaði svo dómari í New York að ReDigi byggi til óheimil afrit af tónlist. - óká






# Fór í lyftu með vampíru

**Andri Snær Magnason fær tvenn heiðursverðlaun í Bandaríkjunum, Blái hnötturinn er frumsýndur í Toronto og Draumalandið er að koma út á Spáni – allt nánast á sama tíma.**

„Þetta er auðvitað alveg stórskemmtilegt,“ segir Andri Snær Magnson rithöfundur, sem staddur er vestan hafs, enda fékk hann um helgina sérstök heiðursverðlaun Philip K. Dick-verðlaunanna fyrir bók sína LoveStar sem framúrskarandi vísindaskáldsögu í kiljuútgáfu. Þau verðlaun hafa sérstaka stöðu í bókmenntaheiminum. „Fyrir fram hafði ég smá áhyggjur af því að LoveStar yrði munaðarlaus í Ameríku. Hér eru líka þvílík ókjör af vísindaskáldsögum að ég var ekki viss hvort ég hefði eitthvað nýtt fram að færa, hvað þá tíu árum eftir að bókin kom út á Íslandi. En dómar hafa verið fínir og menn nefna góða höfunda til samanburðar. Vicky Cribb þýddi bókina líka afar vel.“

Andri Snær segir verðlaunaveitinguna hafa farið fram á SciFi-ráðstefnu í Seattle og þar hafi öllu ægt saman. „Fjölskyldur komu í Star Trek-búningum, Svarthöfði var með son sinn og ég fór í lyftu með vampíru.“

Sagan af bláa hnettinum hlýtur sérstök heiðursverðlaun Green Earth Book Award á morgun, en þau eru veitt framúrskarandi bókum sem vekja börn til vitundar um umhverfismál. Andri Snær tekur við þeim í Salisbury í Maryland og fagnar útgáfunni. „Blái hnötturinn var kominn út á 25 tungumálum áður en hann loksins drattaðist til að koma út á ensku,“ segir hann.

„Það eru ansi mörg hlutverk í þessari ferð, frá harðasta vísindaskáldsagnakjarna Seattle til umhverfisvænna barnabóka í Maryland og svo flýg ég beint til Barcelona þar sem Draumalandið er að koma út. Þar með missi ég af frumsýningu Bláa hnattarins í Toronto þann áttunda. Allt gerist þetta nánast samtímis,“ segir hann og bætir við: „Það er líka gaman að sjá að verkin lifa og LoveStar á kannski enn betur við í dag en áður. Ég frétti af hópi Google-starfsmanna sem var að lesa hana. Kannski nota þeir hana sem leiðbeiningarrit en ekki viðvörun.“

gun@frettabladid.is




**ANDRI SNÆR MEÐ VIÐURKENNINGARSKJALIÐ** Philip K. Dick-verðlaunin eru einhver þau virtustu sem veitt eru fyrir vísindaskáldskap í heiminum.

---

✝



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR TÓMASDÓTTIR**
**frá Álftagróf,**

lést þann 31. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. apríl klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið.

**Valdimar Gíslason og fjölskylda**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORSTEINN J. JÓNSSON**
**Dvalarheimilinu Sunnuhlíð,**
**Kópavogsbraut 1A,**

lést á heimili sínu 31. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 8. apríl kl. 13.00.

**Guðmundur Þorsteinsson** **Benedikte Thorsteinsson**
**Geir Þorsteinsson** **Linda Kr. Kristmannsdóttir**
**Kristjana Bullman**
**Þorsteinn Haukur Þorsteinsson** **Lilja Kjartansdóttir**
**Guðjón Már Þorsteinsson** **Bryndís Jónsdóttir**
**Jón Emil Þorsteinsson** **Valgerður Auðunsdóttir**
**Ívar Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG EYVINDSDÓTTIR**
**Bræðraborgarstíg 9, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 29. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 10. apríl klukkan 13.

**Laufey Ármannsdóttir**
**Steinþór Ómar Guðmundsson** **Jóhanna Jónsdóttir**
**Einar Ármannsson** **Ásdís Garðarsdóttir**
**Freydís Ármannsdóttir** **Helgi Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Útför móður okkar,

**GUÐFINNU GUÐNADÓTTUR**
**áður Hæðargarði 24,**

sem lést 20. mars, verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Jón B. Guðmundsson** **Valgerður Gunnarsdóttir**
**Þórdís Guðmundsdóttir** **Vilhjálmur Hafsteinsson**
**Halldóra Guðmundsdóttir** **Sævar Sigurðsson**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Ármann Sigurðsson**
**Einar Kr. Guðmundsson** **Bergljót Ingvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og bróður,

**SIGURÐAR KONRÁÐS HAUKSSONAR**

sem lést á líknardeild LSH sunnudaginn 24. mars, fer fram frá Bústaðakirkju á morgun, föstudaginn 5. apríl, kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Björk Helgadóttir**
**Arna Björk Sigurðardóttir** **Aron Morthens**
**Magnús Haukur Sigurðarson**
**og systkini hins látna.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR BERGMANN STEFÁNSSON**
**flugumsjónarmaður,**
**Kirkjubraut 7, Seltjarnarnesi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli fimmtudaginn 21. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Vilhelmína Norðfjörð Baldvinsdóttir**
**Stefán Norðfjörð Ólafsson**
**Guðrún Elín Ólafsdóttir** **Sigurður Rúnar Sigurjónsson**
**Ólafur Norðfjörð Ólafsson**
**Sverrir Stormsker**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓHANN E. ÓLAFSSON**
**Foldarsmára 7, Kópavogi,**

lést þann 26. mars.

**Guðrún Þ. Einarsdóttir**
**Einar Þór Jóhannsson** **Bryndís Einarsdóttir**
**Þorbjörg Jóhannsdóttir** **Ólafur Andri Stefánsson**
**Gunnhildur Hekla Jóhannsdóttir** **Arnar Leifsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR ÁSDÍS HAFSTEINSDÓTTIR PEDERSEN**

sem lést á Akranesi 27. mars síðastliðinn, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 5. apríl klukkan 13.00.

**Ásgeir Kristinsson**
**Ágústa Lilja Ásgeirsdóttir** **Brynjólfur Jónsson**
**Kristín Ásgeirsdóttir** **Sigurdór Halldórsson**
**Auður Ásgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri faðir,

**HANNES GUÐMUNDSSON**
**fv. sendifulltrúi,**
**Hæðargarði 33 (áður Laugarásvegi 64),**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 27. mars sl., verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. apríl kl. 15.00.

**Edda Hannesdóttir**
**Gerður Hannesdóttir**
**Guðrún Hannesdóttir**
**Ragnhildur Hannesdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORVALDUR BJÖRNSSON**
**fyrrverandi bóndi á Litla-Ósi,**
**Nestúni 4, Hvammstanga,**

sem lést þann 19. mars síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Hvammstangakirkju föstudaginn 5. mars kl. 15.00.

**Már Þorvaldsson** **Álfheiður Sigurðardóttir**
**Jóhanna Þorvaldsdóttir** **Hermann Ólafsson**
**Björn Þorvaldsson** **Birna Torfadóttir**
**Gunnar Þorvaldsson** **Gréta Jósefsdóttir**
**Ágúst Þorvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR ÁRNASON**
**dvalarheimilinu Garðvangi í Garði,**

lést þann 26. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði fimmtudaginn 4. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Jón Árni Sigurðsson** **Steinunn Rasmus**
**Haukur Sigurðarson** **Gunnhildur Þórisdóttir**
**Heiðrún Sigurðardóttir** **Sverrir Kristjánsson**
**Auður Sigurðardóttir** **Rúnar Georgsson**
**Bragi Sigurðsson** **Anna Birna Jamison**
**Erla Sigurðardóttir** **Guðjón Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR HAFSTEINN KONRÁÐSSON**
**skriftvélameistari / rafeindavirkjameistari,**
**Sólheimum 32, Reykjavík,**

sem andaðist á Landakoti 24. mars, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 4. apríl klukkan 13.00.

**Stella Þórdís Guðjónsdóttir**
**Ómar Sigurðsson** **Sigurbjörg Karlsdóttir**
**Bára Sigurðardóttir** **Kristján O. Þorgeirsson**
**Erla Sigurðardóttir** **Jón Arnar Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** berjast, **6.** pot, **8.** vefnaðarvara, **9.** húðsepi milli táa, **11.** tveir eins, **12.** erfiði, **14.** dans, **16.** skóli, **17.** skjön, **18.** tímabils, **20.** tónlistarmaður, **21.** færni.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** tveir eins, **4.** asfalt, **5.** for, **7.** víbrator, **10.** traust, **13.** bókstafur, **15.** sót, **16.** tal, **19.** vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** etja, **6.** ot, **8.** tau, **9.** fit, **11.** rr, **12.** streð, **14.** rúmba, **16.** ma, **17.** mis, **18.** árs, **20.** kk, **21.** list.

**LÓÐRÉTT: 1.** lofs, **3.** tt, **4.** jarðbik, **5.** aur, **7.** titrari, **10.** trú, **13.** emm, **15.** aska, **16.** mál, **19.** ss.

### Frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis.

## Alþingiskosningar 27. apríl 2013

Framboðsfrestur til alþingiskosninga sem fram eiga að fara 27. apríl 2013, rennur út kl. 12 á hádegi föstudaginn 12. apríl nk.

**Framboð í Norðvesturkjördæmi skal til kynna skriflega til yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, sem veitir þeim viðtöku á Hótel Borgarnesi, Borgarnesi, föstudaginn 12. apríl 2013, kl. 09.00-12.00.**

Á framboðslistum skulu vera nöfn16 frambjóðenda eða tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal greinilega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili.

Framboðslista skal fylgja skriflegt yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skriflegt yfirlýsing frá kjósendum í Norðvesturkjördæmi um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmálasamtök listinn er boðinn fram. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælendaskal vera 240 hið fæsta og eigi fleiri en 320. Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir verður kjósandinn ekki talinn meðmælandi neins þeirra.Loks skal fylgja skriflegt til kynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

**Yfirkjörstjórn fer þess á leit að framboðslistar og meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir í tölvutæku formi (excel-skjali á minnislykli).**

Fundur yfirkjörstjórna til að úrskurða um framboð, þar sem umboðsmönnum framboðslista gefst kostur á að vera viðstaddir, verður haldinn á Hótel Borgarnesi, Borgarnesi, laugardaginn 13. apríl 2013 kl. 15.00. Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl 2013, verður aðsetur yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis á Hótel Borgarnesi, Borgarnesi, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22.00.

*Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis*
*29. apríl 2013*
*Ríkarður Másson*
*Stefán Ólafsson*
*Ingibjörg Hafstað*
*Guðný Ársælsdóttir*
*Karl Gunnarsson*

# Þegar fjall segir sögu

**BAKPANKAR**
Svavars Hávarðssonar



Ég stóð varla út úr hnefa þegar þetta var. Hjartað hamaðist í brjóstinu þar sem ég stóð með eyrað fast við berghamarinn og hlustaði á niðinn frá þýskum sprengjuflugvélum sem komu fljúgandi inn fjörðinn. Svo heyrðist ýlfrið í sprengjunum þegar þær féllu – í átt að risavöxnu skipinu sem lá á firðinum. Hver á eftir annarri skullu sprengjurnar í sjóinn og köstuðu stáldrekanum til og frá þegar þær sprungu með ærandi hávaða. Geltið í byssunum heyrðist greinilega, og hróp og köll mannanna um borð þegar þeir reyndu í örvæntingu að verja sig. Skipið tók að sökkva og það söng í sundursnúnu stálinu. Hljóðið í vígvélunum dó rólega út – og svo hurfu þær loks sjónum yfir fjallatoppunum.

**ÞEGAR** ég var gutti var hefðbundið sumarfrí fjölskyldunnar skottúr á Seyðisfjörð. Þar er pabbi fæddur og uppalinn. Fastur liður var fjallganga með kallinum þar sem hann sagði okkur sögur frá gamalli tíð, og stóð þar ein upp úr. Það var sagan af því þegar olíuskipinu El Grillo var sökkt inni á firðinum í febrúar 1944. Það var nefnilega svo að pabbi hafði trúað okkur bræðrunum fyrir því að fjallið fyrir ofan bæinn væri gætt þeirri náttúru að safna sögum; það geymdi niðinn frá liðinni tíð. Ekki átti þetta síst við um orrustugný frá dögum heimsstyrjaldarinnar; ekki þurfti annað en að leggja eyrað á steininn og þá mátti hlusta á fortíðina. Svo sagði hann söguna af upplifun sinni á meðan við fengum hana staðfesta með bergmálinu úr fjallinu.

**ÉG** veit ekki hvenær ég áttaði mig á því að hljóðin úr hamrinum komu frá frystihúsinu á staðnum; sennilega manni á lyftara að henda til fiskikörum á plani. Að hróp mannanna snerust ekki um líf eða dauða í brennandi olíueldi heldur frekar að það vantaði meiri fisk á eitthvert færibandið. Já, eða hvenær ég áttaði mig á mikilvægi þess að sá sem sagði mér söguna fæddist 1946 – tæplega tveimur árum eftir að téðir atburðir áttu sér stað.

**EN** af hverju segi ég þessa sögu? Kannski vegna þess að ég fæ hlýtt í hjartað við að rifja þetta upp. Einnig vegna þess að við lifum á ólíkindatímum og eitt og annað er fullyrt um atburðarás liðinna ára – hvernig þetta var og hvernig best er að halda áfram. Ég vil líka hnykkja á mikilvægi þess að oft er lærdómsríkt að horfa í aðra átt en þangað sem sögumaður bendir.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Á leið til Milljónmaðkaeyju

## Leikfélag Hafnarfjarðar frumsýnir fjölskylduleikritið Sjóræningjaprinsessuna.

Verkið Sjóræningjaprinsessan, sem frumsýnt verður í Gaflaraleikhúsinu næsta laugardag, fjallar á ærslafenginn hátt um ævintýri barnanna Soffíu og Matta sem alist hafa upp á friðsælli eyju í Suðurhöfum. Ólíkt Matta, uppeldisbróður sínum, þráir Soffía að lenda í ævintýrum og heldur því statt og stöðugt fram að hún sé sjóræningjaprinsessa, fósturforeldrum sínum til armæðu. En svo gerist það eitt óveðurskvöld að tveir grunsamlegir náungar skjóta upp kollinum og áður en Soffía veit af er hún komin út á rúmsjó með hættulegum og ótrúlega heimskum sjóræningjum á leið til Milljónmaðkaeyju þar sem mannætur ráða ríkjum.

Leikritið er eftir Ármann Guðmundsson og hann semur einnig tónlistina, ásamt Guðmundi Svavarssyni. Leikstjóri er Lárus Vilhjálmsson. Sýnt er í Gaflaraleikhúsinu við Víkingastræti og hægt að panta miða á midi.is.



**LEIKENDUR** Það verður stuð þegar sjóræningjaprinsessan heimsækir Hafnarfjörð um næstu helgi.

# Byggir skóla

Angelina Jolie hefur komið á fót stúlknaskóla í grennd við Kabúl, höfuðborg Afganistan. Hún mun ekki láta þar staðar numið heldur hyggst opna fleiri stúlknaskóla í landinu í nánustu framtíð.

Jolie hefur verið sérstakur sendiherra Sameinuðu þjóðanna um árabil og lengi sinnt hvers kyns mannúðarmálum. Hún fjármagnaði byggingu skólans með sölu á skartgripalínunni Style of Jolie sem hún hannar í samstarfi við gullsmiðinn Robert Procop.

„Ég fann innblástur minn í vitneskjunni um að vinnan mundi skila sér til þeirra er helst þurfa á því að halda,“ sagði Jolie um samstarfið við Procop.



**BYGGIR SKÓLA** Angelina Jolie hefur fjármagnað stúlknaskóla í Kabúl. Hún hyggst byggja fleiri skóla í landinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MIÐVIKUDAGUR 3. APRÍL 2013**

### Pub Quiz

**20.00** Siddi stjórnar Pub Quizi á Faktorý. Þemu eru tígrisdýr, 10, trommarar og turnar.

### Handverkskaffi

**20.00** Bjargey Ingólfsdóttir kennir fólki að búa til köngulær úr vír og perlum á handverkskaffi Gerðubergs. Hún deilir jafnframt með gestum þeirri leið sem hún notaði til að yfirstíga köngulóafóbíu sína.

### Tónlist

**20.00** Söngfjelagið Góðir grannar heldur tónleika í Langholtskirkju undir yfirskriftinni Raulað úr ræmum. Á efnisskránni eru lög úr kvikmyndum, t.d. Vesalingunum, Galdrakarlinum í Oz og Breakfast at Tiffany's. Sérlegur vinakór Góðra granna, Raddbandafélag Reykjavíkur, kemur einnig fram. Miðaverð er kr. 1.500.

**21.00** Saxófónleikarinn Angelika Nieschier heldur tónleika á Múlanum í Hörpu, ásamt þeim Scott McLemore trommuleikara og Hilmari Jenssyni gítarleikara. Síðasti diskur Angeliku var valinn diskur ársins 2011 af helsta jazzriti Þýskalands, Jazzthing.

### Fyrirlestrar

**12.00** Mr. Vivien Pertusot, forstöðumaður Ifri hugveitunnar (think tank) í Brussel talar á fundaröð Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í fundarsal Norræna hússins. Umræðuefni fundarins er Evrópusambandið: Breytilegur samruni eða ein leið fyrir alla? Fyrirlesturinn fer fram á ensku og eru allir velkomnir.

**20.00** Dr. Hans Kr. Guðmundsson eðlisverkfræðingur heldur fyrirlestur um doktorsmenntun og íslenska doktora í félagsheimilinu að Hæðargarði 31. Fyrirlesturinn er á vegum U3A Reykjavík.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**NÝTT LAG** Hljómsveitin Grísalappalísa hefur gefið út sitt fyrsta lag.

# Gefa út lagið Lóan er komin

Grísalappalísa hefur gefið út lagið Lóan er komin. Það er tekið af fyrstu plötu hljómsveitarinnar, Ali, sem er væntanleg á vegum 12 Tóna á næstunni.

Hljómsveitin er skipuð Gunnari Ragnarssyni og Sigurði Möller Sívertsen, fyrrverandi meðlimum Jakobínarínu, Bergi Thomas Anderson, bassaleikara Oyama og Sudden Weather Change, og þeim Alberti Finnbogasyni og Tuma Árnasyni úr The Heavy Experience. Næstu tónleikar sveitarinnar verða á Kexi hosteli á fimmtudagskvöld klukkan 21 og verður leikið efni af plötunni.


www.lyfja.is

Kaupaukinn þinn

DAGANA 3. – 9. APRÍL Í LYFJU LÁGMÚLA, SMÁRATORGI OG SELFOSSI

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú kaupir vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 kr. eða meira.

ESTĒE LAUDER KAUPAUKI

**Kaupaukinn inniheldur:**
**Perfectly Clean Splash Away Cleanser -** froðuhreinsi, 30ml
**Advanced Night Repair –** viðgerðardropa, 7ml
**Advanced Night Repair Eye –** alhliða viðgerðarkrem fyrir augu, 5ml
**DayWear Creme spf 15 –** dagkrem fyrir allar húðgerðir, 15ml
**Sumptuous Extreme Mascara –** svartan maskara
**Pure Color Lipstick –** varalit, Rose Tea.
**Pure Color Gloss –** varagloss, Mood Poppy
**Glæsilega snyrtitösku**

*meðan birgðir endast




LYFJA
- Lifið heil

# Verðlaunaleikritið Blam! sýnt á Íslandi

Sýning Kristjáns Ingimarssonar, Blam!, verður frumsýnd á Íslandi í kvöld. Hún vakti mikla athygli þegar hún var sýnd í Kaupmannahöfn í fyrra, hlaut lofsamlega dóma og var valin sýning ársins af dómnefnd hinna virtu Reumert-verðlauna í Danmörku.

„Mig langaði að búa til sýningu sem léti áhorfendum líða eins og krökkum þegar þeir koma út úr bíói, hafandi séð bestu mynd sem þeir hafa séð um ævina. Ég man þegar ég upplifði svona sýningar, maður kom út og leið eins og bíómyndin væri enn í gangi. Mig langaði til þess að fanga þessa tilfinningu,“ segir Kristján Ingimarsson, sem er mættur til Íslands með verðlaunasýninguna Blam!.

### Óhefðbundið leikhús

Kristján hefur verið búsettur í Danmörku meira og minna hátt í 20 ár. Þar hefur hann sett á svið fjölda sýninga þar sem hann blandar saman látbragðsleik, gamanleik, fimleikum, trúðleik, dansi og leiklist þannig að úr verður óhefðbundið leikhús.

Blam! gefur áhorfendur sýn inn í óvenjulegan heim venjulegra skrifstofumanna: „Sýningin fjallar um fjóra skrifstofumenn, þrjá meðalgosa og svo yfirmann þeirra. Sýningin fjallar líka um fyrirbærið blam, sem snýst um það að leika senur úr uppáhaldsbíómyndum.

Þeir sem eru blammarar eiga oft sína uppáhaldshetjur eða stílbrigði. Og þannig er því farið með skrifstofumennina mína, sá sem ég leik hefur Antonio Banderas að sinni fyrirmynd, annar er svo meira fyrir Jackie Chan og kungfu-myndir og sá þriðji er nördinn sem fílar vísindaskáldskap.

Það sem þeir gera á skrifstofunni er að þeir taka upp atriði úr bíómyndum og nota til þess skrifstofuna. Þeir eru líka um leið alltaf að gera grín að yfirmanninum sínum. En svo kemur í ljós að hann er líklega langmesti blammarinn af þeim öllum, þegar hann fer að taka þátt í leiknum með þeim þá fyrst færist fjör í leikinn.“

Kristján, sem er hugmyndasmiður sýningarinnar og leikstjóri, segir innblástur sýningarinnar liggja víða og bakgrunnur leikaranna endurspegli það, þeir séu menntaðir í dansi, leik og sirkuslistum. Sjálfur hefur hann sótt sér menntun í nokkrum leiklistarskólum en segist eiga afar erfitt með að skilgreina sjálfan sig.

„Sviðslistamaður nær því kannski helst. Ég hef sinnt tilraunaleikhúsi alveg síðan ég lauk námi, ég lærði í þremur leiklistarskólum og hef nýtt mér það sem mér finnst passa fyrir mig.“

### Sköpunin drifkraftur

Kristján, sem er fæddur og uppalinn á Akureyri, segist ekki hafa ætlað sér að verða leikari, hvað þá í Danmörku. „Það var dönsk kona sem fann mig og ég fylgdi henni til Danmerkur. Og rétt áður en ég fór út ákvað ég að verða leikari, það var aldrei á dagskrá. Ég byrjaði í líffræði á sínum tíma, hætti því og fór að smíða hjá pabba áður en ég fór út. En ég hef alltaf verið í einhverju brasi, setti upp útvarpsstöð á framhaldsskólaárunum og var alltaf eitthvað að framkvæma. Enda felst drifkraftur minn í því að skapa, ég fæ svo miklu meira út úr því en að leika í hefðbundnu leikriti,“ segir Kristján að lokum.

Leikritið Blam verður sýnt í Borgarleikhúsinu 3.-7.apríl og í Hofi á Akureyri 10.-11. apríl.

sigridur@frettabladid.is



**ÓVENJULEGIR SKRIFSTOFUMENN** Kristján Ingimarsson og félagar voru við æfingar á leikritinu Blam! í gær en leikritið verður frumsýnt á Íslandi í kvöld. Íslandssýningarnar marka upphaf á Evrópureisu hópsins, sem meðal annars mun sýna Blam! á hinni virtu Edinborgarhátíð sem haldin er í ágúst ár hvert. Þar fyrir utan liggur leiðin til Noregs, London, um alla Danmörku og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ENNEMM / SÍA / NM51142

einn ..

Millifærðu með hraðfærslum í Appinu




Veldu hraðfærslur á upphafsskjámynd og smelltu á þekktan viðtakanda

Við bjóðum góða þjónustu

Skannaðu kóðann til að sækja Appið.

islandsbanki.is | Sími 440 4000

# Syndir mæðranna

BÆKUR ★★★★☆

### Í trúnaði

Héléne Grémillon, þýðing: Kristín Jónsdóttir

**BJARTUR 2013**




Neon-klúbbur Bjarts er stórmerkilegt fyrirbæri. Þar koma út á tveggja mánaða fresti nýlegar bækur frá ýmsum löndum, bækur sem annars myndu tæplega rata í hendur íslenskra lesenda, en eiga það sameiginlegt að breikka sjóndeildarhring þeirra svo um munar. Nýjasta bókin í klúbbnum, Í trúnaði eftir Héléne Grémillon, er engin undantekning frá þeirri reglu. Frönsk verðlaunabók frá því í fyrra sem farið hefur sigurför um heiminn og það verðskuldað. Bygging bókarinnar er æði sérstök. Ramminn er saga Camille, ungrar konu sem nýverið missti móður sína, en meginsagan er sögð í bréfum frá ókunnum manni, bréfum sem rekja harmræna sögu frá stríðsárunum og setja tilveru Camille smátt og smátt á annan endann.

Sögunni er mjatlað í hana og lesandann í hæfilegum skömmtum með hliðarsporum, misskilningi, lygum og hálfkveðnum vísum sem halda lesanda á tánum fram á síðustu síðu. Lengi framan af er erfitt að átta sig á hvað þessi gamla saga hefur með líf Camille að gera en eins og vera ber smellur allt á sinn stað á endanum.

Eins og títt er um franskar sögur sem segja frá stríðsárunum er undirliggjandi ógn í textanum, þótt stríðið sjálft sé aðeins í bakgrunni sögunnar. Stríðið sem hún lýsir er stríðið á milli manneskjanna, lygar, svik og prettir, ást í meinum og óhugnanleg grimmdin sem gegnsýrir mannleg samskipti. Hér eru þó engar svarthvítar mannlýsingar, vonda fólkið ekki alvont og góða fólkið engir saklausir englar. Hver persóna er vel og sannferðuglega dregin og lesandinn hefur þrátt fyrir allt samúð með þeim öllum og skilning á því sem knýr þær áfram. Fórnarlambið Annie er sannfærandi í trúnaðartrausti sínu og sakleysi, sem þó er málum blandið þegar í ljós kemur að einnig hún getur svikið þá sem standa henni næst ef aðstæðurnar bjóða upp á það. Best skrifaða persónan er þó frú M, þorparinn í sögunni, sem þrátt fyrir mannvonsku sína er svo brjóstumkennanleg og mannleg að lesandinn dauðvorkennir henni. Aðrar persónur eru í minni hlutverkum í sögunni, en þó allar vel dregnar með skýr persónueinkenni sem gera þær lifandi í huga lesandans. Sannarlega vel að verki staðið.

Sagan er feikivel skrifuð og þýðing Kristínar Jónsdóttur rennur vel og áreynslulaust, þótt á stöku stað megi finna stirðan þýðingarkeim, einkum í fyrri hlutanum.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sterk saga með vel dregnum persónum og sögu sem lifir lengi í huga lesandans.


HESTADAGAR
Í REYKJAVÍK 2013
4. - 7. APRÍL



## Dagskrá Hestadaga 2013

**Fimmtudagur 4. apríl**
**Kl. 16:00 – Setningarathöfn í Ráðhúsi Reykjavíkur.** Borgarstjóri Reykjavíkur kemur í hestvagni að ráðhúsinu ásamt fríðu föruneyti og setur hátíðina. Allir velkomnir!

**Föstudagur 5. apríl**
Hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu bjóða heim! Föstudaginn 5. apríl ætla hestamannafélögin Fákur, Hörður, Sóti, Sprettur og Sörli að bjóða gestum og gangandi í félögin sín. Valin hesthús verða opin fyrir áhugasama og hestateymingar verða í boði í reiðhöllum félaganna ásamt léttum veitingum. Öll hestamannafélögin verða með sömu dagskrá á sama tíma.
**17:00 - 19:00 Opin hesthús (valin og merkt með blöðrum) Teymingar í reiðhöllum félaganna**
**18:00 Börn og unglingar sýna atriði** - Kaffi, svali og kjötsúpa verður í boði í hverju félagi.

**Laugardagur 6. apríl**
**Kl. 13:00-16:00 – Dagskrá í Húsdýragarðinum** – teymt undir börnum, fræðsla um hestinn, heitjárning sýnd, byggingadómar, fax hesta fléttað og fleira skemmtilegt.
FRÍTT INN ALLAN DAGINN Í BOÐI LH!
**Kl. 13:00 – Skrúðreið frá BSÍ** – ca. 150 hestar – BSÍ, upp á Skólavörðuholt, niður Skólavörðustíg, yfir Lækjargötu, Austurstræti, Pósthússtræti, Kirkjustræti og Tjarnargata að Ráðhúsi, áfram Tjarnargötu, í gegnum Hljómskálagarð, yfir Njarðargötu og aftur að BSÍ.
**Kl. 20:00 – Ístölt þeirra allra sterkustu í Skautahöllinni í Laugardal** - töltmót á ís!

**Sunnudagur 7. apríl**
Æskan & hesturinn í reiðhöllinni í Víðidal kl. 13:00 og 16:00. Fjölskyldusýning - frítt inn!



LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA






**Vantar unglinginn á heimilinu smá bíópening?**

Við einföldum millifærslur í snjallsímanum margfalt. Með nýja Íslandsbanka Appinu má nálgast stöðuna á reikningum og færa smærri fjárhæðir á vini og vandamenn með fáeinum smellum.

**Þjónusta í gegnum Appið:**

- Hraðfærslur á þekkta viðtakendur
- Staða reikninga með einum smelli
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Upplýsingar um útibú og hraðbanka
- Aðgengi að Netbanka o.fl. sem opnar á fleiri möguleika

Kynntu þér nýja Appið betur á www.islandsbanki.is/farsiminn

*Þjónustan er í boði fyrir fjárráða einstaklinga með aðgang að Netbanka Íslandsbanka.*

Íslandsbanki

# Vinsæll í fimmtán ár

Popparinn Justin Timberlake hefur komið sterkur til baka eftir sjö ára fjarveru.

Justin Timberlake hefur heldur betur komið sterkur til baka á tónlistarsviðið eftir sjö ára fjarveru. Þriðja sólóplata hans, The 20/20 Experience, fór beint á toppinn bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Hún seldist í rétt tæpri einni milljón eintaka vestanhafs á aðeins einni viku.

Síðan hinn 32 ára poppari sló í gegn með strákabandinu ´N Sync árið 1998 hefur hann jafnt og þétt náð að auka vinsældir sínar, bæði með sólóplötum sínum, kvikmyndaleik og hjónabandi sínu með leikkonunni Jessicu Biel. Á þessum árum hefur útlit hans og fatastíll tekið nokkrum breytingum eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



**1998** Justin Timberlake í grárri rúllukragapeysu (lengst til hægri) ásamt fyrrverandi félögum sínum í ´N Sync. NORDICPHOTOS/GETTY



**2005** Snoðklipptur Timberlake kynnir fatalínu sína í New York, ári áður en önnur sólóplatan, Futuresex/Lovesounds, leit dagsins ljós.



**2002** Með ljósar krullur á bandarísku tónlistarverðlaununum 2002, skömmu áður en fyrsta sólóplatan, Justified, kom út.



**2001** Á Grammy-verðlaunahátíðinni þegar hann var enn í ´N Sync.



**2010** Með gleraugu á frumsýningu The Social Network þar sem hann fór með aukahlutverk.



**2013** Vel greiddur í útgáfuhófi vegna nýju plötunnar í Los Angeles.




30 daga hreinsun á mataræði

með Davíð Kristinssyni, næringar- og lífsstílsþjálfara, mánudaginn 8. apríl, kl. 19:00 - 21:00.

Innifalið í námskeiðinu er handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðill.

Námskeiðið fer fram í Lifandi markaði Borgartúni 24. Nánari upplýsingar á www.lifandimarkadur.is

Borgartún ✤ Fákafen ✤ Hæðasmári
www.lifandimarkadur.is

LIFANDI MARKAÐUR






**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| I GIVE IT A YEAR LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| SAFE HAVEN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.45 | L |
| THE CROODS 3D ENSKT TAL, ÁN TEXTA | KL. 5.45 - 8 | L |
| BROKEN CITY | KL. 10.10 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 8 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 10.30 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| QUARTET | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| THE CROODS 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| SAFE HAVEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SNITCH | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| ANNA KARENINA | KL. 5.15 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | KL. 8 - 10.10 | L |
| THE CROODS 3D | KL. 5.50 | L |
| SAFE HAVEN KL. 8 12 / SNITCH | KL. 10.10 | 16 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5.50 | 12 |

midi.is — Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 — 5%




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| I GIVE IT A YEAR | 6, 8, 10 | 12 |
| SNITCH | 8, 10.20 | 12 |
| THE CROODS 3D - ÍSL TAL | 6 | L |
| THE CROODS 2D - ÍSL TAL | 6 | L |
| IDENTITY THIEF | 10.15 | 12 |
| BROKEN CITY | 8 | 16 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| JACK THE GIANT SLAYER VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THE CROODS ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE CROODS ÍSL TAL | KL. 5:50 - 8 | L |
| DEAD MAN DOWN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 - 10:40 | 16 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| FLIGHT | KL. 10:10 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 8 | 12 |
| SNITCH | KL. 10:20 | 16 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 10:30 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 - 10:40 | 10 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:30 | 10 |
| THE CROODS ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEAD MAN DOWN | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 | 10 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 6 - 8 - 10:10 | L |
| JACK THE GIANT SLAYER 3D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




**BÍÓ ★ PARADÍS**

| | | |
|---|---|---|
| CHASING ICE | (L) | 20:00, 22:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |
| ÞETTA REDDAST | (10) | 18:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 20:00, 22:10 |
| KON-TIKI | (12) | 17:50 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Coldplay með bestu plötuna

## Hlustendum BBC þykir A Rush of Blood to the Head betra af öðrum plötum.

A Rush of Blood to the Head með Coldplay hefur verið kjörin besta plata allra tíma í nýrri skoðanakönnun hjá BBC Radio 2. Þessi önnur plata hljómsveitarinnar frá árinu 2002 bar sigurorð af plötum á borð við The Dark Side of the Moon með Pink Floyd, og Sgt. Pepper´s Lonely Hearts Club Band með Bítlunum.

Nokkrar plötur komust óvænt inn á topp tíu, eins og Hopes and Fears með Keane og Rio með Duran Duran.



**BESTIR** A Rush of Blood to the Head hefur verið kjörin besta plata allra tíma.

# Fengu nei frá Bieber

## Frank Ocean og Tyler, The Creator komust ekki að.

Justin Bieber hafnaði lagi sem vinirnir Frank Ocean og Tyler, The Creator sömdu fyrir plötuna Believe með þeim fyrstnefnda.

Rapparinn Tyler segist í viðtali við Billboard vissulega hafa orðið fúll en hann hafi þó enn mikinn áhuga á að vinna með ungstirninu. „Mig langar til að læsa Justin Bieber í búri í heilan mánuð og búa til tónlist með honum. Hann er einn af vinsælustu tónlistarmönnum í heiminum en tónlistin hans gæti verið miklu þéttari,“ segir Tyler.



**JUSTIN BIEBER** Vandlátur ungur maður.



**RACHEL BILSON**

# Með fjölskyldu á heilanum

Leikkonan Rachel Bilson er í forsíðuviðtali í nýjasta tölublaði bandaríska Cosmopolitan. Þar talar hún opinskátt um samband sitt við leikarann Hayden Christensen, en parið hefur verið saman síðan árið 2007. „Ég er með fjölskylduna á heilanum og sé fyrir mér mörg börn í framtíðinni. Ég vona að það rætist,“ segir Bilson og bætir við að hún sé mjög góð kærasta. „Ég er mjög góð kærasta og hef ávallt sett það í fyrsta sæti í lífinu.“

Bilson leikur þessa dagana aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Hart of Dixie sem eru vinsælir vestanhafs.

# Berry öskraði á ljósmyndara

Halle Berry og Olivier Martinez voru allt annað en sátt við fjölda papparassa-ljósmyndara sem biðu eftir leikaraparinu á flugvellinum í Los Angeles þegar það lenti eftir afslappandi frí á Havaí á mánudag.

Parið hafði vart stigið út úr vélinni þegar ljósmyndararnir hópuðust í kringum það, smelltu myndum í gríð og erg og héldu uppi fyrirspurnum um fríið. „Drullið ykkur burtu! Það eru börn hérna, hvað í andsk… er að ykkur,“ öskraði Berry með unga dóttur sína í fanginu. Franskur unnusti hennar mun einnig hafa sparkað í einn af ljósmyndurunum áður en þau drifu sig á burt og heim í glæsivilluna sína.



**HALLE BERRY** Var í afslappandi frí á Havaí ásamt Martinez.

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-0637

## Ársfundur

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn **24. apríl nk. kl. 17.15** í höfuðstöðvum **Arion banka, Borgartúni 19.**

## Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á frjalsilif.is og verða aðgengilegar í höfuðstöðvum Arion banka tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en sjö dögum fyrir ársfund og ber að tilkynna framboð til stjórnar með sannanlegum hætti.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

**NAFNÁVÖXTUN**
FRJÁLSA LÍFEYRISSJÓÐSINS




*Skuldabréf eru gerð upp á kaupkröfu.

■ Nafnávöxtun 2012
■ 5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 31.12.2007 – 31.12.2012

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð. 5 ára ávöxtun er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á **frjalsilif.is**.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinn öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Hafðu samband við okkur í síma **444 7000**, sendu tölvupóst á **lifeyristhjonusta@arionbanki.is** eða komdu við í næsta útibú.

## Meginniðurstöður ársreiknings (í millj. króna)

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12. 2012
EIGNIR

| | |
|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 44.050 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 65.598 |
| Veðlán | 1.616 |
| Verðtryggð innlán | 2.500 |
| Aðrar fjárfestingar | 15 |
| **Fjárfestingar alls** | **113.780** |
| Kröfur | 707 |
| Aðrar eignir | 3.005 |
| **Eignir samtals** | **117.492** |
| **Skuldir** | **-824** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **116.668** |

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2012

| | |
|---|---|
| Iðgjöld | 7.913 |
| Lífeyrir | -2.696 |
| Fjárfestingartekjur | 12.161 |
| Fjárfestingargjöld | -285 |
| Rekstrarkostnaður | -140 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **16.953** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **99.715** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **116.668** |

LÍFEYRISSKULDBINDINGAR SKV. NIÐURSTÖÐU TRYGGINGAFRÆÐINGS 31.12.2012

| | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -459 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | -1,6% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -243 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -0,3% |

KENNITÖLUR

| | |
|---|---|
| Eignir í íslenskum krónum | 79,8% |
| Eignir í erlendum myntum | 20,2% |
| [1]Fjöldi virkra sjóðfélaga | 12.478 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 45.926 |
| [2]Fjöldi lífeyrisþega | 1.717 |

[1] Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
[2] Meðaltal lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.

Arion banki

## James orðinn leikmaður ÍBV



**FÓTBOLTI** David James, fyrrverandi markvörður Liverpool og enska landsliðsins, skrifaði í gær undir samning við ÍBV. James mun verða aðstoðarþjálfari Hermanns Hreiðarssonar ásamt því að spila með liðinu.

„Það var Hermann Hreiðarsson sem kom mér til Íslands. Hann hringdi í mig fyrir einum eða tveimur mánuðum. Sagði við mig að ég væri að koma til þess að spila og þjálfa með honum. Ég sagði já. Þetta var í raunninni ekki flóknara en það,“ sagði brosmildur James við íþróttadeild í gær.

„Ég ætlast til þess að okkur muni ganga vel. Mér líkar við hugmyndafræði Hermanns sem þjálfara. Við erum ekki sammála um allt, sem er líka jákvætt. “ - hbg

## McCullum og Finnur Freyr best

**KÖRFUBOLTI** Úrvalslið seinni hluta deildarkeppninnar í Domino's-deild kvenna var tilkynnt í gær. Shannon McCullum var valin besti leikmaðurinn og Finnur Freyr Stefánsson besti þjálfarinn. Bæði koma úr KR.

Í kvöld hefst svo úrslitakeppnin í deildinni en þangað komust fjögur efstu lið deildarinnar. Keppnin byrjar því strax í undanúrslitum en þrjá sigra þarf til að komast í lokaúrslitin, alveg eins og hjá körlunum.

„Shannon kom okkur skemmtilega á óvart enda frábær leikmaður,“ sagði Finnur í samtali við Fréttablaðið í gær. KR mætir Snæfelli í sinni undanúrslitarimmu. „Hún gerir gott lið betra en það þarf engu að síður samvinnu allra leikmanna bæði innan og utan vallarins til að ná árangri og komast áfram í úrslitin.“

Deildarmeistarar Keflavíkur mæta Val í hinni rimmunni. Liðin mættust fjórum sinnum í deildinni í vetur og vann hvort tvo sigra.

„Þarna mætast tvö góð og það lið sem er með sterkari vilja mun vinna þetta einvígi. Ég hef alltaf sagt að vörn vinni titla og tel að til þess að vinna Val þurfum við fyrst og fremst að spila góða vörn,“ sagði Pálína Gunnlaugsdóttir, Keflavík. - esá



**BEST** Finnur Freyr og Shannon með verðlaunin sín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÚRSLIT

### DOMINOS-DEILD KARLA

**SNÆFELL - STJARNAN 91-90**
**Snæfell:** Jón Ólafur Jónsson 29/5 fráköst, Jay Threatt 25/6 fráköst/9 stoðsendingar, Ryan Amaroso 20/15 fráköst, Ólafur Torfason 5, Hafþór Ingi Gunnarsson 5/4 fráköst, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 5, Sigurður Á. Þorvaldsson 2 0.

**Stjarnan:** Jarrid Frye 23/9 fráköst/5 stoðsendingar, Justin Shouse 22/5 fráköst/7 stoðsendingar, Brian Mills 18/6 fráköst, Jovan Zdravevski 14/4 fráköst, Marvin Valdimarsson 9, Fannar Freyr Helgason 4.

**Snæfell leiðir einvígið, 1-0. Vinna þarf þrjá leiki til þess að komast í úrslit.**

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**PSG - BARCELONA 2-2**
**0-1 Lionel Messi (38.), 1-1 Zlatan Ibrahimovic (63.), 1-2 Xavi, víti (89.), 2-2 Blaise Matuidi (90.+4)**

**Þetta var fyrri leikur liðanna í átta liða úrslitum.**

**BAYERN MÜNCHEN - JUVENTUS 2-0**
**1-0 David Alaba (1.), 2-0 Thomas Müller (79.).**

**Þetta var fyrri leikur liðanna í átta liða úrslitum.**

### SÆNSKI KÖRFUBOLTINN

**SUNDSVALL - NORRKÖPING 74-72**
**Hlynur Bæringsson skoraði 16 stig fyrir Sundsvall og Jakob Örn Sigurðarson 12. Pavel Ermolinskij skoraði 11 stig fyrir Norrköping.**

**Þetta var fyrsti leikur liðanna í undanúrslitum um sænska meistaratitilinn.**

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# Kári Kristján spilar í Maribor

Línumaðurinn Kári Kristján Kristjánsson fór í aðgerð vegna góðkynja æxlis í baki fyrir rúmum mánuði. Hann er búinn að jafna sig og mun spila leikinn mikilvæga gegn Slóvenum í undankeppni EM í dag.

**HANDBOLTI** Strákarnir okkar eiga erfiðan leik fyrir höndum í dag er þeir sækja Slóvena heim í undankeppni EM 2014. Leikur liðanna fer fram í Maribor og er búist við mikilli stemningu. Þarna mætast tvö sterkustu lið riðilsins. Ísland er í efsta sæti með fjögur stig en Slóveníu í öðru sæti með þrjú. Tvö efstu liðin í riðlinum komast á EM sem fram fer í Danmörku.

„Þetta er sterkasti heimavöllur Slóvena ásamt vellinum í Celje. Við gerum ráð fyrir að það verði allt vitlaust þarna,“ sagði Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari við Fréttablaðið í gær.

Hann var þá staddur í rútu á leið til Maribor rúmum sólarhring fyrir leik. Er hann sáttur við að vera á ferðinni svo skömmu fyrir leik?

„Við náðum æfingu í Grosswallstadt fyrir þetta ferðalag, sem var gott. Það var fínt að hittast úti og æfa í Þýskalandi áður en farið var. Svona var planið og við gerum gott úr þessu. Við verðum klárir í leikinn,“ sagði þjálfarinn diplómatískur.

Leikurinn gegn Slóvenum verður allt annað en auðveldur. Ekki bara er Ísland að mæta á erfiðan útivöll heldur tefla Slóvenar fram einu sterkasta liði heims sem er á mikilli uppleið. Liðið varð í fjórða sæti á HM og á framtíðina fyrir sér. Slóvenska liðið lagði það íslenska 34-32 er liðin mættust á EM í Serbíu á síðasta ári.

„Þetta er okkar helsti andstæðingur okkar í riðlinum. Við eigum þá síðan heima á sunnudaginn og við verðum að ná góðum úrslitum úr þessum leikjum. Það er ekkert nýtt undir sólinni þar. Við stefnum á tvo sigra. Svo verður að koma í ljós hvernig það gengur,“ sagði Aron en að minnsta kosti tvö stig úr þessum leikjum myndu setja Ísland í góða stöðu í riðlinum. Fjögur stig myndu nánast skjóta liðinu til Danmerkur.



**KÁRI SNÝR AFTUR** Það er mikill styrkur fyrir íslenska liðið að hafa Kára með í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það hafa verið vandræði með línumannastöðuna hjá landsliðinu. Þeir Róbert Gunnarsson, Kári Kristján Kristjánsson og Vignir Svavarsson voru allir meiddir er hópurinn var valinn. Kári Kristján er þó byrjaður að æfa á nýjan leik þannig að nýliðarnir Jón Þorbjörn Jóhannsson og Atli Ævar Ingólfsson þurfa ekki að axla alla ábyrgðina í þessum leikjum.

„Kári hefur verið með á öllum æfingum og litið vel út. Það er mjög ánægjulegt. Hann er klár í slaginn og verður með okkur í þessum leik,“ sagði Aron en Kári hefur verið frá síðustu vikur eftir að góðkynja æxli var fjarlægt úr baki hans.

Aron segir að það þurfi að stöðva einn leikmann hjá Slóvenum.

„Slóvenar byggja sinn leik upp á leikstjórnandanum Uros Zorman. Liðið nýtir hans styrkleika og það þurfum við að stoppa. Liðið er vel spilandi. Leikmenn með góðan leikskilning. Við verðum að vera þéttir fyrir og grimmir að refsa er við fáum tækifæri til. Þetta er erfiður útivöllur og við verðum að halda ró okkar og vera þolinmóðir. Aginn þarf að vera í lagi hjá okkur allan leikinn.“ henry@frettabladid.is

POTTURINN STEFNIR Í
1800 MILLJÓNIR
120.000.000
+1.680.000.000
SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16
Fyrsti vinningur stefnir í 120 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.680 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**



# FÓTBOLTASKÓR

Lyktarkúlurnar komnar aftur




## 10 - 30% afsláttur af skóm miðvikudag til laugardags

Merking fylgir með öllum skóm*

*ath: hægt er að merkja flesta skó.















---

# Fótboltatreyjur

- tímabilið er á enda lækkað verð













Fullorðinsstærðir
kr. 9.990.-
Barnastærðir
kr. 7.990.-

Allar stuttbuxur erl. félagsliða kr. 4.990.-

---

STANNO

Frábær alhliða æfinga-fatnaður í fótboltann

Stanno Ultimate Grip
kr. 11.990.-



Gunnleifur Gunnleifsson landsliðsmarkvörður mælir með Stanno markmannahönskur



Stanno 008jr
kr. 4.990.-




Mitre Ciero
Frábær bolti á gervigrasið
kr. 7.990.-

Æfingahattar
6 stk. í pakka
kr. 1.790.-





3/4 buxur

Mitre Ultimax
FIFA approve keppnisbolti
kr. 12.990.-




Fótboltamark í garðinn
Sumarið er tíminn



kr. 12.990.-

Æfingabuxur í fótboltann
fullorðinsst. kr 5.990.-
barnastærðir kr. 4.990.-

# Jói útherji

www.joiutherji.is



Fótboltasokkar
í flestum litum

Ármúla 36 - 108 Reykjavík - s. 588-1560 - joiutherji@joiutherji.is - www.joiutherji.is

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.35
### Kalli Berndsen – Í nýju ljósi

Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen hjálpar konum og körlum að finna sitt rétta útlit á Stöð 2 í kvöld. Að þessu sinni hjálpar hann konu sem hefur látið útlitið sitja á hakanum undanfarin ár. Hún er 43 ára, einhleyp og starfar í bakaríi. Galdramaðurinn Kalli gefur að vanda góð ráð sem nýtast jafnt henni sem áhorfendum heima í stofu.



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?
### AUÐUR TINNA AÐALBJÖRNSDÓTTIR, BORÐTENNISÞJÁLFARI

**Horfi ekki mikið**
Ég get ekki sagt að ég horfi mikið á sjónvarpið en ég fylgist með nokkrum góðum þáttaröðum.



**RÚV KL. 18.05**



1 **Landsleikur í handbolta** „Ein af uppáhaldsíþróttunum til að fylgjast með í sjónvarpi."

**STÖÐ 2 KL. 13.00**



2 **Suits** „Einn af uppáhaldsþáttunum mínum. Háklassa lögfræðidrama."

**SKJÁR 1 KL. 20.00**




3 **Megatíminn** „Hress fjölskylduþáttur sem vinir mínir eru búnir að mæla með svo ég held ég kíki á hann í kvöld enda í opinni dagskrá."

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06.**40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Ariasman **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Horft heim að Völlum **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 Skólahreysti** *(e)*
**16.15 Læknamiðstöðin** *(2:22) (Private Practice V) (e)*
**17.00 Franklín**
**17.25 Geymslan**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.05 Landsleikur í handbolta** BEINT frá leik karlaliða Slóveníu og Íslands í forkeppni EM 2014.
**19.50 Fréttir**
**20.10 Veðurfréttir**
**20.15 Víkingalottó**
**20.20 Martin læknir** *(2:8) (Doc Martin 5)* Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
**21.10 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(9:10)* Í þáttunum er fylgst með keppni í einstökum greinum, stöðu í stigakeppni knapa og liða, rætt við keppendur og fleiri. Á milli móta eru keppendur og lið heimsótt og slegið á létta strengi.
**21.25 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Alþingiskosningar 2013 - Forystusætið** Formaður framboðs situr fyrir svörum um stefnumálin.
**22.55 Myndir af sorpi** *(Waste Land)* Myndlistarmaðurinn Vik Muniz kynnir áhorfendur fyrir fólki sem safnar endurvinnanlegum efnum á ruslahaug í útjaðri Rio de Janeiro í Brasilíu og vinnur með því listaverk úr ruslinu.
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**10.50 Rat Pack**
**12.50 Martian Child**
**14.35 Scott Pilgrim vs. The World**
**16.25 Rat Pack**
**18.25 Martian Child**
**20.10 Scott Pilgrim vs. The World**
**22.00 Hot Tub Time Machine**
**23.40 What's Your Number**
**01.25 Deal**
**02.50 Hot Tub Time Machine**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** (22:25)
**08.30 Ellen** (69:170)
**09.35 Doctors** (51:175)
**10.15 Hank** (5:10)
**10.40 Cougar Town** (11:22) keppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.
**11.05 Privileged** (12:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (5:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Suits** (4:12)
**13.45 Chuck** (3:13)
**14.30 Gossip Girl** (8:10)
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** (5:23) Tommi og Jenni
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (70:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** (21:24)
**19.45 Laddi - í eigin persónu** Seinni hluti af tveimur þar sem fylgst er með uppsetningu gamanleiksins Laddi lengir lífið.
**20.10 Go On** (11:22) Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með vininum Matthew Perry í hlutverki Ryan King, íþróttafréttamanns sem missir konuna sína.
**20.35 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** (3:8) Önnur þáttaröðin með Kalla Berndsen þar sem bæði karlar og konur fá yfirhalningu hjá meistaranum.
**21.05 Grey's Anatomy** (19:24)
**21.50 Kidnap and Ransom** (2:2) Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar.
**23.00 Sons of Anarchy** (3:13)
**23.45 The Closer** (14:21)
**00.25 Bones** (9:13)
**01.05 Go On** (11:22)
**01.30 Southland** (1:6)
**02.10 Fringe** (1:22)
**02.55 Chuck** (3:13)
**03.35 Grey's Anatomy** (19:24)
**04.20 The Big Bang Theory** (21:24)
**04.40 Laddi - í eigin persónu**
**05.05 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** (3:8)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**
**15.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**
**17.00 Þorsteinn J. og gestir**
**17.30 Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Galatasaray** Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**20.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Meistaradeild Evrópu. Þorsteinn J. og gestir fara yfir helstu atvikin í leikjunum.
**21.15 Meistaradeild Evrópu: Malaga - Dortmund** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**23.05 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Galatasaray** Útsending frá leik í 8 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**00.55 Þorsteinn J. og gestir**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Leeds - Derby**
**17.45 Football League Show**
**18.15 West Ham - WBA**
**19.55 Premier League Review Show**
**20.50 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni.
**22.05 Sunderland - Man. Utd**
**23.45 Everton - Stoke**

## krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Latibær** *(12:18)*
**08.50 Dóra könnuður**
**09.15 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.25 UKI**
**09.30 Strumparnir**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ævintýri Tinna**
**10.40 Ofurhundurinn Krypto**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Tommi og Jenni**
**17.30 Leðurblökustelpan**
**17.55 iCarly** *(22:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(12:24)*
**19.00 Friends** *(10:25)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(22:24)*
**20.10 American Dad** *(14:16)* Stan Smith er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**20.35 Funny or Die** *(11:12)* Sprenghlægilegir sketsaþættir frá Will Arnett og HBO byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.05 FM 95BLÖ** Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.25 Arrow** *(12:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og var talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur.
**22.10 Dollhouse** *(7:13)* Önnur sería þessara spennuþátta sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig. Echo er ein af þeim en virðist vera gera sér grein fyrir aðstöðu sinni og og ákveður að reyna losna úr þessum fjötrum og fær óvænta utanaðkomandi aðstoð.
**22.55 American Dad** *(14:16)*
**23.20 Funny or Die** *(11:12)*
**23.45 FM 95BLÖ**
**00.10 Arrow** *(12:23)*
**00.55 Dollhouse** *(7:13)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## GULL

**18.20 Doctors** *(3:175)*
**19.00 Ellen** *(82:170)*
**19.40 Hæðin** *(8:9)*
**20.35 Örlagadagurinn** *(9:14)*
**21.05 Krøniken** *(10:22)*
**22.10 Ørnen** *(10:24)*
**23.10 Hæðin** *(8:9)*
**00.05 Örlagadagurinn** *(9:14)*
**00.35 Krøniken** *(10:22)*
**01.40 Ørnen** *(10:24)*
**02.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Dynasty** *(10:22)*
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Katie The Science of Seeing**
**16.50 Design Star** *(1:9)*
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 Once Upon a Time** *(13:22)*
**19.10 Everybody Loves Raymond** *(1:25)*
**19.35 Will & Grace** *(5:24)*
**20.00 Megatíminn - BEINT** *(2:7)* Einn galnasti þáttur landsins þar sem áhorfendur geta unnið allt milli himins og jarðar í beinni útsendingu með því aðeins að senda SMS.
**21.00 Solsidan** *(2:10)* Alex og Anna eru komin aftur í þessum vinsælu þáttum.
**21.25 Blue Bloods** *(6:22)* Vinsælir bandarískir þættir um líf Reagan fjölskyldunnar í New York.
**22.10 Law & Order UK** *(8:13)* Vandaðir þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum sem eltast við harðsvíraða glæpamenn.
**23.00 Falling Skies** *(6:10)* Hörkuspennandi þættir úr smiðju Steven Spielberg sem fjalla um eftirleik geimveruárásar á jörðina.
**23.45 XIII** *(10:13)* Hörkuspennandi þættir byggðir á samnefndum myndasögum sem fjalla um mann sem þjáist af alvarlegu svefnleysi og á sér dularfulla fortíð XIII og félagi hans eru á hælum stórhættulegs morðingja.
**00.30 Prayers for Bobby** Einstök kvikmynd um konu sem tekst á við sjálfsvíg sonar síns.
**02.00 Excused**
**02.25 Blue Bloods** *(6:22)*
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Shell Houston Open **2013** *(3:4)* **12.10** Golfing World **13.00** Shell Houston Open **2013** *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour *(13:47)* **19.20** LPGA Highlights *(3:20)* **20.40** The Open Championship Official Film **2009 21.**35 Inside the PGA Tour *(14:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(13:45)* **23.45** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Á ferð og flugi

## ÚTVARP

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





# Nissan Patrol GR

**Árgerð 2008, 161 hestafla dísilvél, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ekinn 75 þús. km.**

Dráttarbeisli, filmur, fjarstýrðar samlæsingar, hiti í sætum, hraðastillir, kastarar, rafdrifnar rúður og speglar, stigbretti, þakbogar o.fl.

**Verð 4.490.000 kr.**
Afborgun **35.140 kr.** á mánuði í 60 mánuði*

*M.v. 65% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 60 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 12,5%.

ergo

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-0784

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR** Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**

ASKJA




PIPAR\TBWA • SÍA • 1311079

# MEGATÍMINN Í KVÖLD KL. 20.00

## Alltaf í opinni dagskrá í boði Coke og Domino's

SKJÁREINN

Nýttu þér MEGATÍMA-TILBOÐ
Domino's og Coke og þú gætir unnið
**ÁRSBIRGÐIR AF DOMINO'S OG COKE**

MegaTíma-tilboðið gildir alla
MegaTíma-miðvikudaga.

Allir vinnings-
hafar MegaTímans fá
að auki Domino's veislu!

Coca-Cola

Domino's Pizza

BÓKIN



**„Ég er að lesa Fimmtíu dekkri skugga eftir E.L. James. Hún er ansi krassandi.“**

Heba Finnsdóttir, einn af eigendum Bryggjunnar á Akureyri.

# Viðskiptavinirnir hjálpuðu til við flutninginn

Svanhildur Eva Stefánsdóttir og Linda Rós Ragnarsdóttir hafa flutt verslunina Spilavini í stærra húsnæði.

„Gamla húsnæðið var orðið of lítið; spilastaflarnir náðu orðið upp í rjáfur og flæddu út á gólf. Við ákváðum því að stækka við okkur og skapa nýja ævintýraveröld á nýjum stað,“ segir Svanhildur Eva Stefánsdóttir, sem á og rekur verslunina Spilavini ásamt Lindu Rós Ragnarsdóttur.

Verslunin, sem þær stöllur settu á fót árið 2007 og hefur verið til húsa við Langholtsveg, er flutt í nýtt og stærra húsnæði við Suðurlandsbraut 48 og nýttu Svanhildur Eva og Linda Rós páskafríið í smíðavinnu og flutninga. „Við eyddum öllum páskunum í að hanna og smíða. Fjölskyldurnar tóku þátt í þessu með okkur, þar á meðal börnin okkar sem fóru í málningargallana og máluðu hillur,“ segir Svanhildur Eva og bætir við að viðskiptavinir hafi einnig komið og lagt hönd á plóg: „Við fundum fyrir miklum stuðningi frá viðskiptavinunum og sumir komu og aðstoðuðu okkur við að pakka og taka upp úr kössum.“

Að sögn Svanhildar Evu var mikið lagt upp úr því að endurnýta innréttingarnar úr gamla húsnæðinu og skapa svokallaða ævintýraveröld fyrir yngstu viðskiptavinina. Þær nutu liðsinnis Lindu Mjallar Stefánsdóttur og Daníels Sigmundssonar við það vandasama verk. „Fólk má vera í búðinni hjá okkur í margar klukkustundir og fá kennslu eða spila spil. Það á að vera fjör að koma til okkar,“ segir hún að lokum. Formleg opnun nýrrar verslunar verður á morgun klukkan 17 og verður þá efnt til spilakvölds og skemmtunar fyrir alla aldurshópa. **- sm**



**STÆRRI ÆVINTÝRAVERÖLD** Svanhildur Eva Stefánsdóttir og Linda Rós Ragnarsdóttir hafa flutt verslunina Spilavini í nýtt og stærra húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Sorg og áföll
hvað hjálpar?

Halldór Reynisson formaður Nýrrar dögunar ræðir um þau bjargráð sem hjálpa fólki að takast á við sorg og áföll, á samveru Nýrrar dögunar fimmtudagskvöldið 4. apríl n.k.

Aðgangur er ókeypis og opinn öllum.

Erindið hefst kl. 20:30 í safnaðarheimili Háteigskirkju.
Kl. 19:00 - 20:00 er opið hús á sama stað
þar sem fólk getur komið og spjallað yfir kaffibolla.

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is



SPENNANDI KÓSÍKRIMMI!




DYNAMO REYKJAVÍK

Fimm gamlingjar komast að því að það er miklu betri aðbúnaður í fangelsum en á elliheimilum og grípa til sinna ráða. En leiðin á bak við rimlana reynist þyrnum stráð ...

VERÖLD


# Nemur við virtan tónlistarháskóla

Úlfur Hansson mun hefja meistaranám við hinn virta skóla Mills College í ágúst. Hann fær afslátt af skólagjöldunum gegn því að kenna yngri nemendum.

Tónlistarmaðurinn Úlfur Hansson mun hefja meistaranám í raftónlist við Mills College í Kaliforníu í haust. Tónlistardeild skólans þykir sérlega framsækin og hlýtur Úlfur styrk fyrir skólagjöldunum gegn því að kenna nemendum á grunnstigi að búa til raftónlistarhljóðfæri, en 26 strengja rafstrokin harpa Úlfs hlaut Nýsköpunarverðlaunin í ár.

Úlfur og sambýliskona hans, Rebekka Rafnsdóttir, flytjast búferlum í ágúst ásamt frumburði sínum; lítilli dóttur sem fæddist þann 27. mars. „Við erum orðin mjög spennt, þetta verður algjört ævintýri. San Francisco er ein af uppáhaldsborgunum mínum í Bandaríkjunum; andrúmsloftið er svo afslappað þar og fólkið opið og skemmtilegt,“ segir hann.

Mills College er gamall og virtur skóli og á meðal þeirra tónlistarmanna sem hafa lokið þaðan námi eru tónskáldin Leon Kirchner og Darius Milhaud, listakonan Laurie Anderson, Phil Lesh úr hljómsveitinni Grateful Dead, tilraunatónskáldið Steve Reich og tónlistarkonan Joanna Newsom. „Það hafa margir flottir listamenn verið viðloðandi þessa stofnun í gegnum tíðina. Hljómsveitin Deerhoof spratt meðal annars upp úr umhverfinu í kringum Mills og svo er Fred Frith yfir tónlistardeildinni og verður prófessorinn minn.“

Úlfur er menntaður í klassískri tónlist við Listaháskóla Íslands. Í mars kom út fyrsta sólóplata hans á heimsvísu og ber hún nafnið White Mountain. Platan hefur hlotið mikla athygli og hafa blaðamenn tímaritsins Spin Magazine og tónlistarvefsíðunnar Pitchfork.com farið fögrum orðum um hana.

Hann segir raftónlistaráhugann hafa fylgt sér frá barnsaldri. „Ég hef haft áhuga á raftónlist frá því að ég var lítill og bakgrunnur minn liggur í klassískri tónlist með áherslu á raftónlist.“ Spurður út í framtíðaráformin segir Úlfur þau óráðin en telur líklegt að fjölskyldan dvelji áfram í Bandaríkjunum bjóðist það. „Annars gætum við alveg eins endað í annarri heimsálfu. Hver veit.“ **sara@frettabladid.is**



**SPENNTUR** Úlfur Hansson flytur til Bandaríkjanna ásamt fjölskyldu sinni í haust. Þar mun hann leggja stund á meistaranám í raftónlist við Mills College. MYND/IONA SJÖFN HUNTINGDON-WILLIAMS

## Fyrrverandi stúlknaskóli

Mills College er lista- og tækniháskóli í San Francisco. Skólinn var stofnaður árið 1852 og var þá stúlknaskóli, sá eini vestur af Rocky-fjallgarðinum. Árið 2011 var Mills í fimmta sæti U.S. News & World Report-listans yfir bestu háskóla í vestanverðum Bandaríkjunum. Tónlistardeild skólans þykir að auki ein sú framsæknasta í heimi.



# Fulltrúi Metal Hammer dæmir

Sex erlendir blaðamenn mæta á Wacken-hljómsveitakeppnina í Eldborg.

Sex erlendir blaðamenn frá mörgum af virtustu þungarokkstímaritum heims verða gestir á hljómsveitakeppninni Wacken Metal Battle sem verður haldin í Eldborg í Hörpu á laugardagskvöld. Blaðamennirnir koma frá tímaritunum Metal Hammer, Terrorizer, Brave Words, Loud Magazine, Devilution og Scream Magazine. Einnig mæta á svæðið fulltrúar útgáfufyrirtækisins Season of Mist og norsku tónlistarhátíðarinnar Inferno. Þessir aðilar verða í dómnefnd keppninnar ásamt hópi íslenskra tónlistarsérfræðinga.

Sérstakir gestir þetta kvöld verða rokkararnir í Skálmöld og verður þetta í fyrsta sinn sem þeir spila í Eldborg. Sigursveitin frá því í fyrra, Gone Postal, stígur einnig á svið, ásamt hinni efnilegu Trust the Lies.

Hljómsveitirnar sem taka þátt í keppninni í ár eru In the Company of Men, Moldun, Abacination, Azoic, Ophidian I og Blood Feud.

Sigurvegarinn kemur fram á tónlistarhátíðinni Wacken Open Air í Norður-Þýskalandi. Þetta verður í fimmta sinn sem undankeppnin er haldin á Íslandi.



**GONE POSTAL** Rokkararnir í Gone Postal spila á Wackenkvöldinu á laugardaginn.

Hljómsveitin sem vinnur lokakeppnina í Þýskalandi fær útgáfusamning við Nuclear Blast Records, hljóðfæri og græjur. Nánari upplýsingar um keppnina í Eldborg má finna á metal-battle.com og á facebook.com/wackenmetalbattleiceland.



Yfir 60 sýningar uppseldar!
„Alger þrusa...ég man varla eftir annarri eins veislu fyrir augu og eyru á íslensku leiksviði“ - SV, Mbl
„Áhorfendur tókust á loft að loknu hverju atriðinu á fætur öðru, blístruðu - görguðu bókstaflega - af hrifningu“ - BS, pressan.is
„Sýningin er án efa með þeim allra flottustu sem settar hafa verið upp hér á landi. Bravó!“ - MLÞ, Fréttatíminn
„Ævintýraleg uppfærsla og stórfengleg upplifun þar sem öllum töfrum leikhússins er beitt“ - EB, Fbl
„Það flottasta sem ég hef séð á íslensku leiksviði“ - POH, Djöflaeyjan, RÚV
BORGARLEIKHÚSIÐ
í samstarfi við
ÍSLENSKA DANSFLOKKINN
kynnir nýja uppsetningu á söngleik
DISNEY og CAMERON MACKINTOSH
MARY POPPINS
Byggt á sögum P.L. TRAVERS og kvikmynd frá WALT DISNEY
Tilboð í dag! 200 fyrstu sem kaupa miða á sýningar haustsins fá leikhúskonfekt og glæsilega Mary Poppins leikskrá í kaupbæti!
Mary Poppins á áskriftarverði Allir sem tryggja sér miða á sýningar haustsins fá 2.000 kr. afslátt af áskriftarkorti næsta leikárs!*
Nýjar sýningar í sölu í dag kl. 10!
Nú loks er aftur hægt að fá miða á þessa ævintýralegu sýningu
fös. 6/9 kl. 19
lau. 7/9 kl. 19
sun. 8/9 kl. 15
fim. 12/9 kl. 19
fös. 13/9 kl. 19
lau. 14/9 kl. 19
sun. 15/9 kl. 15
fim. 19/9 kl. 19
fös. 20/9 kl. 19
lau. 21/9 kl. 19
Íslandsbanki
íd Íslenski dansflokkurinn
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið
*Tilboðið rennur út 1. júní og gildir ekki með öðrum áskriftartilboðum.
FÍTON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Aðalnúmerið í Berlín

**Björk Guðmundsdóttir** verður aðalnúmerið á Berlínarfestivalinu sem haldið verður á hinum sögulega Tempelhof-flugvelli dagana 6.-7. september. Þetta verða síðustu tónleikar í Biophilia-tónleikaferðalagi Bjarkar, en meðal þeirra sem troða upp á Berlínarhátíðinni má nefna Blur, My Bloody Valentine og Pet Shop Boys. **- kh**



### Stjörnuþyrping í Hlíðarfjalli

Fjallshlíðarnar ofan Akureyrar voru svo sannarlega iðandi af lífi um páskahelgina, enda veðrið með besta móti og skíðafærið eftir því. Langar biðraðir mynduðust við skíða- og snjóbrettaleigu Hlíðarfjalls og þurftu margir að láta sér nægja að rölta um skíðasvæðin, þar sem leigubúnaður var fljótur að klárast. Meðal þeirra sem skemmtu sér á skíðum til að fagna frelsarafríinu voru leikkonurnar Hrefna Hallgrímsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir, betur þekktar sem Skoppa og Skrítla, **Jónsi í Svörtum fötum**, Akureyrarmærin og Gettu betur-stjarnan Edda Hermannsdóttir og fréttamaðurinn Heiðar Örn Sigurfinnsson. Þá létu vinkonurnar **Agnes Bragadóttir,** blaðakona á Morgunblaðinu, og Bryndís Schram ekki sitt eftir liggja í bruni niður hlíðarnar. **- sv**



### Mest lesið vísir

1 Endaði upp á spítala eftir píptest
2 Hóta að kveikja á kjarnaklújufum
3 Tom Cruise gat ekki beðið eftir því að koma til Íslands
4 Vilja að fjöldamorðinginn verði dæmdur til dauða
5 Vilja nota Airbus á Reykjavíkurflugvelli


MEISTARATAKTAR




Áhrifamikil frásögn af óþrjótandi ást, hugrekki og gæsku

JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*






www.sminor.is

Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrist í henni. Þessi uppþvottavél er í **ecoPLUS**-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki. Og sigurgangan heldur áfram. Í maí 2012 lenti vélin einnig í 1. sæti hjá danska neytendablaðinu Tænk.
**Einnig fáanleg í stáli.*

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum. Umboðsmenn um allt land.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is